GEORG KÁRI HILMARSSON

*Amma og afi ekki sátt við stóru gleraugun*

tíska heimili heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




VINNUVÉLAR

*Strætó er fluttur í Árbæinn*

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. janúar 2008 — 30. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Lifir eins og blómi í eggi



Guðrún Jónsdóttir, talsmaður Stígamóta, var valin Ljósberi ársins 2007 fyrir baráttu gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu.

TÍMAMÓT 20

### Málið ekki dautt

„Nú hefur Mannréttindanefnd SÞ úrskurðað, að þessi mismunun er mannréttindabrot," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 18

### Sænska leiðin hjá HSÍ?



Sænska handboltagoðsögnin Magnus Andersson kemur til greina sem arftaki Alfreðs Gíslasonar.

ÍÞRÓTTIR 38

### Heiðra Eagles



Stórskotalið söngvara kemur fram á tónleikum til heiðurs hljómsveitinni The Eagles.

FÓLK 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST** - Í dag verða norðan 10-20 m/s, hvassast við suðausturströndina. Snjókoma eða él en bjart með suðurströndinni. Frost 0-10 stig, mildast með ströndum syðra.

VEÐUR 4

# Samfylking í mikilli sókn

**Hverfandi munur er á fylgi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkur fengi 24 þingmenn, Samfylking 23, Vinstri græn tíu og Framsóknarflokkur sex.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Ekki er marktækur munur á fylgi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

36,7 prósent segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en 34,8 prósent segjast myndu kjósa Samfylkingu og hefur fylgi Samfylkingarinnar ekki verið meira í könnunum blaðsins síðan í febrúar 2005 þegar 35,2 prósent studdu flokkinn. Fylgi Sjálfstæðisflokksins dregst saman um 3,5 prósentustig frá síðustu könnun blaðsins í lok september á síðasta ári, en er nánast það sama og í síðustu kosningum. Fylgi Samfylkingar eykst um fimm prósentustig frá síðustu könnun og um átta prósentustig frá kosningunum 2007.

Samkvæmt þessu myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá 24 þingmenn, einum færri en hann hefur nú. Samfylking fengi 23 þingmenn, fimm þingmönnum fleiri en hún hefur nú.

15,4 prósent segjast myndu kjósa Vinstri græn, og fengi flokkurinn því tíu þingmenn, einum fleiri en komu í þeirra hlut í alþingiskosningunum 2007. Fylgi flokksins nú er rúmu prósentustigi minna en í síðustu könnun blaðsins og rúmu prósentustigi meira en í síðustu alþingiskosningum.

Þá segjast 8,9 prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn. Þingmenn flokksins yrðu því sex, einum færri en nú er. Það er nánast sama fylgi og í síðustu könnun blaðsins, en tæpum þremur prósentustigum minna en í síðustu kosningum.

3,6 prósent segjast myndu kjósa Frjálslynda flokkinn og ef tekið er tillit til fimm prósent reglunnar, sem segir að framboð fái ekki úthlutað jöfnunarmanni, sé kjörfylgi þeirra undir fimm prósent, fengi flokkurinn engan þingmann kjörinn, en hafa nú fjóra. Fylgi Frjálslyndra er nánast það sama og í síðustu könnun blaðsins og tæpum fjórum prósentustigum minna en í alþingiskosningunum síðasta vor.

- ss/ sjá síðu 4

### FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til kosninga nú?

Skoðanakönnun Fréttablaðsins 30. jan. – fjöldi þingmanna og fylgi (%)




| B | D | F | S | V |
|---|---|---|---|---|
| 8,9% | 36,7% | 3,6% | 34,8% | 15,4% |



**ÖSKUNNI DREIFT** Nilamben Parikh, barnabarnabarn Mohandas Karamchand Gandhi, dreifir ösku hans í Indlandshaf við strönd Mumbai í gær. Tilefnið er að í gær voru sextíu ár liðin frá morðinu á Gandhi, sem leiddi friðsamlega baráttu Indverja fyrir sjálfstæði frá Bretum á sínum tíma.

NORDICPHOTOS/AFP

Kaupþing hætt við risakaup:

# Forstjóri NIBC sagði upp í gær

**VIÐSKIPTI** „Þetta var skynsamleg ákvörðun í ljósi aðstæðna," segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, en bankinn greindi frá því í gær að hætt hefði verið við yfirtöku á hollenska bankanum NIBC.



MICHAEL ENTHOVEN

Yfirtakan, sem staðið hefur fyrir dyrum frá miðju síðasta ári, hefði orðið stærsta yfirtaka Íslandssögunnar hefði hún gengið í gegn.

Michael Enthoven, forstjóri NIBC, og Jörgen Stegman, framkvæmdastjóri áhættustýringar, sögðu upp í kjölfarið eftir að fjórðungsuppgjör bankans lá fyrir. Hagnaður nam 26 milljónum evra, 2,5 milljörðum króna, sem er 46 prósenta samdráttur á milli ára.

- jab / sjá síðu 16

Ýktu fjölda námseininga og fengu því hærri framlög frá ríkinu en þeim bar:

# Tveir skólameistarar áminntir

**MENNTAMÁL** Skólameistarar Iðnskólans í Reykjavík og Fjölbrautaskólans við Ármúla hafa verið áminntir fyrir að oftelja þær einingar sem nemendur skólanna luku. Vegna oftalningarinnar fengu skólarnir milljónum króna hærri framlög frá ríkinu, en aðrir skólar að sama skapi minna.

Að auki fengu skólameistarar þriggja annarra framhaldsskóla tiltal vegna sambærilegra mála.

„Menntamálaráðuneytið er með þessu að sinna sínu eftirlitshlutverki," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Gísli Ragnarsson, skólameistari FÁ, og Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans, segjast ekki líta svo á að málinu sé lokið. Þeir hafa sent menntamálaráðuneytinu bréf og bíða svars.

Framhaldsskólar fá greitt fyrir hverja einingu sem nemendur ljúka með prófi. Upphæðin sem er til skiptanna deilist niður á alla skóla. Ýki skólameistarar tölur hjá sér fá þeirra skólar hærri upphæðir á kostnað annarra skóla.

Þorgerður Katrín vill ekki upplýsa um nákvæmar upphæðir sem skólarnir fimm fengu umfram það sem þeir áttu rétt á, en sagði það hlaupa á milljónum króna. Hún segir ekki búið að ákveða hvort skólarnir þurfi að endurgreiða ofgreidd framlög.

- bj / sjá síðu 6









**SPURNING DAGSINS**



*Sigurgeir, fór afmælisveislan slysalaust fram?*

„Já, hún tókst vel í alla staði og lauk farsællega.“

Slysavarnafélagið Landsbjörg efndi til afmælisveislu á þriðjudag í tilefni af því að 80 ár voru liðin var stofnun Slysavarnarfélags Íslands. Sigurgeir Guðmundsson er formaður Landsbjargar.

Beðið með aðgerðir til að efla félagslegan þátt húsnæðislánakerfisins:

# Aðgerðir í salt vegna óvissu

**STJÓRNMÁL** Óvissa á vinnumarkaði og órói á fjármálamörkuðum eru ástæður þess að enn hafa tillögur nefndar félagsmálaráðherra um eflingu félagslegs þáttar húsnæðislánakerfisins ekki verið kynntar.

Nefndin var skipuð í lok ágúst og átti upphaflega að skila áliti og tillögum til ráðherra fyrir 1. nóvember á síðasta ári. Verkið tafðist nokkuð þar sem upplýsingaöflun reyndist tímafrekari en talið var. Nokkuð er um liðið síðan því lauk og hefur málið verið kynnt í ríkisstjórn. Þar varð úr að fresta aðgerðum, bæði vegna óljósrar stöðu um framvindu kjaraviðræðna sem og vegna ástands á fjármálamörkuðum.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS** Aðgerðir á húsnæðismarkaði verða fyrst kynntar þegar ró hefur færst yfir fjármálamarkaði og hyllir undir gerð kjarasamninga.

Meðan svo háttar til hefur tíminn verið nýttur til frekari úrvinnslu málsins, meðal annars með viðræðum félagsmálaráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga um útfærslu hækkunar húsaleigubóta.

Fréttablaðið hefur greint frá því að nefnd ráðherra leggur meðal annars til að tekinn verði upp nýr lánaflokkur fyrir kaupendur undir ákveðnum tekju- og eignamörkum og kaupendur fyrstu eignar fái skattaívilnanir og vaxtabótaauka, auk þess sem stimpilgjöld verði felld niður og lántökukostnaður verði föst fjárhæð. **- bþs**

Flugið dregur Eimskip niður:

## Tap upp á 865 milljónir króna

**VIÐSKIPTI Tap Eimskipafélagsins á nýliðnu ári nemur 9,1 milljón evra, eða tæpum 865 milljónum króna. Viðsnúningurinn er mikill frá fyrra ári þegar félagið hagnaðist um 64,1 milljón evra, eða rúma 6 milljarða króna.**

**Tap félagsins 2007 nemur sem svarar 28,5 aurum á hlut, meðan hagnaður ársins áður nam 3,5 krónum á hlut.**

**Velta Eimskips hefur hins vegar þrefaldast milli ára og skilaði undirliggjandi starfsemi 900 milljónum króna í fyrra. Tap félagsins er til komið af flugrekstri þess, sem nú hefur allur verið seldur frá félaginu. - óká**

Skýrslu um Kárahnjúka beðið:

## Stóð á gögnum frá Landsvirkjun

**ALÞINGI** Tregða Landsvirkjunar til að veita iðnaðarráðuneytinu upplýsingar hefur tafið skýrslugerð um kostnað við gerð Kárahnjúkavirkjunar.



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

Álfheiður Ingadóttir og aðrir þingmenn VG óskuðu eftir skýrslunni og eru fimm vikur liðnar – þingsköpum samkvæmt – síðan hana átti að leggja fyrir þingið.

Á Alþingi í gær rukkaði Álfheiður Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra um ástæður tafanna sem sagði þær stafa af því að Landsvirkjun hefði fyrst afhent ráðuneytinu nauðsynleg gögn í síðustu viku „eftir töluvert harðan og þrýstingsmikinn eftirrekstur“. **- bþs**

Tveir ungir ógæfumenn teknir:

## Frömdu rán í Atlantsolíu

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir síðdegis í gær eftir rán í dælustöð Atlantsolíu við Kópavogsbraut. Þeir réðust inn í afgreiðsluna um klukkan þrjú, hótuðu afgreiðslustúlku og höfðu um fjörutíu þúsund krónur á brott með sér. Þeir voru í annarlegu ástandi og huldu ekki andlit sitt. Ekki liggur fyrir hvort þeir voru vopnaðir.**

**Ræningjarnir fundust skömmu síðar eftir að tilkynning barst um annarlegt háttalag ökumanns. Ræningjarnir eru tæplega tvítugir og hafa báðir komið margoft við sögu lögreglu fyrir ýmiss konar afbrot. Allur ránsfengurinn fannst. - sh**

# Allar innlendar kjötvörur hækka í verði

**Búist er við verðhækkunum á öllum kjötvörum, eggjum og mjólk. Þær skýrast af áburðar- og fóðurverði. Óttast er að kjarasamningar kalli á enn frekari hækkanir. Smásalar krefjast aukins innflutnings landbúnaðarvara.**

**NEYTENDAMÁL** „Þetta lítur bara alls ekki vel út. Þetta þýðir ekki nema eitt. Það eru hækkanir í pípunum,“ segir Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Krónunnar.

Áburðarverð hefur hækkað um allt að 80 prósent. Eins hefur kjarnfóður hækkað í verði. Þetta hefur áhrif til verðhækkana, hvort sem um er að ræða svína- og kjúklingarækt eða kinda- og kúabúskap.

„Þetta sýnir bara að þetta er mjög alvarlegt mál,“ segir Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna.

Eiríkur bendir á að framleiðslukostnaður á hvert kíló af lambakjöti nemi nú um 350 krónum. „Bara þessi hækkun á áburðinum mun væntanlega þýða 50 til 60 krónu hækkun á framleiðslukostnaðinum,“ segir Eiríkur.

„Menn segja þetta núna en svo verður markaðurinn að skera úr um hvernig þetta verður næsta haust,“ segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss. Henn bendir á að framboð kunni að verða meira í haust en síðasta haust, meðal annars þar sem útflutningsskyldu hafi verið létt af lambakjötsframleiðslunni.

Eysteinn Helgason bendir á að verð á matvælum fari hækkandi víða í heimi. Þegar séu komnar fram hækkanir á vörum eins og sykri og hveiti.

„Við erum ekki búin að ákveða neitt að svo stöddu, en það verða hækkanir,“ segir Gunnar Gíslason, stjórnarmaður í Síld og fiski, sem framleiðir mikið af unnum kjötvörum og áleggi. „Svo eru launahækkanir í farvatninu. Við bíðum eftir þeim.“



**VÖRURNAR Í KJÖTBORÐINU** Verðið á kjötvörum, nýjum sem unnum, gæti tekið stökk upp á við á næstu vikum. Verð á áburði og kjarnfóðri hefur hækkað. Þá kynnu launahækkanir í matvælaiðnaði að fela í sér hækkanir. Myndin er úr safni

Helga Lára Hólm, framkvæmdastjóri Ísfugls, óttast að hækkanir séu framundan. „Verði frekari hækkanir á fóðri, er ljóst að við verðum að hækka þar sem framleiðendur sem við skiptum við ná vart endum saman án hækkana.

„Menn hafa klárlega miklar áhyggjur af þessari þróun. Fóðrið er langstærsti kostnaðarliðurinn,“ segir Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda.

Guðbjörg Jónsdóttir kúabóndi hefur áður bent á að hækkanir á fóðri auki kostnað í þeim geira.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, bendir á að egg hafi þegar hækkað um tíu prósent í verði og tólf prósenta hækkun á kjúlingaverði séu boðaðar.

Guðmundur Marteinsson hjá Bónus kallar á aukinn innflutning. „Við munum setja þrýsting á stjórnvöld um að innflutningur verði leyfður í meira mæli. Höft verði rýmkuð á innflutningi á ostum, eggjum, nauta-, kjúklinga- og svínakjöti.“

**ingimar@frettabladid.is**



**VEGATÁLMI RUDDUR** Lögreglumaður í Kenía greiðir fyrir umferðinni.

Ekkert lát á átökum í Kenía:

## Annan segir ár í að lausn fáist

**KENÍA, AP** Ekkert lát er á átökunum í Kenía. Kikuyu-menn urðu fyrir hörðum árásum í Rift-dalnum og hörð átök voru einnig í fátækrahverfum höfuðborgarinnar Naíróbí.

Jendayi Frazer, erindreki Bandaríkjanna í Afríku, sagði í gær að átökin í Rift-dalnum í Kenía hlytu að teljast þjóðarmorð. Talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins dró þó í land með þau ummæli síðar í gær.

Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sem reynir að miðla málum í Kenía, segir að það muni taka í það minnsta ár að ná samkomulagi um lausn á deilum um úrslit forsetakosninganna, sem haldnar voru í lok síðasta árs. **- gb**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Bílvelta á Vesturlandsvegi**

Ökumaður velti pallbíl þegar hann missti stjórn á bíl sínum í mikilli hálku á móts við bæinn Læk við Vesturlandsveg í gær. Ökumaður slasaðist og var fluttur á sjúkrahúsið á Akranesi. Bíllinn er ónýtur.




Tilraun til að ná sex kindum úr Ólafsvíkurenni mistókst:

# Björgunarmaður átti fótum fjör að launa undan snjóflóði

**LANDBÚNAÐUR** „Það féll snjóflóð og stefndi á einn okkar sem gat forðað sér undan á hlaupum. Þá hættum við,“ segir Heimir Þór Ívarsson, íbúi í Ólafsvík. Hann fór ásamt tveimur öðrum upp í Ólafsvíkurenni í gær til að reyna að bjarga sex kindum sem halda sig á syllum í Enninu. Þar hafa þær verið frá því í haust en ekki tekist að ná þeim því þær eru eldstyggar. Syllurnar eru huldar klaka og snjó og spáð er norðanhvelli.

Mennirnir þrír fóru upp á beltafjórhjóli, öðru venjulegu fjórhjóli og snjósleða. Þeir ætluðu að freista þess að koma kindunum niður úr fjallinu.

„Ég seig í spilinu á öðru fjórhjólinu niður gil og annar félaga minna kom á móti mér, þar sem við ætluðum að reyna að passa að kindurnar tækju ekki strikið í burtu. En þá fór snjóflóð á stað undan mér og stefndi á félaga minn. Hann gat forðað sér á hlaupum,“ segir Heimir Þór.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær voru kindurnar upphaflega sjö en ein er nú dauð. Talið er líklegt að hún hafi hrapað til bana, því syllurnar eru glerhálar, að sögn Heimis Þórs.

Þeim félögum tókst í gær að koma kindunum úr norðanverðu Enninu sunnanmegin í það, þannig að þær fá nú meira skjól fyrir norðanáttinni. **- jss**



**FLÓTTAKINDURNAR** Kindurnar sex í Ólafsvíkurenni eru komnar með klakadröngla í ullina. Þessi mynd var tekin af þeim í gær.

Fíton/SÍA

# Útsala



## Götumarkaður

Nú eru síðustu dagar útsölunnar og verðin fara stöðugt lækkandi. Komdu og gerðu stórkostleg kaup á götumarkaðinum.

**Opið til 21 í kvöld**

OPIÐ FRÁ 13 TIL 18 Á SUNNUDÖGUM

**Mán til mið** 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18

www.kringlan.is / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## GENGIÐ 30.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,18 | 64,48 |
| Sterlingspund | 127,9 | 128,52 |
| Evra | 95,02 | 95,56 |
| Dönsk króna | 12,748 | 12,822 |
| Norsk króna | 11,795 | 11,865 |
| Sænsk króna | 10,053 | 10,111 |
| Japanskt jen | 0,6 | 0,6036 |
| SDR | 102,08 | 102,68 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,0678

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Íslands ræðir um skopmyndamálið fræga á sjónvarpsstöð araba:

# Hjólað í Ólaf Ragnar á Al Jazeera

**UTANRÍKISMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, bar blak af skopmyndateiknurum danska blaðsins Jyllandsposten í hálftíma viðtalsþætti sem sýndur verður á arabísku sjónvarpsstöðinni Al Jazeera á laugardag. Þátturinn var tekinn upp í höfuðstöðvum Al Jazeera í Doha í Katar, við lok opinberrar heimsóknar forsetans þar í síðustu viku.

Í viðtalinu var Ólafur spurður nokkuð erfiðra spurninga. „Þeir eru nú ekkert að skafa utan af því á þessari stöð," segir Örnólfur Thorsson forsetaritari sem var með í för. „Þeir fara ekkert í neina kurteisisleiki heldur bara hjóla í menn."



**Í VIÐTALINU** Saumað var að forsetanum í viðtalinu, en hann þykir þó hafa komist vel frá öllu saman. MYND / ÁRNI SIGURJÓNSSON

Forsetinn var meðal annars spurður um deilurnar um skopmyndir Jyllandsposten af Múhameð spámanni og mótmæli múslima gegn þeim. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins svaraði hann því til að spaug sem þetta væri hluti af menningu Vesturlanda og að hann hefði sjálfur margoft orðið skotspónn þess.

Aðrar spurningar sneru að loftslagsbreytingum, framboði Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, stöðu Ísraels og Palestínu og samvinnu smáríkja.

Al Jazeera, sem er ein áhrifaríkasta sjónvarpsstöð veraldar, átti frumkvæðið að viðtalinu. Það verður sent út á laugardaginn klukkan tvö að íslenskum tíma. - sh

Steingrímur J. Sigfússon:

## Bíðum eftir að sykurhúðin fari

„Þetta er ágætt, við erum sátt við þetta," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. „Við höfum verið að



mælast frá rúmu kjörfylgi og upp í sextán prósent í könnunum sem er prýðilegt. Ríkisstjórnin hefur verið að lifa sína hveitibrauðsdaga, en ég held að við eigum mikið inni þegar fer að reyna á hana og sykurhúðin fer af." - sþs

# Sjötíu prósent styðja núverandi ríkisstjórn

**Nærri sjö af hverjum tíu segjast styðja núverandi ríkisstjórn, aðeins færri en samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna. 94 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins styðja stjórnina og 82 prósent kjósenda Samfylkingar.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 68,5 prósent segjast nú styðja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þar af er stuðningurinn mestur meðal kjósenda landsbyggðarinnar, 75,4 prósent, á meðan stuðningur meðal kjósenda höfuðborgarinnar er 57,8 prósent. Þá styðja 71,8 prósent karla ríkisstjórnina, en 65,1 prósent kvenna.

Mestur er stuðningurinn meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks, 94,1 og Samfylkingar, 82,0 prósent. Meðal kjósenda annarra flokka er meirihlutinn andvígur stjórninni. Þannig eru 59,5 prósent kjósenda Framsóknarflokks andvígir stjórninni, 82,4 prósent kjósenda Frjálsynda flokksins og 64,8 prósent kjósenda Vinstri grænna.

Af þeim sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa er stuðningurinn 54,5 prósent

Samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna er 71,5 prósent, aðeins meira en stuðningur við ríkisstjórnina. 34,8 prósent segjast myndu kjósa Samfylkingu og 36,7 prósent styðja Sjálfstæðisflokk. Er munurinn á flokkunum innan skekkjumarka, en marktækur munur er á fylgi annarra flokka.

Væri þetta niðurstaða kosninga fengi Samfylking 23 þingmenn kjörna, en Sjálfstæðisflokkur 24.

Ef miðað er við síðustu könnun blaðsins, 29. september 2007, missir Sjálfstæðisflokkur fylgi meðal kvenna, rúm átta prósentustig og tæp níu prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma bætir Samfylking við sig rúmum sex prósentustigum meðal karla og tæpum tíu prósentustigum á höfuðborgarsvæðinu.




8,9 prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn nú. Ef miðað er við síðustu könnun eru helstu breytingar þær að fylgið dregst saman um rúm tíu prósentustig á landsbyggðinni, en eykst um tæp tíu prósentustig á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgi Vinstri grænna er nú 15,4 prósent og dregst saman um rúm fimm prósentustig meðal karla, en eykst um rúm fjögur prósentustig meðal kvenna. Engin breyting er á fylgi eftir búsetu.

Þá segjast 3,6 prósent myndu kjósa Frjálslynda flokkinn og dregst fylgið saman um tvö prósentustig meðal kvenna og rúm prósentustig á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri miðvikudaginn 29. janúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var; Hvaða flokk myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú? 65,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Einnig var spurt; Styður þú núverandi ríkisstjórn? 86,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Ef tekið er tillit til allra svara voru 20,5 prósent óákveðin, 6,5 prósent sögðust ekki myndu kjósa, eða skila auðu og 7,3 prósent neituðu að svara.

svanborg@frettabladid.is

Ágúst Ólafur Ágústsson:

## Átökin í Reykjavík hafa áhrif

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir stöðu flokksins miðað



við könnunina augljóslega mjög góða. „Ég held að átökin í Reykjavík hafi haft sín áhrif," segir hann. „Flokksstarfið hefur líka verið mjög öflugt síðustu mánuði og það er greinilega að skila sér. Þetta sýnir bara að flokkurinn stendur styrkum stoðum.

Þetta er líka gríðarlegur stuðningur við ríkisstjórnina og sýnir að hún er mjög vinsæl. Það er augljóst að hún er að gera eitthvað rétt. Það eru ekki margar ríkisstjórnir sem eru með sjötíu prósenta stuðning, ef litið er til Evrópu." - sh

Arnbjörg Sveinsdóttir:

## Borgarumræða hafði lítil áhrif

**„Fyrir okkar hönd er ég býsna ánægð með þennan árangur," segir Arnbjörg Sveinsdóttir,**



**þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. „Ég held að þetta sýni að neikvæð umfjöllun í fjölmiðlum um borgarmálefnin undanfarna daga hefur ekki haft það mikil áhrif á okkur. Við getum verið sátt með þetta."** - sþs

Guðni Ágústsson:

## Ætla að endurreisa flokkinn

**„Þetta er svipuð tala sem við erum að fá og oft áður, en hún er auðvitað of lág," segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. „Þetta er nákvæmlega**



**talan sem við ætlum að tvöfalda á næstu þremur árum, upp í átján prósent. Það munum við gera af bjartsýni og trú – endurreisa Framsóknarflokkinn – því ég tel að við eigum mikið í þeim óákveðnu.**

**Þannig að þetta gefur mér, miðað við það sem hefur gerst síðustu vikur, von til þess að það rísi fljótlega samstaða meðal okkar framsóknarmanna á ný. Og ég sé að vinsældir ríkisstjórnarinnar eru á fallanda fæti."** - sh

Guðjón Arnar Kristjánsson:

## Lækka oft á milli kosninga

„Við hefðum gjarnan viljað mælast betur," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „En við mælumst oft niður milli kosninga og náum



okkur svo upp. Við höldum bara áfram okkar vinnu og treystum á að menn meti okkar vinnu og verk og stabílítet þegar fram í sækir. Þá kemur það mér satt að segja á óvart hvað það virðist alltaf vera mikill stuðningur við ríkisstjórnina."

Hann segir að vera kunni að hræringarnar í borgarstjórn hafi haft áhrif á fylgi flokksins. „Það getur verið, þótt við séum ekki beinir aðilar að því. Ég kann ekki frá því að segja." - sh




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR Á SUNNUDAG**

**Hann er orðinn nokkuð langvinnur þessi kuldakafli sem verið hefur og nær hann hámarki á laugardag með allt að 20 stiga frosti á hálendi landsins. Á sunnudag snýst hann hins vegar í allhvassa eða hvassa austanátt og þá hlýnar nokkuð, einkum með suður-ströndinni. Má reikna með að þar verði 2ja til 4ra stiga hiti með slyddu eða rigningu einkum úti við strönd-ina.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Norðan strekkingur. Hálfskýjað og þurrt. Frost 2-6 stig.**

*um hádegi »*



*» á morgun*



10-15 m/s úti við austurströndina annars 5-10 m/s

*» laugardagur*



8-15 m/s úti við strendurnar.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C alskýjað | London | 9°C rigning | Friedrichshafen | 2°C léttskýjað |
| Billund | 4°C rigning | París | 7°C alskýjað | Lúxemborg | 5°C léttskýjað |
| Osló | 4 °C rigning | Amsterdam | 7°C rigning | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C alskýjað | Róm | 12°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 4°C skúrir | Berlín | 4°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# NÝR STAÐALL Í MÁLNINGU

**Mjög auðvelt að þvo kaffi- og rauðvínsbletti, tómatsósu og önnur erfið efni af þessari einstöku málningu.**

**Sparnaður - því það þarf aðeins tvær umferðir yfir hvaða lit sem er**

Slitsterk

Auðveld að þrífa

Blettaþolin

## Hvað er LADY EASY CLEAN?

- Málning í allra hæsta gæðaflokki
- Málning sem þekur í tveimur umferðum
- Án allra leysiefna
- Viðurkennd af asma og ofnæmissamtökum Norðurlanda
- Með einstaka þvottheldni
- Þegar aðeins það besta er nógu gott

**Lady Easy Clean**
3 ltr.
7122045
**3.795** ~~4.745~~

**Lady Easy Clean**
1 ltr.
7122040
**1.475** ~~1.845~~

**Umhverfisvottuð með Græna svaninn og Evrópublómið**

# GÓÐ MÁLNING
# Á BETRA VERÐI

**Sniðug vara**



**595**

**Fuga Fresca**
Frískar upp á litinn á fúgunni og hægt er að lita hana
8411810-6




**Einangrunargrunnur**
Einangrar m.a. gegnumblæðingu á nikótíni, sóti, túss og öðrum erfiðum efnum, 3 ltr
7117413
**3.499** ~~4.425~~

**3.399** ~~4.525~~




**Panellakk**
hvítt, til að hvítta timbur, 3 ltr
7118531

**1.499** ~~8.475~~

**10 ltr**
7207040-6




**Meðan birgðir endast**

**699** ~~2.775~~

**3 ltr**
7207020-39

**Innimálning**
á loft og veggi, gljástig 5

**2.999**




**Veggmálning**
Gljástig 7, beinhvít, 10 ltr
7119800

**50% afsláttur**



**Rúllusett**
**Anza**, 23 sm
7014821
**699** ~~1.399~~

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að þingfundum verði útvarpað?*

| | |
|---|---|
| Já | 38% |
| Nei | 62% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Borðar þú súrmat?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Formaður Rafiðnaðarsambandsins segir aðeins rætt við Starfsgreinasambandið:

# Bíða með samninga til hausts

**VINNUMARKAÐUR** Rafiðnaðarmenn ætla að bíða með gerð kjarasamnings fram á haustið þegar fleiri samningar rafiðnaðarmanna losna. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að þetta hafi verið tilkynnt Samtökum atvinnulífsins. „Við bíðum eftir þeim og sláum því öllu saman á frest,“ segir hann.

„Það er ekki haldinn samningafundur, okkur er ekki sýnd sú kurteisi að talað sé við okkur. Og við erum ekki þeir einu. Það er bara talað við eitt samband og það er Starfsgreinasambandið,“ segir Guðmundur.

Engin stórtíðindi áttu sér stað á samningafundi atvinnurekenda, Starfsgreinasambandsins, SGS, og Flóabandalagsins í gær. Enn er rætt um samning til eins árs sem framlengist um tvö ár að ákveðnum kaupmáttar- og verðbólguforsendum uppfylltum og er verið að þreifa sig áfram með það hver viðmiðin verða. Næsti fundur verður á föstudaginn.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segist reikna með að strax eftir helgi verði keyrt þétt á samninga og menn láti reyna á það hvort náist saman eða ekki.

„Mín skoðun er sú að það eigi að láta reyna á þetta, hvort leiðir skilji eða hvort gengið verði frá samningum,“ segir hann. „Samningarnir runnu út 1. janúar. Það er mín persónulega skoðun að það sé algjör grunnforsenda að samningarnir verði látnir gilda frá því þeir runnu út.“ - ghs



**EKKI SÝND KURTEISI** „Okkur er ekki sýnd sú kurteisi að tala við okkur,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins.

Móðirin flutt á sjúkrahús:

# Ungbarn slapp vel í bílveltu

**KÓPASKER Tíu mánaða gamalt barn slapp vel þegar ung móðir þess velti jeppabifreið við Kópasker um klukkan sjö á þriðjudagskvöldið. Valt bifreiðin eina veltu í aflíðandi beygju stuttu áður en komið er að Kópaskeri.**

**Kvartaði konan undan eymslum í baki og var hún því flutt með sjúkrabíl á sjúkrahús á Akureyri til aðhlynningar og nánari skoðunar. Ungbarnið var í bílstól og er hann talinn hafa varnað því að barnið hlyti skaða af.**

**Bifreiðin, sem er af Pajero-gerð, er talin ónýt.** - ovd

GOTT FÓLK

DÝRMÆTAR SEKÚNDUR

Það tekur afar stuttan tíma að tryggja sér miða, en miklar líkur eru á að þeim tíma sé vel varið. Síðasta ár gaf af sér 35.695 vinningshafa í Happdrætti Háskólans. Við stefnum að því að þeir verði fleiri á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

# Áminntir fyrir að oftelja nemendur

**Skólameistarar í tveimur framhaldsskólum hafa verið áminntir og þremur til viðbótar veitt tiltal fyrir að ýkja fjölda nemenda sem lokið hafi prófi. Fengu milljónum króna meira til skólastarfsins á kostnað annarra framhaldsskóla.**

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðherra hefur veitt skólameisturum Iðnskólans í Reykjavík (IR) og Fjölbrautaskólans í Ármúla (FÁ) áminningu fyrir að ýkja tölur um fjölda nemenda sem luku prófi frá skólunum. Þetta er í fyrsta skipti sem veittar eru áminningar vegna þess konar brota í starfi.

Skólameisturunum var tilkynnt formlega um áminningarnar í síðustu viku. Á sama tíma var skólameisturum þriggja annarra skóla veitt tiltal vegna sömu saka. Það eru skólameistarar Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Flensborgarskólans og Menntaskólans í Kópavogi.

Allir skólameistararnir munu halda áfram störfum, segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

„Menntamálaráðuneytið er með þessu að sinna sínu eftirlitshlutverki, og það mun færast í aukana. Við erum sammála um það að fara eftir þeim leikreglum sem við búum við til að úthluta fjármunum úr ríkissjóði,“ segir Þorgerður.

Gísli Ragnarsson, skólameistari FÁ, segist ekki líta svo á að málinu sé lokið. Hann og Baldur Gíslason, skólameistari IR, hafi sent ráðuneytinu bréf vegna málsins, og þar til svar berist vilji hann ekki tjá sig frekar um málið. Baldur tók í sama streng þegar leitað var eftir afstöðu hans.

Skólarnir fá greitt fyrir hverja einingu sem nemendur ljúka með prófi samkvæmt reiknilíkani. Skólameistarar hafa gagnrýnt að ekki sé greitt fyrir þann mikla fjölda nemenda sem skrá sig í áfanga en taka ekki próf.

Skólameistarar annarra skóla hafa fylgst vel með þróun þessa máls, enda úthlutað úr einum potti til allra skólanna. Það þýðir að ýki skólameistarar einhverra skóla tölur fá þeir skólar meira fé, og aðrir skólar að sama skapi minna.

Þorgerður Katrín vildi í gær ekki gefa upp hversu háar upphæðir skólarnir hefðu fengið umfram það sem þeir áttu rétt á. Það hlypi þó á milljónum. Spurð hvort skólarnir þyrftu að endurgreiða oftekið fé sagði hún það í skoðun hjá ráðuneytinu.

„Við erum búin að fara vel í gegnum þetta, og í dag er sameiginlegur skilningur um það hvernig eigi að reikna þetta,“ segir Þorgerður Katrín. Það séu reglurnar sem skólameistarar eigi að halda sig við, umræður um breytingar á reiknilíkani verði að eiga á öðrum grundvelli. brjann@frettabladid.is



**IÐNNEMAR** Menntamálaráðherra hefur veitt skólameisturum Iðnskólans í Reykjavík og Fjölbrautaskólans í Ármúla áminningu fyrir að ýkja tölur um fjölda nemenda sem luku prófi frá skólunum. MYNDIN ER ÚR SAFNI.



**GÍSLI RAGNARSSON**



**BALDUR GÍSLASON**

Lögreglan handtók Annþór Karlsson vegna rannsóknar á fíkniefnasmygli:

# Handtaka og húsleit vegna hraðsendingarsmyglsins

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan handtók í gær karlmann á fertugsaldri í tengslum við yfirstandandi rannsókn á stóru fíkniefnamáli. Þetta fékkst staðfest hjá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er sá handtekni Annþór Karlsson, búsettur í Vogum á Vatnsleysuströnd. Lögregla hóf þegar húsleit á heimili hans að lokinni handtöku í gær.

Handtakan tengist rannsókn lögreglu á fíkniefnasmyglsmáli sem kom upp um miðjan nóvember síðastliðinn. Þá lagði Tollgæslan á Suðurnesjum hald á tæp fimm kíló af amfetamíni og 600 grömm af kókaíni sem komu með hraðsendingu til landsins frá Þýskalandi.

Fimm karlmenn voru handteknir nýlega vegna málsins, en tveimur þeirra sleppt að loknum yfirheyrslum. Hinir þrír sitja nú í gæsluvarðhaldi. Það rennur út yfir tveimur þeirra á morgun.

Hinn þriðji, starfsmaður hraðflutningafyrirtækisins sem sendingin kom með, kærði gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum kærði á móti og setti fram kröfu um tveggja vikna gæsluvarðhald, eða til 8 febrúar. Hæstiréttur féllst á það.



**VOGAR** Húsleit var gerð á heimili Annþórs Karlssonar í gær.




OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD

# ÚTSÖLULOK

**FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS**

**GÖTUMARKAÐUR OG EKTA MARKAÐSSTEMNING**

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000



**HÆSTIRÉTTUR** Mál Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum er fyrsta skaðabótamálið vegna samráðsins sem kemur inn á borð Hæstaréttar. Nokkur önnur bótamál bíða þess að verða tekin fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segja engan ávinning af samráðinu

**Lögmenn olíufélaganna sögðu ávinninginn af óumdeildu samráði olíufélaganna fyrir útboð á vegum Reykjavíkurborgar engan. Sérstaða málsins sú að brot olíufélaganna eru upplýst og viðurkennd.**

**DÓMSMÁL** „Grundvallaratriðið er að það varð ekkert tjón,“ sagði Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður og stjórnarformaður Olís, í málflutningi í Hæstarétti vegna skaðabótamáls Reykjavíkurborgar, og fyrirtækja hennar, gegn olíufélögunum Olís, Skeljungi og Keri, áður Olíufélaginu. Héraðsdómur dæmdi olíufélögin til þess að greiða Reykjavíkurborg um 72 milljónir króna í bætur vegna samráðs í desember 13. desember 2006.

Lögmenn olíufélaganna lögðu á það áherslu í málflutningi sínum að þrátt fyrir að samráð fyrir útboð árið 1996 væri óumdeilt þá væri ósannað að það hefði valdið tjóni.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, sagði það einkennilega stöðu að vera að flytja málið í Hæstarétti í byrjun ársins 2008. „Rannsóknin hófst árið 2001 og nú fyrst er þetta komið í Hæstarétt,“ sagði Kristinn og sagði það slæmt fyrir grundvallarálitamálið að ekki væri búið að klára mál olíufélaganna gegn samkeppnisyfirvöldum og íslenska ríkinu. Þau krefjast ógildingar á 1,5 milljarða stjórnvaldssektum vegna samráðs félaganna á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Reykjavíkurborgar, sagði sérstöðu málsins öðru fremur felast í því að brotið væri upplýst. „Samráð félaganna, og skipting framlegðar milli félaganna, er óumdeilt. Þegar svo ber við er sjálfsögð krafa þolanda samráðsins að forsendur sönnunarbyrði breytist, og snúist jafnvel við,“ sagði Vilhjálmur og vitnaði til þess að olíufélögin þyrftu að sanna það að ávinningurinn af samráðinu hefði enginn verið.

Vilhjálmur lagði jafnframt á það áherslu að matsgerðir sem ætlað væri að reikna nákvæmlega út ávinning af samráði olíufélaganna gætu aldrei gefið tæmandi endanlegt svar. „Allt er háð gefnum forsendum og þær geta gefið misvísandi skilaboð.“

Gísli Baldur sagði samráðsmálin hafa lagst þungt á marga starfsmenn olíufélaganna og sagði „dómstóla fjölmiðla“ hafa byggst á villandi og óréttlætanlegri framsetningu samkeppnisyfirvalda á málinu. Hann nefndi engin dæmi í því samhengi. „Það hafa leikið um þjóðina tryllingsstraumar,“ sagði Gísli Baldur og vitnaði til harðra viðbragða hjá almenningi í landinu eftir að samráð olíufélaganna komst upp. Hann sagði það hins vegar af og frá að „eitthvert samráðsástand“ hefði verið viðvarandi þann tíma sem rannsókn samkeppnisyfirvalda hefði náð til. „Alveg af og frá,“ bætti Gísli Baldur við.

Jafnframt sagði hann íslenskt þjóðlíf einkennast af fákeppni, jafnt nú sem fyrr. „Frá því samkeppnislögin tóku gildi 1993 hefur ekkert breyst [...] Hér í fámenninu þrífst fákeppni. Samkeppnisyfirvöld hafa ekki náð neinum árangri.“

Ekki liggur ljóst fyrir hvenær dómur verður kveðinn upp í málinu.

magnush@frettabladid.is




Nú kemur þetta mánaðarlega

Sparisjóðurinn býður nú viðskiptavinum sínum upp á SP12, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlegar vaxtagreiðslur. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laus til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjáls. SP12 er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.

Fíton/SÍA

SPARISJÓÐURINN
www.spar.is

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



BMW X5 3.0i
Nýskr: 12/2005, 3000cc, 5 dyra,
Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 35.000 þ.
Verð: 5.850.000

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

# Enn meiri lækkun

# 20% auka afsláttur

af allri útsölu

Allar útsöluvörur

**200-1600kr.**

| Upphaflegt verð | Verð með 20% auka afslætti |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 200 kr. |
| ~~799~~ kr. | 400 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | 600 kr. |
| ~~1.499-1.699~~ kr. | 800 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.200 kr. |
| ~~2.999-4.999~~ kr. | 1.600 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað, skó og búsáhöld.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð










Heitavatnsskortur á Akranesi kemur illa við sundiðkendur:

# Börnin geta ekki synt án vatns

**AKRANES** Sundiðkendur á Akranesi, sem undirbúa sig um þessar mundir fyrir komandi Íslandsmót, hafa þurft að aka daglega til Reykjavíkur alla vikuna til að komast í sundlaug. Heitt vatn hefur verið skorið við nögl á Akranesi og Borgarnesi síðan á mánudag, og hafa bæjarfélögin sjálf, sem hafa skerðingarheimildir í samningum sínum, orðið fyrir skerðingunni.

Skerðingin er til komin af öryggisástæðum eftir skemmdir sem urðu í kjölfar óveðursins um síðustu helgi. Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segist búast við því að allt verði komið í samt lag í dag, þótt búast megi við frekari skerðingu vegna kuldans um komandi helgi.



**SUND** Í íslenskum vetrarkulda skiptir öllu að hafa í það minnsta volgt vatn í laugunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Ragnheiður Runólfsdóttir, sundþjálfari á Akranesi, segist mjög ósátt. Hún hafi fengið þau tíðindi að sundlaugin muni ekki komast í gagnið fyrr en eftir helgi. „Þetta er ófremdarástand þar sem við erum að undirbúa okkur fyrir Íslandsmót. Við þurfum að keyra með keppnishópinn, sem er mjög takmarkaður hluti af þeim sem æfa hjá okkur, til Reykjavíkur og leigja þar æfingapláss."

Hún segir sundfélagið bera allan kostnað af þeirri leigu sem og ferðunum. Enginn hafi boðist til að koma til móts við þau. „Krakkarnir eru búnir að leggja mikið á sig til að standa sig vel á þessu móti og það er bara gert lítið úr því með þessum litla samhug sem við fáum," segir hún. **- sh**

# Gömul kvöð ógnar olíuhreinsunarstöð

**Ísafjarðarbær má ekki selja jörðina Sanda eða leigja hana nema uppfylla skilyrði 70 ára afsals segir kirkjuráð. Sandar er annar tveggja staða sem koma til álita fyrir olíuhreinsunarstöð. Vitum af kvöðunum segir forseti bæjarstjórnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Kirkjuráð segir umráðarétt Ísafjarðarbæjar yfir jörðinni Söndum vera „að miklu leyti takmarkaðan".

Sandar er annar tveggja staða á Vestfjörðum sem koma til greina fyrir olíuhreinsunarstöð Íslensks hátækniiðnaðar ehf. Ríkissjóður seldi Þingeyrarhreppi kirkjujörðina Sanda í Dýrafirði árið 1938. Kirkjuráð hefur skrifað Ísafjarðarbæ, sem Þingeyrarhreppur tilheyrir nú, og vakið athygli á ýmsum kvöðum sem lagðar voru á um yfirráð og hagnýtingu Sanda við söluna fyrir sjötíu árum.

„Það er lagt á jörðina sem kvöð að hreppafélagi Þingeyrarhrepps er eigi heimilt að selja aftur hið selda land, jarðeignina Sandar, hvorki í heild sinni né hluta af því, en landið verði ævinlega eign Þingeyrarhrepps og undir stjórn hreppsins," segir í afsalinu.

Auk þess sem afsalið leggur blátt bann við sölu Sanda er í því sérstök kvöð um leigu: „Hreppurinn leigi aldrei utanhreppsmönnum hið selda land, hvorki í heild né nokkurn hluta þess og hvorki til ræktunar, beitar né bygginga ef slík leiga á landi úr jörðinni brýtur í bága við landþörf hreppsbúa."

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar, segir bæjaryfirvöld hafa vitað af kvöðunum. Hún telji þær ekki setja strik í reikninginn varðandi þau áform að olíuhreinsunarstöð rísi á Söndum.



**BIRNA LÁRUSDÓTTIR** Forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.




**DÝRAFJÖRÐUR** Kvaðir um sölu og leigu á jörðinni Söndum í Dýrafirði flækja málin varðandi hugsanlega olíuhreinsunarstöð í firðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

„Við vitum ekki hver er kveikjan að þessu bréfi frá kirkjuráði því það kemur ekki fram. Þetta er mjög gamalt samkomulag og það má í raun segja að ákvæði þessi hafi þegar verið brotin því það mun hafa verið seldur partur úr landinu þegar Þingeyrarhreppur var sjálfstætt sveitarfélag. Ef maður les samninginn er ekki hægt að sjá út úr honum í fljótu bragði að það megi ekki reisa olíuhreinsistöð á jörðinni," segir Birna Lárusdóttir.

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, segir ráðið ekki hafa tiltekna afstöðu til hugsanlegrar olíuhreinsunarstöðvar.

„Við erum fyrst og fremst að minna á þau réttindi sem sóknarprestur á Þingeyri hefur á jörðinni samkvæmt afsalinu," segir Guðmundur. Er þar meðal annars um að ræða beitarrétt fyrir búfénað og umráðarétt yfir fjórum hekturum lands. Guðmundur segir það hins vegar í höndum ríkisins að fylgja eftir fyrrnefndum kvöðum um sölu og leigu á Söndum.

**gar@frettabladid.is**



# Góður lífeyrir – ávísun á betra líf



Sparnaður+

Lífeyrir frá Bayern Líf (Versicherungskammer Bayern) er vænlegri kostur en hefðbundinn sparnaður – og mun öruggari en kauphallarviðskipti.

Það er svo notalegt að þurfa ekki að hafa neinar fjárhagsáhyggjur og að halda óbreyttum lífskjörum eftir starfslok. Þú ert vel tryggður með Sparnaði+ (FlexVorsorgePlus).

SPARNAÐUR

Sundagörðum 2 104 Reykjavík
Sími: 577 2025 Fax 577 2032
sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VER**SICHER**UNGS
**KAMMER**
**BAYERN**





Skýrsla stýrihóps um REI ekki lögð fram í borgarráði í dag, eins og áætlað var:

# Vildu sjá lokagerð skýrslunnar

**BORGARMÁL** Birtingu á skýrslu stýrihóps Svandísar Svavarsdóttur um málefni Reykjavík Energy Invest hefur verið frestað að ósk Gísla Marteins Baldurssonar og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stýrihópnum. Ástæðan fyrir frestuninni er að sögn Gísla Marteins sú að eðlilegt sé að stýrihópurinn fái að sjá lokagerð skýrslunnar áður en hún verður lögð fram. Svandís segir það hafa verið sjálfsagt að verða við bón borgarfulltrúanna.

Gísli Marteinn segir að Svandís hafi ákveðið að skila skýrslunni snarlega eftir að nýr meirihluti var myndaður í síðustu viku. „Það hafa hins vegar bara verið haldnir þrír fundir síðan um miðjan nóvember og síðast þegar ég vissi var skýrslan ekki tilbúin til framlagningar í borgarráði. Við sjálfstæðismenn tjáðum Svandísi þá skoðun okkar að hópurinn yrði að sjá lokagerð skýrslunnar, að minnsta kosti einu sinni, áður en hún yrði lögð fram. Svandís brást vel við þeirri hugmynd.“



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna, segir að hún hafi stefnt að því að kynna skýrsluna á fundi borgarráðs í dag. „Meirihlutinn fór fram á það við mig að haldinn yrði einn aukafundur í stýrihópnum og ég varð við því. Sá fundur verður haldinn snemma í næstu viku og skil vinnunnar viku seinna en áætlað var.“ Svandís segist ekki vita um ástæðu þess að farið var fram á frestun og kallaði ekki eftir skýringum á því. - shá

# McCain sigurstranglegastur repúblikana

**John McCain og Mitt Romney standa tveir eftir í kosningabaráttunni hjá Repúblikanaflokknum. Meðal demókrata eru Hillary Clinton og Barack Obama ein um hituna. Bæði John Edwards og Rudy Giuliani hafa hætt við framboð.**

**BANDARÍKIN** Sigur John McCain í prófkjöri repúblikana í Flórída á þriðjudaginn gefur honum ómetanlegt forskot á Mitt Romney í kosningabaráttunni sem fram undan er.

McCain hlaut 36 prósent atkvæða og Romney 31 prósent, en í þriðja og fjórða sæti lentu þeir Rudy Giuliani með 15 prósent og John Huckabee með 13 prósent.

Í rauninni eru þeir því tveir einir, stríðshetjan McCain og mormóninn Romney, eftir um hituna hjá repúblíkönum, nú þegar Rudy Giuliani hefur hætt við framboð sitt. Giuliani hefur jafnframt lýst yfir stuðningi við McCain, þannig að staða Romneys er óneitanlega mun veikari núna. Huckabee þykir ekki eiga mikla möguleika í raun, þótt hann hafi byrjað vel með sigrum í fyrstu prófkjörum flokksins.

Demókratinn John Edwards hætti einnig í gær við að sækjast eftir því að verða forsetaefni síns flokks, og þar með eru þau Hillary Clinton og Barack Obama ein eftir í slagnum um útnefninguna í þeim herbúðum.

Allra augu beinast nú að slagnum mikla á sprengidag, þriðjudaginn 5. febrúar, þegar prófkjör verða haldin samtímis í meira en 20 ríkjum. Sá dagur gæti ráðið úrslitum hjá báðum flokkum, þannig að aðeins einn frambjóðandi standi eftir sem forsetaefni hvors flokks um sig.




**ÁNÆGÐUR MEÐ SIGURINN** John McCain segir að sigurinn í Flórída hafi óneitanlega verið sætur. Einungis Mitt Romney getur nú komið í veg fyrir að McCain verði forsetaefni Repúblikanaflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

James A. Thurber, bandarískur stjórnmálaskýrandi sem hélt fyrirlestur hér í Reykjavík á þriðjudag, segir að það gæti skaðað Demókrataflokkinn verulega fari leikar svo, eins og margt bendir til að geti orðið, að repúblikanar nái endanlegri niðurstöðu löngu á undan demókrötum, þannig að McCain standi einn eftir með pálmann í höndunum á meðan þau Clinton og Obama halda áfram að slást næstu mánuðina og jafnvel allt fram í ágústlok. „Bandaríkjamenn eru ekki hrifnir af neikvæðri kosningabaráttu, þannig að ef þau ætla bæði að stunda slíkt, þá gæti frambjóðandi Repúblikanaflokksins grætt verulega á því þegar kemur loks að forsetakjörinu í nóvember,“ segir Thurber, sem er prófessor við American University í Washington og hefur stundað kosningarannsóknir áratugum saman.

gudsteinn@frettabladid.is

# Baráttan birtist í fjölmiðlum



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
skrifar frá Flórída

**Þriðjudagurinn virtist ekkert öðruvísi en aðrir þriðjudagar fyrir flesta íbúa hér í Orlando, Flórída, þrátt fyrir að kjördagur væri runninn upp. Auðvitað mátti sjá stuðningspjöld við gatnamót, fyndin pólitísk skilaboð á stuðurum og einstaka menn dreifa bæklingum. En lífið gekk áfram sinn vanagang.**

**Fjölmiðlar voru fullir af vangaveltum um kosningarnar. En stöðvarnar eru margar og auðvelt að sniðganga þá umfjöllun, hafir þú ekki áhuga. Áhorfendur voru beinlínis varaðir við með texta neðst á skjánum sem sagði: Mest fjallað um stjórnmál þennan morguninn. Fólk í verslanamiðstöðvum fékk líka að vera algjörlega í friði fyrir kosningaáróðri á mándaginn, degi fyrir kjördag.**

**Kosningabaráttan fer líka fram í fjölmiðlum. Það er eðlilegt. Bandaríkin eru risastór. Giuliani og McCain héldu kosningafundi í Orlando á mánudaginn. Og þetta voru engir venjulegir kosningafundir fyrir kjósendur. Frambjóðendurnir voru fyrst og fremst að tala við myndavélar fjölmiðlafólksins. Í báðum tilvikum var tiltölulega lítill hópur stuðningsmanna mættur til að hvetja sinn mann sem virtist vera á fjöldafundi í sjónvarpinu um kvöldið.**

**Það sem kom helst á óvart var hversu lítið var um sýnilega löggæslu á fundunum. Eftir að frambjóðendurnir höfðu talað hópaðist fólk að þeim til að fá eiginhandaráritun og mynd. Þeir þurfa að sýna sig með venjulegu fólki og mega ekki virðast haldnir ofsóknaræði.**

**Báðir þessir fundir voru haldnir á litlum flugvöllum. Það er til marks um hraðann í þessari baráttu. Stutt hnitmiðuð skilaboð, sniðin að umfjöllun fjölmiðla og svo flogið í þotu á næsta stað. Frambjóðendur þurfa að vera skrefi á undan. Og nú er það þriðjudagurinn mikli. Þá telja margir að úrslitin verði ljós.**




**UPPSTILLING FYRIR FJÖLMIÐLA** Frá kosningafundi Rudys Giuliani í Orlando á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## Útgjöldin

> Kílóverð á lærisneiðum í febrúar síðastliðinn fimm ár.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** KÁRI HÓLMAR RAGNARSSON

## *Svikinn af kúbverskum „vinum“ sínum*

„Ég hef gert mörg vond kaup, þannig að það er mjög auðvelt,“ segir Kári Hólmar Ragnarsson, básúnuleikari í Benna Hemm Hemm og Stúdentaráðsliði Röskvu. „Það sem toppar allt held ég hafi verið þegar ég var úti á Kúbu og eignaðist þar vini sem bentu mér á að selja dollara og kaupa pesóa á mjög góðum kjörum. Þannig átti ég að græða pening. En þetta reyndust s.s. vera pesóar sem voru 25 sinnum verðminni en dollarar,“ segir Kári og útskýrir að til séu tvær mismunandi tegundir af pesóum á Kúbu, þar sem gjaldmiðlakerfið er þekkt fyrir að vera í flóknara lagi.

Og fyrir hversu háa upphæð keypti Kári þessa pesóa? „Það var mjög mikið, ég vil helst ekki segja það,“ svarar Kári, þannig að enn má greina vonsvikinn tón í röddinni.



En hvað með vinina? „Þeir reyndust vera svikarar, einhvers konar „con-artists,“ og ekki vinir mínir heldur óvinir. Og í rauninni einhverjir mestu óvinir sem ég hef átt.“ Og gamanið var ekki búið strax. „Fyrir vikið fékk ég að upplifa það að sitja í aftursætinu á kúbönskum lögreglubíl, þegar ég var að reyna að lögsækja kvikindin, og það er versta tilfinning í heiminum. Það er gert ráð fyrir að þeir sem sitji í lögreglubílum séu að svíkja byltinguna og þess vegna er þeim gert lífið óbærilegt með hita og svita.“

Það stendur ögn á svari þegar spurt er um bestu kaupin, en svarið berst að lokum. „Bestu kaup sem ég hef nokkurn tímann gert er það sem blæs í mig lífi á hverjum degi, kaffivélin mín. Ítölsk Isomac espressovél. Án hennar væri ég ekki hér í dag. Ég væri bara heima.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### AÐ AUKA HAMINGJUNA

■ *Að faðma alla í fjölskyldunni er besta húsráðið sem Ellý Ármannsdóttir veit um.*



„Að sjálfsögðu luma ég á húsráði en það snýr ekki að friðun né neinu slíku þótt það sé helst í umræðunni núna,“ segir Ellý Ármannsdóttir fjölmiðlakona. „Til þess að auka hamingjuna í húsinu er gott að faðma alla í fjölskyldunni jafnvel nokkrum sinnum á dag. Það ræður mun meiru um hamingjuna en fermetrar eða fjöldi og fegurð húsgagna.“

Faðmlögin verða því að vera nokkuð mörg hjá Ellý því á heimili hennar eru fimm börn og svo verður húsbóndinn vissulega að fá sinn skerf.

■ **Verslun**

## Útrunnin gjafabréf kannski í gildi



Neytendasamtökin segjast fá margar kvartanir um stuttan gildistíma á gjafabréfum frá snyrti- og nuddstofum. Samkvæmt leiðbeinandi reglum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá því fyrir nokkrum árum er miðað við að gjafabréf gildi í fjögur ár.

„Því miður er langt í frá að allir seljendur fylgi þessum reglum,“ segir á heimasíðu Neytendasamtakanna sem gerðu könnun á gildistíma gjafabréfa hjá 28 snyrtistofum. Gildistíminn hafi reynst vera á bilinu sex mánuðir upp í tvö ár auk þess sem hjá fimm stofum eru engin skilyrði um gildistíma. „Margar snyrtistofur tóku fram að þótt ákveðinn gildistími væri á gjafabréfinu væri það meira til viðmiðunar. Þannig væri ekki tekið hart á því þótt gjafabréfið væri útrunnið. Það er því um að gera fyrir fólk að hafa samband við seljanda og athuga hvort gjafabréfið sé í raun útrunnið áður en því er hent,“ segir á ns.is.

# Þorramaturinn ódýrastur fyrir norðan

**Þorramaturinn á veisluhlaðborðið er ódýrastur á Akureyri og Akranesi en dýrastur á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Greifinn býður þorramatinn á rúmar tvö þúsund á manninn en fyrir sunnan er hann á allt að 3.700 kall.**

Veisluþjónusta Greifans á Akureyri býður ódýrasta þorramatinn á hlaðborðið samkvæmt óformlegri verðkönnun Fréttablaðsins. Þorramaturinn kostar þar 2.290 krónur á manninn ef miðað er við 49 og færri. Ef miðað er við fimmtíu eða fleiri kostar hann 2.050 krónur. Næstódýrastur er þorramaturinn frá veisluþjónustunni Fortuna á Akranesi. Þar kostar hann 2.400 krónur á manninn.

Matarlyst í Reykjanesbæ býður hins vegar dýrasta þorramatinn í landinu samkvæmt könnuninni. Þar kostar þorramaturinn 3.700 krónur á mann fyrir innan við fimmtíu manns en 3.200 krónur á manninn fyrir fimmtíu og fleiri. Hjá Vitanum í Sandgerði fæst þorramaturinn á 3.200 á mann og skiptir engu hvort um fimmtíu eða hundrað manna veislu er að ræða og hjá Skútunni í Hafnarfirði er hann á rúmlega það.

Verð á þorramat á hlaðborðið var kannað í óformlegri símakönnun hjá þrettán fyrirtækjum; Veisluþjónustu Greifans, Skútunni Veislulist, Fortuna veisluþjónustu á Akranesi, Matarlyst ehf. í Reykjanesbæ, Kænunni í Hafnarfirði, Veisluþjónustunni Akureyri, Matborðinu ehf., Matborðinu við Bíldshöfða, Vitanum Sandgerði, Veislugarði Mosfellsbæ, Eldhúsi Sælkerans/Sport Café, Lostæti og Múlakaffi.

Athygli vekur að ódýrasti þorramaturinn er úti á landi, á Akureyri og Akranesi. Á höfuðborgarsvæðinu er þorramaturinn ódýrastur hjá Matborðinu Bíldshöfða og Lostæti. Hjá Matborðinu Bíldshöfða kostar hann 2.650 og hjá Lostæti 2.740 krónur á manninn.

Misjafnt er hvað er á hlaðborðinu en gera má ráð fyrir að það sé hefðbundið með hrútspungum, súrri sviðasultu, lundaböggum, bringukollum, lifrarpylsu, blóðmör, hangikjöti, sviðasultu, hákarli, svínasultu, harðfiski, saltkjöti, kartöflumús, kartöflum í uppstúf, rófustöppu, flatbrauði og rúgbrauði ásamt smjöri. Misjafnt er hvort pottréttur er inni í verðinu. Heil svið hækka verðið á einum staðnum.

Blaðamaður hringdi í gærmorgun, sagði aðeins til nafns og óskaði eftir verðupplýsingum fyrir fimmtíu manna og hundrað manna veislu. Fyrirtækjunum var ekki gefinn kostur á að vera ekki með í könnuninni enda vissu þau ekki að um könnun væri að ræða.

Búast má við að fleiri fyrirtæki bjóði upp á þorramat en eru í þessari könnun og auðvitað er hugsanlegt að finna megi hærra eða lægra verð en hér.

**ghs@frettabladid.is**

### ÞORRAMATUR Á HLAÐBORÐI

**Verð pr. mann**

| | 50 manns | 100 manns |
|---|---|---|
| Veisluþjónusta Greifans | 2.290 | 2.050 |
| Skútan/Veislulist | 3.250 | 2.900 |
| Fortuna, Akranesi | 2.400 | 2.400 |
| Kænan, Hafnarfirði | 3.000 | 2.800 |
| Matarlyst ehf. | 3.700*** | 2.990*** |
| Veisluþjónustan, Ak. | 2.500 | 2.500 |
| Matborðið ehf. | 2.950* | 2.800** |
| Matborðið, Bíldsh. 18 | 2.950 | 2.650 |
| Vitinn, Sandgerði | 3.200 | 3.200 |
| Veislugarður, Mosfellsbæ | 3.100 | 2.800 |
| Lostæti | 2.740 | 2.740 |
| Múlakaffi | 3.190 | 2.900 |
| Eldhús Sælkerans /Sport Café | 2.950 | 2.950 |

* 3.250 ef sviðin eru heil, annars sviðasulta
** 3.100 ef sviðin eru heil, annars sviðasulta
*** 5% afsláttur ef fjöldinn er yfir 20 manns
Drykkir eru ekki inni í verðinu.



**DÝRAST Í BORGINNI OG Á SUÐURNESJUM** Þorramatur er ódýrastur á Akureyri og Akranesi en dýrastur á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ ef marka má óformlega símakönnun sem Fréttablaðið gerði í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný rannsókn samtaka breskra bifreiðaeigenda:

# Hraðahindranir óvistvænar

Hraðahindranir geta verið skaðlegar umhverfinu. Þetta fullyrða samtök breskra bifreiðaeigenda, AA, og styðjast þar við nýjar rannsóknir sem þau létu gera á bensíneyðslu.

Samkvæmt útreikningum samtakanna eykst bensíneyðsla um nærri helming, eða 46,9 prósent, ef hraðahindranir eru settar á vegi þar sem hámarkshraðinn er 30 mílur á klukkustund, en það samsvarar 48,1 km hraða. Ef hámarkshraðinn er hins vegar 32,2 km/klst, það er 20 mílur, þá eykst bensíneyðslan að meðaltali um 41 prósent með uppsetningu hraðahindrana.

Samtökin telja af þessum sökum ástæðu til að vara bresk stjórnvöld við því að setja upp hraðahindranir. Þótt þær auki vissulega öryggið í umferðinni þá auka þær útblástur gróðurhúsalofttegunda svo mikið að varla telst forsvaranlegt.

Það eitt að minnka meðalhraðann úr 48,1 km/klst niður í 32,2 km/klst, það er úr 30 mílna hraða niður í 20 mílur, eykur bensíneyðsluna að meðaltali um 10,1 prósent. Samtökin sjá því einnig ástæðu til að vara við því að lækka hámarkshraða úr 30 mílum niður í 20 mílur á klukkustund, eins og æ algengara hefur verið í Bretlandi og víðar undanfarið. **- gb**



**BENSÍNGLEYPIR** Þótt hraðahindranir auki öryggið í umferðinni auka þær jafnframt bensíneyðsluna til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Reykjavíkurborg

**Áhugaverð störf fyrir fólk á öllum aldri**

Við bjóðum 60 ára og eldri velkomna í störf hjá Reykjavíkurborg. Í boði eru áhugaverð störf með sveigjanlegum vinnutíma.

Ef þú vilt slást í hópinn hafðu þá samband við Sesselju Ásgeirsdóttur í síma 822 9755 eða í þjónustusíma Reykjavíkurborgar 411 1111 og fáðu upplýsingar. Við leggjum okkur fram um að koma til móts við óskir þínar um vinnutíma og starfshlutfall.



Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Baðdagar í Vatns-virkjanum Ármúla

**Baðkör, blöndunartæki og salerni með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans. Komdu og gerðu frábær kaup.**



**Cetus**

Verð áður 62,590
Tilboðsverð 29,999
52% afsláttur



**Aveiro**

Verð áður 37,999
Tilboðsverð 18,999
50% afsláttur



**Action**

Verð áður 19.999
Tilboðsverð 9,999
50% afsláttur



**One**

Verð áður 75,590
Tilboðsverð 56,999
25% afsláttur



**Kubik**

Verð áður 54,999
Tilboðsverð 38,499
30% afsláttur



**213 x 213 x100**

Verð áður 749,999
Tilboðsverð 599,999
20% afsláttur



**Twin Jet Dafne**

Verð áður 269,999
Tilboðsverð 148,999
45% afsláttur



**213 x 213 x100**

Verð áður 749,999
Tilboðsverð 599,999
20% afsláttur



**Nacelle**

Verð áður 31,999
Tilboðsverð 19,199
40% afsláttur



**Kubik**

Verð áður 119,999
Tilboðsverð 89,999
25% afsláttur

**Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í ríflega 50 ár**

VATNSVIRKINN

Ármúli 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - www.vatnsvirkinn.is - www.pattaland.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.541 **-0,21%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.322
**Velta:** 15.800 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FLAGA** | **+33,33%** | **SPRON** | **-2,85%** |
| **EIMSKIPAFÉL.** | **+4,33%** | **ICELANDIC GROUP** | **-1,42%** |
| **365** | **+1,54%** | **LANDSBANKINN** | **-1,41%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,51 -0,12% ... Bakkavör 51,40 +0,20% ... Eimskipafélagið 32,55 +4,33% ... Exista 13,90 +0,36% ... FL Group 11,05 -1,16% ... Glitnir 20,00 -0,99% ... Icelandair 27,95 +1,45% ... Kaupþing 771,00 +0,78% ... Landsbankinn 31,40 -1,41% ... Marel 99,60 +0,10% ... SPRON 7,16 -2,85% ... Straumur-Burðarás 14,23 -0,28% ... Össur 96,00 +0,42% ... Teymi 5,87 +0,51%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Undrast viðskiptavild

„Viðskiptavildin má standa óáreitt, ef sýnt er fram á það,“ segir Bjarni Frímann Karlsson, lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands. Fram kemur í ársreikningi Straums fyrir síðasta ár, sem kynntur var í gær, að viðskiptavild nemur um 500 milljónum evra. Þetta er um þriðjungur af eigin fé bankans.

Þetta undrast greiningardeild Landsbankans, sem segist í Vegvísi hafa búist við því að viðskiptavild tengd vörumerkinu Burðarási yrði afskrifuð. Bankinn hefði markað sig að fullu undir merkjum Straums. William Fall forstjóri sagði á afkomufundi Straums í fyrradag að Straumur teldi ekki ástæðu til að afskrifa viðskiptavild tengda Burðarási, þar sem nafnið væri enn notað í lagalegum tilgangi.



**WILLIAM FALL** Kynnir afkomu Straums á síðasta ári. Landsbankinn undrast að viðskiptavild vegna Burðaráss hafi ekki verið afskrifuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarni Frímann segir að skylt sé að framkvæma svonefnt virðisrýrnunarpróf einu sinni á ári. Bendi það til þess að viðskiptavildin hafi minnkað, beri að færa hana niður. „Hins vegar er í fljótu bragði ekki skýrt í ársreikningum hvernig virðisrýrnunarprófin eru. Mér finnst undarlegt að það sé ekki sýnt með skýrum hætti í svo hörðu árferði sem nú er.“ **- ikh**

# Flaga hækkar um 140 prósent

Gengi svefnrannsóknafyrirtækisins Flögu Group hefur hækkað um 140 prósent í vikunni, 15 prósent á mánudag, 56 prósent á þriðjudag og svo um 33 prósent í gær.

Greiningardeild Kaupþings greinir frá að David Baker, forstjóri Flögu, hafi keypt ríflega þrjár milljónir hluta í félaginu á genginu 1,046. Jafnframt hafi fjármálastjóri Flögu fest kaup á bréfum í félaginu.

Viðskipti með bréf félagsins eru þó ekki ýkja mörg, 43 í gær, og hafa sérfræðingar bent á að verðmyndun í því hafi ekki verið mjög skilvirk. Gengið er enda lágt, fór úr 60 aurum í 1,44 krónur á hlut. **- óká**

# Álag á skuldir féll og reis á ný

„Þetta eru mjög góðar fréttir í ljósi markaðsaðstæðna,“ segir Hermann Þórisson, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, um ákvörðun Kaupþings að hætta við yfirtökuna á NIBC.

Hermann segir ljóst að fjármögnunarþörf Kaupþings minnki í kjölfarið og geti það haft jákvæð áhrif á skuldatryggingarálag bankanna.

Álagið snarhækkaði eftir að yfirtakan á NIBC var tilkynnt um mitt síðasta ár og fór í rúma 500 punkta, reyndar ívið meira hjá Kaupþingi. Inn í spila erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum sem þrýsti álaginu frekar upp. Það lækkaði um 100 punkta snemma í gærmorgun en gekk til baka um 70 punkta eftir að Moody‘s tók lánshæfismatseinkunnir viðskiptabankanna til athugunar. **- jab**

# Loftið hreinsað og óvissu eytt

**Kaupþing tilkynnti í gærmorgun frá því að hætt hafi verið við yfirtöku á hollenska bankanum NIBC. Þar með er ljóst að ekkert verður úr stærstu yfirtöku Íslandssögunnar.**

„Þetta var sameiginleg niðurstaða. Skynsamleg ákvörðun í ljósi aðstæðna,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, en bankinn tilkynnti í gær að hann hefði hætt við yfirtöku á hollenska bankanum NIBC.

Yfirtakan á NIBC hefur staðið fyrir dyrum frá miðjum ágúst í fyrra. Kaupverð nam þremur milljörðum evra, jafnvirði tæpra 290 milljarða íslenskra króna, og hefðu orðið stærstu fyrirtækjakaup Íslandssögunnar. Áætlað var að Kaupþing blési til forgangsréttarútboðs á fyrsta ársfjórðungi vegna þessa. Útlit var fyrir að fjárfestahópur undir forystu JC Flowers yrði einn stærsti hluthafi Kaupþings í kjölfarið.

Eftir því sem dregist hefur að tilkynna um lok viðskiptanna hafa ýmsar sögu farið á kreik, svo sem að kaupin væru of stór biti fyrir bankann í kjölfar lækkunar á hlutabréfamörkuðum og og Fjármálaeftirlitið muni ekki samþykkja þau.

Hreiðar Már vísar því á bug að kaupin hafi verið Kaupþingi þung en bætir við að viðræður stjórnenda hafi staðið yfir í nokkrar vikur áður en niðurstaða lá fyrir. Kaupþing hafi stefnt að því að lækka rekstrarkostnað og auka tekjur samstæðunnar með kaupum á NIBC. En eins og aðstæður á fjármálamörkuðum eru nú sé hins vegar ekki útlit fyrir að samlegðaráhrifin hefðu náð fram að ganga.




**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON** Forstjóri Kaupþings segir bankann ætla að einbeita sér að eigin rekstri eftir að hætt var við kaupin á hollenska bankanum NIBC. FRÉTTABLAÐIÐ/KAUPÞING

„Það hefði orðið erfitt,“ segir Hreiðar og bætir við að bankinn muni eftirleiðis einbeita sér að innri vexti. Ekki verður hins vegar látið af fyrirætlun bankans um evruskráningu.

Spurður um hugsanleg áhrif þess að hætt var við yfirtökuna segir Hreiðar Már gott að loftið hafi verið hreinsað og allri óvissu um hana hafi verið eytt auk þess sem bankinn beri ekki fjárhagslegan skaða af ferlinu. Ekki er fyrirhugað að taka bankann yfir síðar og verða frekari fyrirtækjakaup sett á salt í bili. **jonab@frettabladid.is**


# HVERNIG EIGA AÐALFUNDIR AÐ VERA?

▶ Átt þú hlutabréf?
▶ Hver er réttur hluthafa á aðalfundum?
▶ Hvað átt þú að gera þegar gengur illa í hlutafélaginu þínu?
▶ Hvað er eðlilegt að felist í kaupréttarsamningum stjórnenda?



*Hluthafar eiga sinn rétt, notar þú þinn rétt á aðalfundi?*

**Samtök fjárfesta boða til fundar um aðalfundi á Radison SAS Hótel Sögu, Sunnusal. Föstudaginn 1. febrúar kl 8.15**



**FRUMMÆLENDUR:**

**Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir**, *hrl, LEX lögmannsstofu.*
▶ ***Hvað fer fram á aðalfundum?***

**Þorkell Sigurlaugsson**, *framkvæmdastjóri*
▶ ***Hver eru skilaboð til hluthafa á aðalfundum?***



**Vilhjálmur Bjarnason**, *framkvæmdastjóri*
▶ ***Árangur í kaupréttarsamningum***

FUNDARSTJÓRI: **Benedikt Jóhannesson**, *framkvæmdastjóri*



**MORGUNVERÐUR Í BOÐI SAMTAKA FJÁRFESTA**

Samtök fjárfesta


# Bankar í skoðun Moody‘s

**Til athugunar að lækka einkunn íslensku bankanna.**

Lánshæfiseinkunnir stóru viðskiptabankanna eru í endurskoðun hjá matsfyrirtækinu Moody‘s. Tilkynnt var um þetta til Kauphallar eftir að ljóst var að yfirtaka Kaupþings á hollenska bankanum NIBC væri úr sögunni.

Kaupþing er nú með lánshæfiseinkunnina Aa3 en einkunnina C þegar kemur að fjárhagslegum styrkleika og horfur neikvæðar. Einkunnir Kaupþings komu fyrst til endurskoðunar þegar tilkynnt var um kaupin á NIBC síðasta sumar. Fram kemur í yfirlýsingu frá Moody‘s að ákvörðun Kaupþings um að hætta við yfirtökuna sé litin jákvæðum augum og hafi sérlega góð áhrif á lausafjárstöðu Kaupþings. Þrátt fyrir þetta sé ekki ástæða til að láta af endurskoðun á einkunnum Kaupþings.

Þá tilkynnti Moody‘s í gær að Aa3/C lánshæfiseinkunnir bæði Glitnis og Landsbankans væru til athugunar til mögulegrar lækkunar. Samhliða var skammtímaeinkunn bankanna, sem er P-1, staðfest.

Í Vegvísi Landsbankans er orð haft á hringlandahætti sem verið hafi í einkunnagjöf Moody‘s, en verði af lækkun lánshæfismats bankanna verði það í þriðja sinn sem fyrirtækið breytir einkunn íslensku bankanna á aðeins einu ári. Í febrúar í fyrra var langtímalánshæfiseinkunn Kaupþings, Landsbankans og Glitnis hækkuð í Aaa (hæstu einkunn), í kjölfar breyttrar aðferðafræði. Breytingin sætti harðri gagnrýni og var hækkun bankanna dregin til baka að hluta í apríl. **-óká/jsk**


-2kr.




Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

ÓB ódýrt bensín
www.ob.is

Himinn og haf / SÍA

# Allt til alls!

## Á góðu verði fyrir alla – alltaf




## Málning, múr- og þéttiefni fyrir húsið

# Nýtt!

## Flísar og parket í úrvali á frábæru verði

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-16**

# MÚRBÚÐIN

*– Afslátt eða gott verð?*

Klettháísi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er framundan stefnulaust stríð frá húsi til húss?

# Aftur á byrjunarreit

JÓN KALDAL SKRIFAR

Nýjum borgarstjóra voru afhentar í gær um tvö þúsund undirskriftir fólks sem mótmælir niðurrifi í miðbænum. Það sem ýtti við þessum hópi er fyrst og fremst fyrirhugað niðurrif á húsinu sem hýsir uppáhaldsbarinn þeirra, Sirkus við Klapparstíg.

Um Sirkushúsið gildir það sama og um Laugaveg 4 og 6. Undanfarin ár hefur Húsafriðunarnefnd ítrekað kosið að hafa þessi hús ekki með á lista yfir þau hús í miðbænum sem ber að vernda. Skoðun nefndarinnar á húsunum við Laugaveg breyttist á dögunum, eins og kunnugt er. Munu borgarbúar fyrir vikið þurfa að bera um 600 milljóna króna kostnað af þeim sökum. Til að setja þá tölu í samhengi má nefna að fyrir þessa upphæð mætti til dæmis tryggja veru lækna í sjúkrabílum næstu tuttugu ár, en þeim hefur nú verið úthýst þaðan í sparnaðarskyni.

En gott og vel, ef þetta væri aðeins eitt afmarkað fjárhagstjón og ávinningurinn væri betri miðborg um alla framtíð, mætti eflaust verja þennan gjörning nýja meirihlutans. En málið er öllu alvarlegra og flóknara en svo.

Kaupin á húsunum við Laugaveg 4 og 6 kollvarpa í raun húsverndar- og skipulagsstefnu í miðbænum, eins og hún var mörkuð Þróunaráætlun miðborgar árið 2000.

Undanfarnar vikur hafa margir orðið til þess að lýsa eftir heildarsýn í húsaverndun í miðborginni. Á þeim nótum hefur meðal annars verið lykilfólk í þessari umræðu allri, þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Nikulás Úlfar Másson, framkvæmdastjóri Húsafriðunarnefndar.

Sú sýn liggur þó ljós fyrir í Þróunaráætlun miðborgarinnar frá árinu 2000. Allir þeir sem hafa galað hvað hæst um skort á heildarhugsun hefðu gott af því að kynna sér þá áætlun. Hún var afrakstur vinnu sem var ráðist í með það fyrir augum að svara neyðarkalli kaupmanna og annarra aðila sem ráku þjónustu í miðbænum. Þeir þurftu hjálp til að snúa vörn í sókn gagnvart Kringlunni og þeim fyrirséða úthverfaverslunarmiðstöðvakúltúr, sem var að mótast um síðustu aldamót, og hefur fest sig í sessi með Smáralindinni.

Með kaupunum á Laugavegi 4 og 6 er búið að skutla heildarsýn Þróunaráætlunar miðborgar út um gluggann. Málið er komið á byrjunarreit. Framundan sýnist manni vera barátta þar sem verður barist frá húsi til húss, án þess að nokkur hafi hugmynd um hvar og hvernig stríðið muni enda. Þetta ástand er óþolandi fyrir miðbæinn og þá aðila sem hafa unnið þar að þróun skipulags með borgaryfirvöldum.

Ómögulegt er að fá skýr svör frá nýjum meirihluta um hvort ný stefna hafi verið mörkuð í húsverndun og skipulagi í miðbænum.

Hitt liggur fyrir að með kaupunum á Laugavegi 4 og 6 er búið að margfalda markaðsverð á óbyggðu byggingarsvæði í miðbænum. Og það þýðir gríðarleg fjárútlát fyrir borgina, eða ríkissjóð eftir atvikum, ef fleiri hús verða friðuð. En það þýðir líka að þróun á uppbyggingu og viðgangi verslunar, þjónustu og íbúðahúsnæði í miðbænum á vegum einstaklinga hefur verið hafnað, og í staðinn tekin upp opinber niðurgreidd byggingarstefna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



„Hugurinn ber þig alla leið“

Kári Eyþórsson MPNLP

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.

NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

Námskeið í NLP tækni verður haldið 22.-24.feb. og 29.feb.-02.mars 2008.

© cKari.com

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tæk og hæf

Það fer fyrir brjóstið á Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, starfsmanni þingflokks VG, að flokkur hennar hafi nokkrum sinnum verið sagður óstjórntækur. Í grein í DV í gær hæðist hún að þeim sem svo hafa sagt og kveður störf hinna sömu einkennast af gróðahyggju, auðmannadekri og skammsýni. En það er ekki bara fólk utan vinstri mengis stjórnmálanna sem segir andstæðinga sína óstjórntæka. Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi VG, sagði Sjálfstæðisflokkinn ekki samsarfshæfan í grein í Mogganum í vikunni. Í VG er bæði sleppt og haldið.



### Leikrit á þingi

Sjálfstæðisþingmennirnir Illugi Gunnarsson og Geir H. Haarde settu upp lítinn leikþátt á Alþingi á þriðjudag. Um morguninn þann dag hafði Ríkisútvarpið sagt í fréttum að Moody´s hvetti bankana til að flytja úr landi. Ekki var það hárnákvæm túlkun á skýrslu Moody´s og töldu tvímenningarnir nauðsynlegt að hið sanna kæmi fram. Illugi tók til máls og spurði Geir út í málið sem leiðrétti misskilninginn og sagði um leið niðurstöðu Moody´s þá að fjárhagsstaða ríkissjóðs væri góð.



### Rólegt í vinnunni

Undarleg var fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur í þinginu þann sama dag. Hún spurði forsætisráðherra hvers vegna aðeins hluti boðaðra frumvarpa ríkisstjórnarinnar hefði verið lagður fram og lét fylgja að hörgull væri á verkefnum. Geir varð harla undrandi á þessari spurningu en kvaðst líta á hana sem áskorun til ríkisstjórnarinnar. Búast má við að stjórnarfrumvörpin streymi inn í þingið á næstunni því varla vill nokkur maður að Valgerður Sverrisdóttir sé eirðarlaus í vinnunni.

bjorn@frettabladid.is

# Málið er ekki dautt



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Engin undanbrögð

Noregur hefur tvisvar fengið athugasemdir frá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna og brást við þeim í bæði skiptin með fullnægjandi hætti að dómi nefndarinnar. Danmörk hefur einu sinni fengið athugasemdir og brást einnig vel við. Svíþjóð hefur aldrei fengið athugasemdir. Finnland hefur fimm sinnum fengið athugasemdir og brást vel við í fjögur skipti; fimmta málið er enn í athugun.

### Bindandi samningur

Úrskurðir Mannréttindanefndarinnar binda aðildarríkin samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, svo sem kveðið er á um í 51. grein samningsins. Ísland undirritaði samninginn 1968 og staðfesti hann 1979. Úrskurðum nefndarinnar verður ekki áfrýjað til æðra valds. Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi var gerður 1966 til að treysta Mannréttindasáttmála SÞ frá 1948. Mannréttindanefndin tekur við kærum frá aðildarlöndum vegna meintra mannréttindabrota. Henni er ætlað að tryggja, að samningnum sé framfylgt, þótt engin viðurlög önnur en sæmdarmissir fylgi brotum, sem fást ekki bætt. Aðildarríkin að samningnum eru nú 160 auk fimm ófullburða smáríkja. Meðal þeirra ríkja, sem eru ekki aðilar að samningnum, eru Kína, Kúba, Malasía, Pakistan, Sádi-Arabía og Singapúr auk Páfagarðs; hin eru smálönd. Kínverjar hafa undirritað samninginn, en staðfesting bíður. Ekkert þeirra landa, sem kjósa að standa utan umdæmis Mannréttindanefndarinnar, er lýðræðisríki. Sum lýðræðisríki, þar á meðal Ísland, hafa gert tæknilega fyrirvara um fáein ákvæði í samningnum. Ísland gerði þó engan fyrirvara um ákvæðið, sem Mannréttindanefndin reisir úrskurð sinn um mannréttindabrot í krafti fiskveiðilaganna á, enda er það ákvæði samhljóða 65. grein stjórnarskrárinnar.

### Nú reynir á Alþingi

Hæstaréttarlögmennirnir Jón Magnússon og Atli Gíslason og fjórir aðrir þingmenn hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um, að Alþingi beri að hlíta úrskurði Mannréttindanefndarinnar þess efnis, að fiskveiðilög Íslendinga brjóti gegn alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og breyta verði lögunum í samræmi við úrskurðinn. Flutningsmennirnir vilja, að Alþingi taki af allan vafa um, að það skuldbindi sig til að hlíta úrskurði nefndarinnar og breyta lögunum eða lofa að breyta þeim til samræmis við úrskurðinn innan tilskilinna tímamarka, 180 daga. Staðfesting þingsins á þessari skuldbindingu er nauðsynleg vegna þess, að fyrstu viðbrögð sumra málsvara ríkisstjórnarinnar við úrskurðinum voru á þá leið, að hann sé ekki vel rökstuddur og ekki heldur bindandi, en hvort tveggja er rangt. Þessum rangfærslum virtist vera ætlað að halda opinni leið handa ríkisstjórninni til að skjóta sér undan úrskurðinum. Alþingi þarf að taka af skarið.

Úrskurður Mannréttindanefndarinnar er í höfuðatriðum samhljóða dómi Hæstaréttar í máli Valdimars Jóhannessonar gegn ríkinu 1998. Báðir úrskurðir eru reistir á þeirri skoðun, að mannréttindi séu algild og verði því ekki hneigð eða sveigð að öðrum hagsmunum. Það er kjarni málsins eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku.

Gaukur Jörundsson prófessor skilaði lögfræðilegri álitsgerð til sjávarútvegsráðuneytisins 28. júlí 1983 þess efnis, að lagaheimild brysti til að úthluta aflakvótum svo sem þegar hafði verið gert og til að koma fyrirhugaðri skipan á veiðar, þeirri skipan, sem var síðan lögfest í desember 1983 með nýjum heimildum handa ráðherra til að ákveða kvóta meðal annars á grundvelli veiðireynslu. Álitsgerðin var ekki birt á sínum tíma. Hluti hennar og niðurstaða birtust fyrst opinberlega 12. janúar 2008 í Morgunblaðinu. Þar bendir Hjörtur Gíslason blaðamaður á, að veiðireynslan frá 1980-83, sem kvótaúthlutun eftir 1983 var miðuð við, hafi verið reist sumpart á fyrri úthlutun án lagaheimildar samkvæmt álitsgerðinni. Með kvótalögunum 1983 var lagður grunnur að þeirri mismunun, sem mikill styr hefur æ síðan staðið um. Nú hefur Mannréttindanefnd SÞ úrskurðað, að þessi mismunun er mannréttindabrot. Óvenjulega bíræfni þarf til að vefengja þann úrskurð. Nú reynir á Alþingi.

### Engin undanbrögð

Hægt hefði verið að takmarka sókn á miðin og nýta þau vel og vernda án þess að brjóta rétt á mönnum með kerfisbundinni mismunun. Vel útfært veiðigjald hefði tryggt hagfelldari og réttlátari nýtingu fiskimiðanna, enda hefðu þá allir setið við sama borð hvort sem þeir sóttu sjó 1980-83 eða ekki. Skaðinn, sem orðinn er, verður aldrei bættur til fulls, ekki frekar en önnur mannréttindabrot. Ábyrgð Alþingis er þung. Þeim mun brýnna er, að þingið geri nú hreint fyrir sínum dyrum.

# Beðið um yfirvegaðan leiðara

UMRÆÐAN

Sjávarútvegsmál



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þorsteinn Pálsson skrifar ritstjórnarpistil 15. janúar sl. undir yfirskriftinni „Þörf á yfirvegun“. Efni pistilsins er kvótakerfið og úrskurður Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Því miður rísa þessi skrif ekki undir hvatningu höfundar síns. Í upphafi segir ÞP: „Meirihluti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hefur lýst þeirri skoðun að takmörkuð eignarréttindi á veiðiheimildum með frjálsu framsali séu andstæð mannréttindum. Sú niðurstaða stangast á við stjórnarskrá Íslands.“

Þorsteinn gagnrýnir síðan álit nefndarinnar og segir að hafi menn óttast valdaframsal til ESB við inngöngu í þann félagsskap sé það hjóm eitt miðað við það að undirgangast kröfur Mannréttindanefndar SÞ hvað sjávarauðlindina áhrærir. Hvað er hæft í þessu? Ekki kem ég auga á neitt. Í álitsgerð Mannréttindanefndarinnar er vísað í upphafsgrein íslenskra laga um stjórn fiskveiða. Þar er kveðið á um sameign þjóðarinnar á sjávarauðlindinni, hvernig ætlunin hafi verið ráðstafa henni tímabundið með lögum sem sett voru árið 1990. Þau „kunni í upphafi að hafa verið sanngjörn og hlutlæg leikregla sem bráðabirgðalausn“ en öðru máli gegni þegar lögunum hafi verið beitt til að umbreyta almennri sameign í einkaeign: „Aðildarríkið hefur ekki sýnt fram á að þessi sérstaka skipan og útfærsluform kvótakerfisins samræmist kröfunni um sanngirni.“ Nefndin ályktar síðan að forréttindi „í mynd varanlegs eignarréttar, sem veitt voru upphaflegum handhöfum kvótans…[séu] ekki byggð á sanngjörnum forsendum.“

Með öðrum orðum deilan snýst um varanlegan eignarrétt á sjávarauðlindinni og heimildum til að hún gangi kaupum og sölum á grundvelli einkaeignarréttar. Þorsteinn Pálsson segir að nefndin byggi „röksemdafærslu sína á því að fiskimiðin séu samkvæmt íslenskum lögum sameign þjóðarinnar. Öðru máli kynni því að gegna ef svo væri ekki. Ráða má af þessu að leysa megi málið með því einu að fella svokallað sameignarákvæði út.“ Fróðlegt væri að fá nú nýjan og yfirvegaðri ritstjórnarpistil eftir sama höfund þar sem hann skýrði hvers vegna álitsgerð Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna standist ekki stjórnarskrá Íslands því enn hefur stuðningsmönnum núverandi kvótakerfis ekki tekist að þurrka út fyrstu grein laga um stjórn fiskveiða þar sem segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“

*Höfundur er þingmaður.*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ali
Svínabógur
498
Grillaður heill kjúklingur (kaldur)
aðeins 498 kr. stk. ca 1150g.
498
Ali ferskur svínabógur
498 kr/kg.
25% AFSLÁTTUR
299
FROSIN LAMBASVIÐ
KS frosin lambasvið 25% afsláttur
299 kr/kg. Merkt verð 399 kr/kg.
98
toppur
474
1.FL FROSIÐ SÚPUKJÖT
frosið lambasúpukjöt 1.flokkur 474 kr/kg.
Enginn biti tekinn úr.
20% AFSLÁTTUR
879
FROSIÐ LAMBALÆRI
KS frosið lambalæri 20% afsláttur
879 kr/kg. Merkt verð 1098 kr/kg.
20% AFSLÁTTUR
2398
FROSIÐ LAMABAFILLET
…sið lambafillet m/fiturönd 20% afsláttur
2398 kr/kg. Merkt verð 2998 kr/kg.
40% AFSLÁTTUR
Ali
BACON
1099
Ali beikon 2 pk 40% afsláttur
1099 kr/kg. Merkt verð 1831 kr/kg.
Coca-Cola light
98
Coke Light 2 ltr. 98 kr.
Toppur 2 ltr. 98 kr.
HEIMILIS BRAUÐ
129
Myllu 1/1 Heimilisbrauð
770g 129 kr.
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00 til 18.30



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Soffía Þorvaldsdóttir**
Skarðshíð 19, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar, laugardaginn 26. janúar. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. febrúar, kl. 13.30.

**Þorsteinn Williamsson**
**Jóna Lísa Þorsteinsdóttir**
**Gunnar Þorsteinsson** **Mjöll H. Thoroddsen**
**Margrét Þorsteinsdóttir** **Guðmundur Víðir Gunnlaugsson**
**Þorvaldur Þorsteinsson** **Helena Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Jónína Helga Jónsdóttir**
Túngötu 19, Patreksfirði

andaðist á sjúkrahúsinu á Húsavík fimmtudaginn 24. janúar. Jarðsett verður frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 2. febrúar kl. 16.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Slysavarnadeildina Unni, Patreksfirði.

**Kristín Bergþóra Pálsdóttir**
**Jón Christian V. Andersen**
**Jens V. Andersen**
**Aðalsteinn Júlíusson** **Margrét Magnúsdóttir**
**Unnsteinn Ingi Júlíusson** **Anna Kristrún Sigmarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hinnar látnu.**



†

*Þökkum af alhug fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Sigrúnar Einarsdóttur**
frá Borg, Tunguvegi 4, Njarðvík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki D-deildar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og krabbameinslækningadeildar á LSH fyrir hlýhug og kærleiksríka umönnun.

**Friðrik Pétur Valdimarsson**
**Ólafía Sigríður Friðriksdóttir** **Birgir Vilhjálmsson**
**Þórunn Friðriksdóttir** **Ragnar Halldórsson**
**Oddbjörg Friðriksdóttir** **Erlendur Borgþórsson**
**Anna Hulda Friðriksdóttir** **Árni Eiðsson**
**Sigrún Alda Jensdóttir** **Snorri Snorrason**
**ömmubörn og fjölskyldur.**



†

*Ástkær faðir minn, afi, bróðir og frændi okkar,*

**Stefán Jóhann Eggertsson**
frá Steðja, til heimilis að Álfhólsvegi 95,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 29. janúar. Útförin auglýst síðar.

**Eggert Stefán Stefánsson**
**Arnór Darri Eggertsson**
**Guðrún Eggertsdóttir Kaaber** **Edvin Kaaber**
**Sigvaldi Eggertsson** **Sigríður Einarsdóttir**
**Ragna Valgerður Eggertsdóttir**
**og systkinabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, bróðir og frændi,*

**Sigurður Valdal Jóhannesson**
Framnesvegi 10, Keflavík,

er látinn. Jarðarförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, laugardaginn 2. febrúar kl. 14.00.

**Dætur hins látna,**
**systkini og frændsystkini.**

**EINAR J. GÍSLASON FORSTÖÐUMAÐUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1923.**

*Það skiptir miklu máli að vera einlægur gagnvart sjálfum sér og Guði.*

***Einar var einn andríkasti predikari landsins sem forstöðumaður Betelsafnaðarins í Vestmannaeyjum og síðar Fíladelfíu í Reykjavík. Hann lést 14. maí 1998.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 31. JANÚAR 1982**

## *Konur stofna samtök*

Samtök um kvennaframboð urðu að veruleika þennan mánaðardag árið 1982. Hátt í fjögur hundruð konur mættu á stofnfundinn sem haldinn var á Hótel Borg og af þeim gerðust 150 stofnfélagar.

Mikill einhugur var ríkjandi og hafði ein kvennanna á orði að eftir þessum fundi hefði hún beðið í hálfa öld.

Samtökin buðu fram til borgarstjórnar í Reykjavík vorið 1982. Það gekk eftir og fengu þau tvo fulltrúa kjörna í borgarstjórn Reykjavíkur og tvo fulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar það ár. Þá buðu samtökin fram í þremur kjördæmum í alþingiskosningunum 1983. Þau hlutu 5,5 prósent atkvæða og komu þremur fulltrúum á þing.



**Á STOFNFUNDINUM Á HÓTEL BORG** Hátt í 400 sátu fyrsta fund Samtaka um kvennaframboð.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR Í STÍGAMÓTUM: VALIN LJÓSBERI ÁRSINS 2007

# Lifi eins og blómi í eggi

„Auðvitað lít ég á þetta sem hvatningu í starfinu mínu. Velgengni fylgir ábyrgð og ég bið fólk að hnippa í mig ef ég fer að halla mér út af og finnst ég vera búin að gera það sem gera þarf," segir Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi og talsmaður Stígamóta, sem hlaut nýlega verðlaunin Ljósberi ársins 2007 fyrir áralanga, ötula og skelegga baráttu gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu. Ekki þó síst fyrir frumkvæði, hugrekki og rökfestu þegar hún stóð fyrir því að koma í veg fyrir alþjóðlega klámráðstefnu í Reykjavík.

Þótt Rúna sé röggsöm og mælsk þá kveðst hún lítið fyrir að tala um sjálfa sig. Þó fellst hún á smáviðtal í tilefni verðlaunanna. Lítið Ljósberaviðtal. Að íslenskum sveitasið er hún fyrst spurð um upprunann. „Ég ólst upp í Reykjavík en átti mitt annað heimili uppi í Borgarfirði, í Húsafelli og Fljótstungu þar sem ég var í sveit á sumrin. Þaðan er mikilvægur hluti af sjálfsmynd minni, náttúrubarnið sem er mótvægi við baráttukerlinguna." Hún kveðst einnig halda góðu sambandi við skólasystkini sín úr líffræðinni fyrir þrjátíu og eitthvað árum og ganga með þeim um fjöll og firnindi. „Það er svo gott að hlaða batteríin í útivist með skemmtilegu fólki."

Guðrún býr í Kópavogi með eiginmanninum til margra ára, Tómasi Jónssyni sérkennslufulltrúa. „Ég á góðan karl, þrjár stelpur og þrjú barnabörn þannig að ég lifi eins og blómi í eggi," segir hún brosandi." Ekki lætur hún heldur hjá líða að minnast á sjö manna teymið sem hún er hluti af hjá Stígamótum. „Það er gæfa að hafa þetta starfsumhverfi sem hér er," segir hún og er spurð hversu lengi hún hafi verið hjá Stígamótum.

„Ég datt inn í Kvennaathvarfið 1988 til 1990," byrjar hún upprifjun og hlær þegar hún er spurð í gríni hvort það hafi verið vegna barsmíða frá Tómasi manni sínum. „Nei, ekki aldeilis. Ég réði mig í sumarstarf hjá Kvennalistanum 1985 en það varð að þremur árum. Ætlaði alltaf til baka í fagið mitt, líffræðina, en fór svo að vinna hjá Kvennaathvarfinu og datt inn í heim sem ég hef ekki getað slitið mig frá síðan."

Spurð hvort starfið sé ekki niðurdrepandi svarar hún ákveðin. „Nei. Að vísu koma þannig dagar. En kúnstin er að finna leiðir út úr vandamálunum. Það finnst okkur gaman."

Nýlega hlutu Stígamót verðlaun frá stórum samtökum sem heita Equality Now sem stofnuðu alþjóðlegan sjóð til þess að styrkja grasrótarsamtök sem vinna gegn mansali, vændi og ofbeldi í heiminum. Níu samtök hafa fengið þessi verðlaun en Stígamót voru þau fyrstu í Evrópu. Viðurkenningunni fylgdi tíu þúsund dollara fjárframlag og í febrúar ætlar Guðrún í námsferð til New York ásamt starfssystrum sínum í Stígamótum í tilefni kvennafundar Sameinuðu þjóðanna þar. „Þetta gerum við með góðri samvisku nú án þess að klípa af rekstrarfénu," segir hún og bætir við. „Það gerist ekkert í Stígamótum nema af því hér er samstillt teymi sem er fullt af starfsgleði."



**LJÓSBERI ÁRSINS 2007** Guðrún Jónsdóttir í Stígamótum hlaut viðurkenninguna fyrir áralanga, ötula og skelegga baráttu gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

gun@frettabladid.is



†

*Hjartfólginn sonur minn, ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Ólafur Mogensen**
Flagggatan 8b, 41316 Gautaborg, Svíþjóð,

verður jarðsunginn frá Hagakyrkan í Gautaborg, þriðjudaginn 5. febrúar, klukkan 11.00.
Minningarathöfn um Ólaf verður haldin í Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 15. febrúar nk. klukkan 15.00 og eru allir sem þekktu Óla og þótti vænt um hann hjartanlega velkomnir.

**Marsibil Magnea Ólafsdóttir Mogensen**
**Maud Rämsell**
**Pétur Viðar Ólafsson**
**Birta Þrastardóttir** **Þórhallur Magnússon**
**Mirra Þórhallsdóttir**
**Peter Lassen Mogensen**
**Matthías Mogensen** **Kristina Marianna Wärd**
**Ingeborg Linda Mogensen**
**Erik Júlíus Mogensen** **Aðalheiður Elva Jónsdóttir**
**Inga Kolbrún Mogensen** **Sveinbjörn Gunnarsson**
**Birgir Mogensen** **Ásta Ragnheiður Júlíusdóttir**



## 50 ára afmæli

**Þann 3. febrúar nk. verður 50 ára**

**Kristján Guðmundsson,**

rekstrarhagfræðingur og útibússtjóri hjá Landsbanka Íslands. Af því tilefni tekur Kristján á móti gestum í Golfskálanum Grafarholti milli kl. 17 og 19 laugardaginn 2. febrúar.



†

*Hjartkær föðursystir okkar,*

**Herdís Jónsdóttir**
frá Seyðisfirði,

lést 18. janúar sl. Útför hennar hefur farið fram.

**Jón Gunnlaugur Jónasson**
**Inga Marta Jónasdóttir**
**Magnús Guðlaugsson**
**Jón B. Guðlaugsson**



**HÁTÍSKA Í KÍNA**
Tískuvikan í Hong Kong fór fram nýlega og mátti þar meðal annars sjá hönnun hins indónesíska Florence Liem.
TÍSKA 2



**HUGGULEGT GRAFFITÍ**
Borð bandaríska hönnuðarins Cole Scego hafa vakið athygli en hann beitir margvíslegum vinnsluaðferðum eins og leysi- eða vatnsskurði og notar ýmis tæki og áhöld.
HEIMILI 5




HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr
Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr
Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá 159,000 kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16




FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Georg er hrifinn af herralegum V-hálsmálspeysum og er hæstánægður með svarthvítu dansskóna sem hann fékk nýlega að gjöf.

# Ætlaði aldrei í þröngt

***Georg Kári Hilmarsson hefur þróað með sér fremur herralegan smekk.***

„Ég á það mjög mikið til að vera í peysum með V-hálsmáli og kaupi notað og nýtt í bland,“ segir Georg Kári Hilmarsson, bassaleikari Sprengjuhallarinnar. „Ég hugsa að hin síðari ár hafi ég þróað með mér fremur herralegan smekk.“

Georg festi til dæmis kaup á Herning-peysu í Kronkron fyrir skemmstu. „Hún er dönskættuð, skemmtilega munstruð og með alveg sérstaklega fallegu hálsmáli. Til hátíðabrigða finnst mér gaman að nota gamaldags smókingskyrtu af langafa mínum, Jóni Þórarinssyni, tónskáldi og rithöfundi, en það glittir í hana upp úr hálsmálinu,“ segir Georg.

Hann segist líka halda mikið upp á „Super-dans“ skó sem Jón Pétur í Dansskóla Jóns Péturs og Köru gaf honum. „Þetta eru svona svartir og hvítir Cha Cha Cha skór sem ég hafði lengi haft augastað á en Jón Pétur á eins,“ segir Georg sem á töluverðan dansferil að baki.

Hann segist kaupa fötin sín hér og þar og á meðal annars rauða golfpeysu, alsetta golfkylfum, sem hann heldur mikið upp á. „Hana keypti ég í Kolaportinu. Ég kaupi síðan allar gallabuxurnar mínar í Kronkron en þar fást buxur sem heita „Cheap monday“. Þær eru líka danskættaðar en framleiðandinn gerir þá kröfu að þær séu seldar á viðráðanlegu verði,“ útskýrir Georg.

Áður fyrr hefði Georg líklega flokkast sem skoppari og lýsti hann því margoft yfir að hann myndi aldrei ganga í þröngum gallabuxum. „Ég hélt því líka statt og stöðugt fram að ég myndi aldrei hysja upp um mig buxurnar ömmu minni og afa til sérstakrar gremju. Í seinni tíð hef ég þó þurft að éta það ofan í mig. Þetta heldur þó áfram og nú eru amma og afi alltaf að kvarta yfir gleraugunum mínum sem eru í stærri kantinum.“

vera@frettabladid.is




AppelSlim® Xtra

AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.

**Náttúruleg innihaldsefni:**
Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.

BIONAL





**Hristingar** ýmiss konar eru í tísku þessa dagana enda hollir og góðir. Búa má til fjölbreytta og næringarríka drykki úr grænmeti, ávöxtum og jafnvel skyri eða öðrum drykkjarvörum.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar


SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea



Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.


Nú eru að koma
nýjar vörur
www.vefta.is
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

ÚTSALA
ÚTSALA
Allt að
50%
afsláttur
Nú einnig fatnaður
LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • sími 551-6646

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið

# Austurlenskur elegans

***Á tískuvikunni í Hong Kong í Kína sem fram fór nýlega kenndi ýmissa grasa.***

Hönnun hins indónesíska Florence Liem var meðal þess sem sjá mátti á tískuvikunni. Á meðan margir aðrir hönnuðir horfðu til framtíðar hvarf Liem aftur til fortíðar og dró fram það besta úr tískustraumum fyrri alda. Enda var óneitanlega glæsibragur yfir þessum dömum sem komu fram í fatnaði frá honum og ákveðin stemning sem skapaðist á pöllunum.

emilia@frettabladid.is


Ákveðin dulúð skapast þegar andlitið er hulið að hálfu bak við blævæng.


Stórir kragar og gyllt skraut er ekkert nýtt í Kína en á alltaf vel við eins og sést.


Þó þessi bleikklædda blómarós væri ekki mjög austræn á að líta setti það heildarmyndina engan veginn úr jafnvægi.


Hár, förðun og skór var allt í samræmi við stemninguna svo heildarmyndin var óaðfinnanleg.

NORDICPHOTOS/AFP


Drekamynstrið er mjög klassískt í Kína.


SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNAR
BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445-2020
www.birna.net



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Heimsmenn að hætti Halldórs Laxness

Á eftir Mílanó var það París sem sýndi herratísku fyrir veturinn 2008-9 en sýningunum lauk á sunnudagskvöld eftir fjögurra daga maraþon. Fágun er lykilorðið í herrafatnaði næsta vetrar. Falleg efni, klassískur stíll og það sem verður ómissandi hjá öllum herrum á komandi vetri eru leðurstígvél, og buxurnar eru settar ofan í stígvélin, nokkuð sem sást nú þegar í vetur hér í París. Litirnir verða sterkir og nú dugir ekki lengur að vera bara í svörtu til að vera „chic“. Meira að segja hjá John Galliano má sjá stílhreina hönnun bak við „showið“ en fyrirsæturnar voru farðaðar líkt og eftir árás villidýra með opin sár.



Fágun og falleg efni verði áberandi í herratísku næsta vetrar.

Jean-Paul Gaultier reið á vaðið, nokkuð frumlegur að vanda þrátt fyrir að hafa oft hneykslað meira. Gaultier er undir áhrifum stíls enskra hefðarmanna með vafasaman orðstír og söguhetja sjónvarpsmynda frá árunum undir 1970 í ætt við Orange mécanique eða Dýrlinginn. Að venju blandar hann saman konum og körlum á sýningunni sem og hinu kven- og karllega eins og sást á ryðrauðum leðurbuxum með reimum líkt og á lífstykki á lærunum sem vakti athygli á sýningunni. Sýningin var tileinkuð Fred Chinchin úr rokksveitinni Les Rita Mitsouko sem lést í fyrra og tónlist sveitarinnar var spiluð á sýningunni en Chinchin hafði sögn Gaultiers mikil áfhrif á hann.

Hjá Hermès er fágunin ekki nýmæli en fellur vel inn í anda næsta vetrar með ullarbuxum sem eru mjög vel sniðnar og kasmírpeysum í skærum litum svo sem skærgrænum og hindberjarauðum. Meira að segja sá klæðnaður sem á að heita sportlegur er úr fínum efnum eins og vindjakki úr krókódílaskinni. Véronique Nichanian tískuhönnuður fagnaði með þessari fertugustu sýningu sinni tuttugu ára starfsafmæli sínu hjá Hermès.

Hinn nýi hönnuður Dior homme, Kris Van Assche heldur áfram að sýna hvað í honum býr. Þetta er önnur sýning hans eftir að hann tók við hönnuninni af Hedi Slimane. Van Assche er fyrrverandi aðstoðarmaður Slimane en vel sést að hann ætlar sér að fara aðrar leiðir en forveri hans. Fyrsta tískulína Van Assches hjá Dior er einmitt komin í tískuhúsin svo nú er að sjá hvernig hönnunin selst. Enn og aftur fáguð sýning í næstum viktoríönskum stíl, með háum skyrtukrögum og jökkum með áfestum fiðrildum gerðum úr fjöðrum. Einnig mátti sjá skyrtur með fjölda fellinga og buxur með plíseringum sem eru úr sjö metrum af efni en venjulega þarf tvo metra í herrabuxur. Þannig nálgast Dior hátísku í herrafatnaði með ótal smáatriðum sem kalla á margfalda vinnu en það hlýtur að skila sér í verðinu og það er nú önnur saga. Renglustíllinn er hins vegar alveg horfinn hjá Dior.

*bergb75@free.fr*

## Fjárfesting til framtíðar

***Í ljósi þess að gallabuxur kosta sitt borgar sig að fara eins vel með þær og kostur er.***

Líta má á gallabuxnakaup sem ákveðna fjárfestingu. Sérstaklega í ljósi þess að þær kosta yfirleitt á bilinu 12 til 38 þúsund. Það er því vísast að fara vel með þær svo að þær endist sem lengst.

Fyrsta ráðið er að kaupa buxurnar þröngar. Flestar gefa eftir og er ekki ráðlegt að kaupa þær víðar og stóla á að þær skreppi saman í þvotti. Síðan er mikilvægt að huga að þvottinum og helst að þvo þær sem minnst. Ef buxurnar eru meðhöndlaðar fyrir kaup, til dæmis með forþvotti á vissum stöðum, vilja flestir halda þeim eiginleikum sem lengst. Sumir framleiðendur mæla frekar með því að farið sé með buxurnar í hreinsun en ef sá kostur er ekki valinn ætti að miða við að þvo þær ekki fyrr en þær hafa safnað í sig allnokkrum blettum.

Ávallt skal þvo buxurnar á röngunni og í köldu vatni. Séu buxurnar þurrkaðar í þurrkara er mikilvægt að taka þær rakar út og leyfa þeim að ljúka við að þorna á snúru. Ekki er mælt með því að gallabuxur séu straujaðar.

*- ve*



Gallabuxur geta kostað sitt.


Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Útsala
Útsala
sparifatnaður

50%-
70%

Guðrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



Síðustu dagar útsölunnar

Verðhrun;
500 kr.
1000 kr.
1500 kr.
1900 kr.

Rita

Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730

Opið virka daga 10 - 18
Opið laugard. í Bæjarlind 10 - 16
og Eddufelli 10 - 14



Ferming í Flash



Kjólar
Ermar
Leggings
Skart
Skór

FLASH
Laugaveg 54,
sím 552 5201



vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**Borðmottur** eru einföld leið til að auðvelda þrif og halda í horfinu. Auðvelt er að þrífa þær og geta þær komið sér sérstaklega vel þegar yngri kynslóðin er að matast.










Rut hefur breytt bílskúrnum sínum í glæsilega geymslu þar sem allt á sinn vísa stað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bílskúrinn tekinn í gegn

***Í bílskúrum er ekki endilega mjög fallegt umhorfs og eru þeir oftar en ekki sannkallaðar ruslakistur. Það sama á við um geymslur sem oft eru yfirfullar af óþarfa. Svo þarf þó ekki að vera og er bílskúrinn við heimili Rutar Káradóttur innanhússarkitekts dæmi um hið gagnstæða.***

Innanhússarkitektinn Rut Káradóttir féllst á að deila nokkrum góðum ráðum með lesendum um það hvernig megi koma bílskúrnum eða geymslunni í gott horf. „Þegar ég fór yfir bílskúrinn minn, sem ég nota líka sem geymslu, flokkaði ég allt dótið í þrjá flokka en þeir voru: henda, gefa og eiga. Þá hluti sem ég ákvað að eiga skrifaði ég niður á blað,“ útskýrir Rut. Hún segir að það geti líka verið sniðugt að mynda og taka mál af hlutunum til að gera sér grein fyrir því hversu stórar hirslurnar þurfa að vera.

„Ég hannaði síðan hirslur utan um hlutina og fékk Smíðaþjónustuna til að smíða þær fyrir mig úr þrælsterku en ódýru plasti. Ég hafði allar hirslurnar lokaðar bæði til þess að geymslan liti betur út og líka til að hlífa dótinu. Það er þó ekki nauðsynlegt að láta sérsmíða hirslur og ætti að vera hægt að finna svipaðar lausnir í Ikea eða sambærilegum verslunum.“



Í skúffum sem þessum má til dæmis geyma gömul albúm, bréf, teikningar og jólaskraut.

Hér eru nokkur dæmi um þá flokka sem Rut bjó til:

**Hillur fyrir vetrarhjólbarða:** Kemur í veg fyrir að þeir rúlli um bílgeymsluna eða hlaðist upp.

**Ferðatöskur:** Gott að hafa þær í þægilegum og aðgengilegum hirslum sérstaklega ef þær eru mikið í notkun.

**Skrautskápur:** Fyrir vasa, kertastjaka, jólaskraut og fleira.

**Minningaskápur:** Gömul albúm, bréf, teikningar, myndbandsspólur, kasettur og fleira.

**„Listaverkaskápur“:** Ef afkastamiklir ungir listamenn eru á heimilinu getur verið gott að hafa skáp úti í geymslu þar sem maður getur losað helstu verðmætin þegar þau hafa glatt mann. Það eru takmörk fyrir því hversu mikið af þeim er hægt að geyma inni á heimilinu.

**Útileguskápur:** Föt, prímusar, dýnur, tjald og fleira. Þá er allt klappað og klárt í útileguna eða ferðalagið og auðvelt að ganga frá á eftir.

**Skíðaskápur:** Skíði upp á rönd. Klossar í hillum. Þá er ekki hætta á því að snjórinn verði farinn þegar loksins er búið að finna skíðadótið.

**Útivistarföt:**
Fataslár með fötum og körfur/skúffur undir vettlinga, húfur, sokka og fleira.

**Skóskúffur:** Fyrir göngu- og íþróttaskó. Þar af leiðandi þarf ekki að fylla forstofuskápa af skóm sem einungis eru notaðir af og til.

**Vetrarföt/sumarföt:** Skápar til að geyma vetraryfirhafnir og vetrarskó á sumrin og öfugt á veturna. Þannig er eins og maður eigi fullt að nýjum fötum við árstíðaskiptin.

**Að lokum nefnir Rut F-13 skápinn og þarfnast nafngiftin útskýringa:** „Eiginmaður minn gerði mikið grín að mér þegar hann var að leita að millistykkjum og ég sagði honum að þau væru í F-13 skápnum. Það eru þó engin flókin vísindi á bak við nafngiftina en hún er tilvísun í götuna sem við búum við og húsnúmerið. Í þessum skáp er allt sem við kemur viðhaldi hússins. Má þar nefna málningu, verkfæri, gólfefnaprufur og millistykki.“

*vera@frettabladid.is*













# Graffíti-skreytt borð

***Bandaríski hönnuðurinn Cole Scego fer óhefðbundnar leiðir við gerð borða sem vakið hafa athygli.***


Scego beitir margvíslegum aðferðum við gerð borðanna, svo sem leiser- og vatnsskurði.

Þessi skemmtilegu borð eru hönnuð af ungum og upprennandi bandarískum hönnuði að nafni Cole Scego. Þessi hógværi herramaður segist aldrei hanna neitt nema með endingu og gæði í fyrirrúmi.

Til verksins notar Scego gjarnan eina tegund málms og gætir þess að borðin séu fáanleg í einu lagi út úr búð. Hann segist sjálfur ekki þola húsgögn sem setja þarf saman þar sem slíkt krefjist oft of mikillar fyrirhafnar og endalausrar vinnu, þolinmæði og tíma af hálfu viðskiptavinarins.

Scego beitir margvíslegum vinnsluaðferðum, svo sem leiser- eða vatnsskurði og notar margvísleg tæki og áhöld til að búa borðin til. Smiðshöggið rekur hann síðan með því að skreyta yfirborð þeirra með allt að átta litum og lakkar loks yfir til að fullkomna verkið, en aðferðirnar hafa vakið eftirtekt ekki síður en útkoman sjálf: Gróf borð sem hópur hæfileikra veggjakrotara gæti allt eins hafa komist yfir, með litum sem munu örugglega lífga upp á hvaða heimili sem er.

*roald@frettabladid.is*


Borðin eru litrík og töff og vís með að lífga upp á hvaða heimili sem er.


Borðin eru yfirleitt gerð úr málmi og koma í heilu lagi.


## Nýjar húsgagnasendingar



Teg 2001


Teg 2083


Teg 2106


Teg 2064


Teg 287


Teg 307

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

SIL-AIR
SIL-AIR 50/24
50 l/min - 1.77 CFM
8 bar - 116 psi



Afkastar 50L/min og 8.bar/116 psi.
24 Lítra kútur. Vegur aðeins 27.kg.
B:40cm x D:40cm x H:60cm

Færanleg og mjög hljóðlát loftpressa.

JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Útsala
Útsala
Útsala
Allt að 70% afsláttur
Full búð af fallegum vörum
Z-brautir og gluggatjöld
Faxafeni 14 108 Reykjavík
Sími 525-8200 - Fax 525-8201 - z@z.is

Tjáðu þig!




Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi

**Lopapeysur** og annar hlýr fatnaður er mikið þarfaþing þessa dagana og mikilvægt er að klæða sig vel og skynsamlega næstu daga í kuldanum. Spáð er miklu kuldakasti og því um að gera að hafa hlýjar peysur, sokka, húfur og vettlinga til taks fyrir unga sem aldna.




Ui
Upledger á Íslandi

**Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.**

Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

LOFTHREINSITÆKI

-betra loft -eyðir ryki
-dregur úr ofnæmisvökum
Verð frá 5.990
ís-húsið




Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari á sundlaugarbakkanum á Hrafnistu þar sem hún kennir bakleikfimi við miklar vinsældir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vöðvarnir virkjaðir

***Það þarf sterk bein til að ganga lífsins veg og sterkt bak til að axla lífsins þrautir. Þetta veit Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari og eigandi Breiðu bakanna, en Harpa kennir endurnærandi og styrkjandi bakleikfimi á landi og í legi.***

„Ég byrjaði með bakleikfimi í Kramhúsinu haustið 1990 og hef verið með hana síðan, nú síðast í Hreyfigreiningu frá árinu 2003 og byrjaði samtímis með bakleikfimi í vatni," segir Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari sem leggur stund á doktorsnám þar sem hún vinnur að rannsóknum á samverkun axlargrindar og hálsverkja, sem ekki hefur verið gert áður.

„Bakleikfimi er fyrir alla sem hugsa vilja vel um bak sitt, vera í leikfimi þar sem sjúkraþjálfari kennir og gera æfingar í samræmi við rannsóknir sem eru í gangi á hverjum tíma. Ef veikleiki er fyrir hendi eru sjúkraþjálfarar þeir einu sem hafa sérmenntun til að útbúa æfingar," segir Harpa sem kennir átta hópum samtals í Hreyfigreiningu, sundlaug Hrafnistu í Laugarási og í Grensáslaug.

„Ég byggi leikfimitímana á dansi, en í vatnsleikfimi er ekki fylgt takti tónlistar. Álagshópar eru af þremur styrkleikum, en í báðum flokkum er æfingakerfið öflugt," segir Harpa og útskýrir að þeir sem finni fyrir verkjum á landi færi sig fljótlega ofan í vatn.

„Þyngdarkrafturinn hefur áhrif á liði og hrygg, en í vatni verður maður einn tíundi af líkamsþyngd sinni. Við æfum úthald og þrek án þess að fara fram úr sjálfum okkur. Í hefðbundinni líkamsrækt er fólk sífellt að þyngja lóð í stað þess að auka samhæfingu og hæfni djúpu vöðvanna til að vinna, en djúpa vöðvakerfið frá mjaðmagrind, hrygg og upp í axlagrind þarf að þjálfa og halda í eðlilegri starfsemi. Ef þeir virka ekki sem skyldi spennast yfirborðsvöðvar of mikið, en sjúkraþjálfun gengur út á að losa spennu í yfirborðsvöðvum og koma vanvirkum djúpum vöðvum af stað," segir Harpa og leggur áherslu á að kyrrseta sé aðal orsakavaldur í vaxandi bakverkjum íslensku þjóðarinnar.

„Aukið hreyfingarleysi einkennir samfélag okkar og veldur mörgum stoðkerfisvanda. Dagleg tilvera snýst meira og minna um setur, en við þurfum að vera meðvituð um að hreyfa okkur reglulega. Lengi var talað um að 80 prósent þjóðarinnar kvörtuðu einhvern tímann undan bakverkjum en nú er sú tala komin upp í 90 prósent. Verkir í hálsi og herðum miðuðust við 60 prósent en færast nú líka ofar," segir Harpa sem hvetur fólk til fjölbreyttrar hreyfingar í stað æfinga í fastri stöðu.

„Ef fótleggir vinna ekki rétt er staða mjaðmagrindar alltaf röng og manneskjan beitir neðri hluta líkamans vitlaust, en þá liggur hryggurinn ekki á réttri undirstöðu. Mjaðmir verða fyrst og fremst fyrir sliti vegna einhæfs álags, en það sem viðheldur brjóskmyndun í mjaðmaliðum er fjölbreytt hreyfiálag," segir Harpa sem kennir bakleikfimi ungum jafnt sem öldnum.

„Ég leyfi fólki að prófa eitt til tvö skipti, og svo getur það komist inn í hóp sem hentar. Við tökum á móti öllum, burtséð frá stoðvanda og verkjum, en markhópur okkar er einstaklingar sem þarf að taka tillit til og þar sem okkar sérfræðiþekking gagnast.

*thordis@frettabladid.is*

## Ljósið í nýju húsnæði

NÝTT HÚSNÆÐI LJÓSSINS AÐ LANGHOLTSVEGI 43 VERÐUR FORMLEGA OPNAÐ Í DAG MILLI KL. 17 OG 19.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Erna Magnúsdóttir iðjuþjálfi hefur yfirumsjón með starfsemi Ljóssins sem rekið er virka daga frá klukkan 8 til 16.

Markmið Ljóssins er að efla lífsgæði fólks sem hefur greinst með krabbamein. Styrkja andlegan, félagslegan og líkamlegan þrótt og draga þannig úr hliðarverkunum sem sjúkdómarnir hafa í för með sér. Í dag verður húsnæði þess opnað formlega auk þess sem starfsemin verður kynnt og hægt verður að skoða húsakynnin.

*- gun*


ÞORRI




Þorri landsmanna vill holla næringu og það strax í dag!

Sölustaðir
Tíu-ellefu, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Staðarskáli, Verslunin Vísir, Verslunin Þingholt, Bláa lónið, World Class, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

NÁMSKEIÐ
Jóga - Slökun - Hreinsun
Helgina 2. - 3. febrúar 2008
Fosshótel Reykholti
ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótel
www.icelandyoga.com / sími 435 1260



Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN


# vinnuvélar

FIMMTUDAGUR 31. JANÚAR 2008



## Salt, salt og salt

**Á annað hundrað tonnum af salti er dreift á götur landsins á einum sólarhring í mestu vetrarveðrunum.** BLS. 2




FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




# Geislandi
## gott samstarf

*„Það er mikið átak að byggja upp röntgendeild með fullkomnum tækjum. Frábært starfsfólk Lýsingar hefur staðið með okkur í því í einu og öllu. Þekking þeirra, hlýlegt viðmót og skjót úrlausn mála eru okkur mjög mikils virði.“*

**Einfríður Árnadóttir, röntgenlæknir Röntgen Orkuhúsið**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING
LYSING.IS // 540 1500



Vagnarnir standa á upphituðu plani og eru tengdir lofti og rafmagni í stæðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allir vagnarnir á spena í Árbænum

**Nú eru strætisvagnar höfuðborgarsvæðisins hættir að sofa í Laugarnesinu og eru fluttir upp á Hálsa, nánar tiltekið Hestháls. Af því tilefni var Jóhannes Jóhannesson, sviðsstjóri rekstrarsviðs, tekinn tali.**

*Jóhannes, er ekki alltaf brjálað veður þarna uppi á Hálsum?*

„Nei, svæðið hér er nú ekki jafn opið fyrir norðanáttinni eins og Kirkjusandurinn en þó erum við á nokkru bersvæði og klárlega festir hér meiri snjó en í Laugarnesinu.“

*Verðið þið þá að byrja á að sópa snjóinn af öllum vögnum snemma á morgnana?*

„Nei, breytingarnar sem snúa að veðráttu og vörnum gegn henni eru miklar. Hér eru vagnarnir nefnilega allir á spena yfir nóttina, sem þýðir að þeir eru tengdir við loft sem heldur öllum dyrum vel þéttum og lokuðum. Áður var það þannig að ef mikið rok stóð upp á vagnhliðarnar gat verið hætta á að dyrnar opnuðust og jafnvel fennti inn. Nú eru vagnarnir líka í sambandi við rafmagn yfir nóttina og með miðstöðina í gangi þannig að þeir eru þurrir og fínir að morgni. Á Kirkjusandinum þurftu menn að koma um miðjar nætur til að setja vagnana í gang og í verstu vetrarveðrum voru þeir látnir ganga alla nóttina. Til viðbótar þessu erum við með hita í öllum plönum sem var ekki niður frá svo snjóinn tekur fyrr upp.“

*Var aðstaðan sérhönnuð fyrir ykkur frá grunni?*

„Reykjavíkurborg á aðstöðuna og leigir okkur hana. Á þessari lóð var timbursala Sambandsins í fyrstu og svo hafði Landsvirkjun hér geymslusvæði en borgin lagði í heilmiklar framkvæmdir til að fella aðstöðuna að okkar þörfum og við fluttum hingað um miðjan desember. Á lóðinni var byggð þvottastöð sem skilar okkur hreinni bílum og í sambandi við verkstæðið má geta þess að hér erum við með lyftur en niður frá vorum við bara með gryfjur þannig að það er bylting fyrir starfsmenn að vinna á sléttu gólfi við viðhald og viðgerðir.

Húsnæðið er líka mun bjartara en við höfðum áður þannig að starfsmannaaðstaðan, sérstaklega sú sem snýr að vagnstjórum, hefur batnað til muna. Skrifstofurýmið er ekki allt tilbúið ennþá en verður það trúlega í mars og þá flytur skrifstofustarfsemin hingað úr Mjóddinni.

*Þurfa vagnarnir að fara fyrr af stað á morgnana nú en þegar þeir voru niðri á Kirkjusandi?*

„Já, við erum aðeins meira út úr. Það skiptir auðvitað ekki farþegana máli því okkar frábæru starfsmenn eru árrisulir og telja ekki eftir sér að mæta á réttum tíma en þeir þurfa vissulega að fara fyrr af stað. Það er vissulega erfiðara að halda úti vagnaflotanum í svona vetrarveðráttu eins og nú er. Til dæmis getur verið torvelt að komast um göturnar fyrir vanbúnum bílum. Þá á fólk auðvitað bara að taka strætó!“



„Húsnæðið er mun bjartara en það sem við höfðum áður,“ segir Jóhannes Jóhannesson, sviðsstjóri hjá Strætó bs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

*Lendið þið í að það sé ekki búið að ryðja göturnar í kringum ykkur þegar þið þurfið að leggja af stað á morgnana?*

„Nei, það er mjög vel hugsað um allar strætisvagnaleiðir. Þeir sem eru á ruðningstækjunum hjá borginni fá alveg súpereinkunn fyrir það.“

*- gun*

# Á annað hundrað tonn af salti á sólarhring

**Saltdreifarar eru algeng sjón á götum borgarinnar og víðar þessa dagana þar sem Vetur konungur hefur sýnt sig í öllu sínu veldi. Á vegum landsins eru menn eins og Hilmar Ólafsson sem vinna að því dag og nótt að dreifa salti til að stuðla að öryggi í umferðinni.**

Þrátt fyrir að tilgangur saltdreifara sé fremur einfaldur þá er samsetning þessara tækja held-ur flóknari. „Þetta er sjálfstæður vörubíll sem tekur á sig dreifara. Hægt er að setja hann á pall eða á grind undir pallinum og tekur hann um sjö rúmmetra af salti. Inni í bílnum eru síðan stjórntæki þar sem við getum dreift saltinu mjög nákvæmlega í grömmum á fermetra og veljum við það eftir aðstæðum hverju sinni. Þetta er tölvustýrt tæki og mjög nákvæmt. Það er því frekar flókið að gerð þó að nokkuð einfalt sé að stýra því,“ segir Hilmar Ólafsson verktaki.



Hilmar Ólafsson dreifir salti fyrir Vegagerðina víðs vegar um höfuðborgarsvæðið til að auka öryggi á vegum úti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Allir dreifararnir sem við erum með dreifa líka saltpækli með. Það er blanda sem virkar mjög vel og þá er hægt að dreifa minna af salti,“ segir Hilmar og viðurkennir að saltið skemmi eflaust vegina að einhverju leyti en bætir við að það sé þó skásta lausnin enn sem komið er. „Sandurinn fýkur þegar það kemur rok og stíflar öll niðurföll og veldur því enn meiri skemmdum. Saltið er besti kosturinn því það fer einfaldlega ofan í niðurföllin og svo aftur í sjóinn.“



Einn af saltdreifurunum hjá Malbikunarstöðinni á Höfða nýkominn til síns heima eftir annasaman dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hilmar Ólafsson ehf. er með tólf saltdreifara fyrir Vegagerðina. „Reykjavíkurborg er líka með verktaka en Malbikunarstöðin Höfði sér um að dreifa fyrir þá. Við tökum allt frá Hvalfjarðargöngum Reykjavíkurmegin upp að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Við erum með Reykjanesbraut, Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Reykjanesbraut hina nýju í gegnum Smáralind og Suðurlandsbrautina að Litlu kaffistofunni en þar tekur Vegagerðin á Selfossi við. Við erum því með allar þessar stofnbrautir og vegi sem Vegagerðin sér um,“ útskýrir Hilmar áhugasamur og bætir við: „Við erum með tvær gerðir af saltdreifurum. Utan á annarri gerðinni eru 2.000 lítrar af saltpækli og um sjö rúmmetrar af salti en svo erum við með aðra gerð sem tekur 8.200 lítra af pækli og fimm rúmmetra af salti. Þessu blandar dreifarinn saman þegar hann dreifir og það dugar mun betur á svörtu hálkuna sem kemur til dæmis þegar rignir á haustin og það kemur nokkurs konar glerungur yfir allt. Þá leysist hálkan næstum því upp samstundis á eftir bílnum.“ Vélarnar eru danskar og keyptar frá Aflvélum og Wendel. Fyllt er á saltið hjá Malbikunarstöðinni á Höfða og í saltskemmu Vegagerðarinnar í Hafnarfirði er einnig salt- og pækilstöð.

Þegar tíðarfarið er líkt og verið hefur undanfarið er salti dreift allan sólarhringinn. „Við erum nokkuð margir og upp á síðkastið hafa farið á annað hundrað tonn af salti á sólarhring. Við erum að þessu yfir veturinn en svo hverfum við til annarra starfa,“ segir Hilmar sem hefur í nógu að snúast við að salta vegi landsins þessa dagana.

*- hs*

# ÖKULJÓS

Meira ljós - meira öryggi



Nr. NS3702

**Xenon ljós 9".**
Glært gler, Innbyggður spennir,
Osram Xenon og spennir 12V og 24V
**Verð: 59.900 kr per stk.**




NR. NS880SB

**PHILIPS**
**X-treme Power**
Allt að 80% meira ljós.

FÆST Á ÖLLUM BENSÍNSTÖÐVUM SKELJUNGS



NR. NS907SSB

**Halogen 8".**
H3 12V 55W, Blátt gler með
díóðurhring. Ryðfrítt stál.
**Verð: 14.900 kr per 2 stk.**



Nr. NS2015BC

**Halogen 5 1/2".**
H3 12V 55W Blátt gler.
**Verð: 4.900,- per 2 stk.**



NR. NS880SB

**Halogen 8".**
H3 12V 55W, Blátt gler,
Ryðfrítt stál.
**Verð: 14.900,- per 2 stk**



NR. NS21BB

**Þokuljós**
H3 12V 55W. Blátt gler
**Verð: 5.900,- per 2 stk.**



NR. 302286500

**Halogen. 9"**
H1 12V 55w Til með bláu og
glæru gleri með díóðuhring.
**Verð: 14.311,- per 1 stk**



NR. NS34BB

**Halogen 4 1/2".**
H3 12V 55W, blátt gler,
með díðóðu hring.
**Verð: 7.900,-. per 2 stk**



NR. NS1108F

**Vinnuljós flóðlýsing.**
Linsa glær úr hertu gleri..
**Verð: 2.900,- per 1 stk**



**NÝJAR H4 og H7**
**bílaperur frá PHILIPS**



Skoðaðu úrvalið af ljósum hjá okkur á
www.stilling.is/ljos

**Stilling**
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

# Arrowhead Brotfleygar




VÉLFANG VERKIN TALA

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2007

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is




Massey Ferguson-dráttarvélarnar eiga mikilli velgengni að fagna.

# Massey Ferguson fimmtíu ára

**Massey Ferguson er eitt þekktasta dráttarvélamerki heims en í ár er fyrirtækið fimmtíu ára.**

Í ár eru 50 ár liðin frá því að landbúnaðartækjaframleiðandinn Massey Ferguson varð til. Vörumerkið hefur átt mikilli velgengni að fagna og er eitt þekktasta merki heims á sínu sviði.

Árið 1953 sameinuðust landbúnaðartækjaframleiðendurnir Massey-Harris frá Kanada og Harry Ferguson Ltd. á Englandi í Massey-Harris-Ferguson.

Saga fyrirtækisins nær þó mun lengra aftur eða til ársins 1847 þegar Massey-fyrirtækið var stofnað í Ontario. Í lok 1957 var Harris-nafnið tekið út og í byrjun ársins 1958 varð hið goðsagnakennda vörumerki til sem samanstendur af þremur rauðum þríhyrningum. Útrásin hófst og verksmiðjur voru opnaðar víða um heim. Vegna harðnandi alþjóðlegrar samkeppni og minni eftirspurnar í landbúnaðargeiranum lenti fyrirtækið hins vegar í erfiðleikum. Yfirtökur og fjöldi samruna tóku við en þrátt fyrir það er Massey Ferguson þekktasta dráttarvélamerki heims og má líklega rekja það til þess að fyrirtækið setti vörur sínar fyrr á alþjóðlegan markað en samkeppnisaðilarnir.

Rauðhyrningarnir þrír sem eru vörumerki Massey Ferguson urðu til árið 1958.

Massey Ferguson er enn í dag einn algengasti og eftirsóttasti traktor í heimi.

Agco, núverandi eigendur Massey Ferguson, héldu upp á tímamótin með því að afhjúpa nýja aðstöðu í Beauvais-verksmiðjunni í Frakklandi. Hún hefur meðal annars að geyma æfingaaðstöðu, bílabraut og sýningarsal.



Massey Ferguson traktor af elstu gerð.

● **BENJAMIN HOLT** var bandarískur uppfinningamaður sem þróaði belti fyrir dráttarvélar. Beltin eru notuð til að dreifa þunga landbúnaðarvélarinnar til að koma í veg fyrir að hún sökkvi í aur.

Í sveitinni í kringum Stockton í Kaliforníu þar sem Holt bjó var algengt vandamál að vélar sykkju ofan í jarðveginn. Beltadráttarvélarnar gerðu bændum fært að rækta mun meira af landinu.



Holt stofnaði The Holt Manufacturing Company snemma á tuttugustu öldinni. Eftir dauða Holts árið 1920 sameinaðist fyrirtæki hans C.L. Best Tractor og úr varð Caterpillar Tractor Co. sem nú heitir Caterpillar Inc.

Gata í norðurhluta Stockton er nefnd Benjamin Holt Drive til heiðurs uppfinningamanninum.


Vegna aukinna umsvifa og stækkun húsnæðis vantar okkur fólk til starfa

INNANHÚSSARKITEKT / HÖNNUÐUR

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Afgreiðsla í sýningarsal
- Teikna upp Montana hillukerfi ásamt annari teiknivinnu
- Fagleg ráðgjöf til viðskiptavina í verslun
- Samskipti við birgja

Hæfniskröfur
- Innanhússarkitekt / hönnuður
- Ensku eða dönskukunnátta
- Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum

STARFSMANN Í AFGREIÐSLU

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Afgreiðsla í sýningarsal
- Útstillingar í sýningarsal í samráði við þjónustustjóra
- Aðstoð við verðmerkingar og áfyllingar
- Símsvörun
- Vörumóttaka

Hæfniskröfur
- Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum

STARFSMANN Í TEXTÍLDEILD

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Afgreiðsla í sýningarsal
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Mælingar og klippingar efna
- Aðstoð við útstillingar í sýningarsal í samstarfi við innanhússhönnuð
- Uppsetning gluggatjalda

Hæfniskröfur
- Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Páll í síma 568 7733
Umsóknir óskast sendar á netfangið kpe@epal.is fyrir 2. febrúar

MARKMIÐ EPAL
Að kynna hönnun á Íslandi
Að auka skilning og virðingu fyrir hönnun
Að halda stöðu leiðandi fyrirtækis í þessari grein
Að viðskiptavinir fái bestu þjónustu í Epal

epal

Epal hf.
Skeifan 6
Sími 568 773
epal@epal.is
www.epal.is

# STÓRSÝNING

*á lyfturum, vinnuvélum og landbúnaðartækjum*
*föstudaginn 1. febrúar*



ZTX 280 hö. — Venieri 3,3 tonn — XTX 200 hö. — Venieri 3,9 - 12,5 tonn — MTX 150 hö



Hyster 2,5 Diesel — F 95 XL 90 hö. — Multione liðléttingur — CXL 85 81 hö. — Hyster J 1,6 vöruhúsalyftari



JF Stoll stjörnumúgavélar — Hydrema 14,5 tonn — Hydrema 7 - 10 tonn — Hydrema 6,5 - 7,5 tonn — JF Stoll heyþyrlur



Hydrema 11 -17 tonn — HiSpec haugsugur — Hydrema 5,6 tonn — HiSpec skítadreifarar — Job-man liðléttingar



Ditch Witch 1,8 - 4,2 tonn — Hyster 1,4 staflari — Rauch áburðardreifarar — Hydrema 8 -10 tonn — JF-Stoll sláttuvélar

McCORMICK — Ditch Witch — HYDREMA — RAUCH — HYSTER
JOB-MANN — HI SPEC — JF-STOLL — MULTIONE

*Verið velkomin — Góðar veitingar*

**VÉLAR & ÞJÓNUSTA**

**Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is**



Lyftari er mikið þarfaþing þegar kemur að fæðuöflun fyrir húsdýrin því fóðurpokarnir eru þungir og heyrúllurnar stórar.



Mjaltir eru tvisvar á dag með mjaltavél í fjósinu á Hafrafelli í Laugardal, en mjólkina drekka bæði kálfar og menn sér til heilsubótar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Fjölbreyttasti skíturinn á Hafrafelli

**Meðan hani, krummi, hundur og svín sofa svefni hinna réttlátu lúra vinnuvélar líka á landareigninni Hafrafelli í Laugardal. Því þótt jörðin sé hvít og blómin sofi er nóg að sýsla hjá dýrunum, enda starf húsdýrabænda ekki bundið árstíðum.**

„Vinnuvélanotkun er minni á vetrum, en hér er alltaf dráttarvél í notkun til að halda stígum hreinum, draga þunga hluti og moka, sem og lyftari til fóðurflutninga því hingað kemur fóður í brettavís og heyrúllur taka menn ekki undir hendina,“ segir Tómas Óskar Guðjónsson, líffræðingur og forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins í Laugardal.

„Fyrir sjaldgæfari framkvæmdir leigjum við vörubíla, gröfur og krana, en búskapur hér er eins fjarri verksmiðjubúskap og hægt er að komast, enda dýrin svo fá sinnar tegundar,“ segir Tómas Óskar og bendir á óhefðbundnari vinnuvélar í garðinum, eins og hjólbörur og gamaldags reiðhjól.

„Hjólbörur nota skólabörn til að ferja inn í garðinn drykki sína og grillmat, og reiðhjólin notum við starfsfólkið til að hjóla á milli staða. Ef menn ætla endann á milli í garðinum er það kílómetra ferðalag svo húsvörður og verkstæðismenn nota litla



Sjódælan í sjávardýrasafninu er mikilvæg þeim mörgu lífverum sem þar búa í búrum, en dælan síar óhreinindi og mengun úr sjónum utan við Laugarnes.

rafmagnsbíla til að vera fjótari í ferðum,“ segir Tómas Óskar þar sem hann stígur pedalana milli útihúsa.

„Á sjávardýrasafninu er mikilvæg vinnuvél sem dælir inn sjó úr hafinu við Kirkjusand. Rennslið má aldrei stoppa en sjórinn er ekki sá hreinasti og um síður þarf oft að skipta. Stundum koma kaflar þar sem sjórinn er svo drullugur að við lendum í verulegum vandræðum ef við bregðumst ekki hratt við, en tvisvar hefur allt drepist hjá okkur vegna þess hve sjórinn var mengaður,“ segir Tómas Óskar, en slíkt tjón er alvarlegra en menn grunar því þá þarf að finna aftur fjölbreyttar tegundir fiska, krabba, skeldýra og lindýra úr íslensku sjávarríki.

„Við höfum líka dælt sjó í selalaugina, en þegar svona skot koma sjást selir ekki í lauginni því sjórinn er svo brúnn. Selir eru hins vegar ekki jafn háðir súrefni úr sjónum og lifa af ef brugðist er hratt við,“ segir Tómas Óskar, en alls renna um 100 þúsund rúmmetrar sjós inn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á ári.

„Til að þrífa skítinn undan dýrunum kaupum við þjónustu dælubíla sem koma með sína löngu barka og sjúga upp skítinn. Það gerist oftar á vetrum því yfir sumartímann ganga dýrin úti og skíta þar. Þetta fer allt í Sorpu því illa gengur að nýta þessi verðmæti en þetta er úrvals hráefni og ekki hægt að fá fjölbreyttari skít en hér,“ segir Tómas Óskar sem ekki hefur misst dag úr vinnu vegna veikinda þau átján ár sem hann hefur stýrt búi á Hafrafelli.

„Við notum auðvitað mjaltavél til að mjólka þessar þrjár kýr sem hér eru, en mjólkin fer að mestum hluta í kálfana. Starfsfólkið notar hana einnig út í kaffi og til mjólkurdrykkju og í fræðslustarfinu á morgnana nýta skólabörn hana í kókó og vöfflubakstur. Mjólkin gerilsneyðist við hitun fyrir krakkana en við starfsfólkið erum ekki bundin því og kjósum að drekka hana spenvolga beint úr fjósinu. Enda hef ég aldrei orðið veikur mína vinnutíð, og það gæti vel verið mjólkinni að þakka.“ *- þlg*



Hér sparar sér sporin Valdimar Guðlaugsson, deildarstjóri vélaeftirlitsdeildar, en alls er kílómetra gangur enda á milli í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og færi bróðurpartur vinnudagsins í göngur ef rafmagnsbílanna nyti ekki við.



# ÖJ-ARNARSON EHF

## www.trukkur.is

☎ 893 8327



- Gámakeyrsla
- Efnisflutningar
- Vélaflutningar
- Flatvagnaflutningar
- Dráttabílar
- Vörubílar
- Gröfur og tæki
  til allra annarra jarðvinnu

Mbl 914732

**ÖJ-ARNARSON EHF**

www.trukkur.is trukkur@trukkur.is

Símar 893 8327, 863 8327, fax 587 4832.





Nýi bíllinn á sjálfsagt eftir að fá athygli.

# Barbí-dráttarbíll á götur borgarinnar

Nýi Volvo Globetrotter FH 16 dráttarbíllinn sem flutningafyrirtækið Fljótandi ehf. í Reykjavík fær afhentan, á sjálfsagt eftir að vekja athygli á götum úti þar sem bíllinn er bleikari en allt sem bleikt er.

Fyrirtækið hefur um nokkurt skeið leitað að bíl í lit sem ólíklegt er að aðrir veldu. Hingað til hefur það verið reynt með litlum árangri þar sem aðrir hafa þá pantað sér bíla í sams konar lit. Telja forráðamenn fyrirtækisins sig nokkuð örugga með nýja litinn þar sem fáir yrðu svo djarfir að veðja á þann bleika.

Fyrir utan skemmtilegan lit, má nefna að bíllinn er með 660 hestafla vél, Globetrotter XL húsi, þar sem eru tvær kojur, innbyggður gsm-sími í innréttingu, ísskápur, olíumiðstöð, loftkæling og margt fleira.

Þá er dráttarbíllinn búinn athyglisvaka, sem fylgist með að ökumaður haldi einbeitingu við aksturinn, árekstrarvara með aðlögunarhæfum hraðastilli og sjálfvirkri hemlun nálgist bíllinn um of aðra bíla fyrir framan, skriðvörn, Xenon aðalljósum, Naf-drifi, vigtarnema á öxlum, I-shift sjálfskiptingu, loftpúðafjöðrun og fleiru.

Nánar á www.volvotrucks.is.

*- rve*


Fyrirtækið valdi lit sem fæstir hefðu veðjað á.

## ● AUKINN ÚTFLUTNINGUR Á NOTUÐUM VINNUVÉLUM

Stóraukinn útflutningur var á notuðum vinnuvélum og dráttarvélum á síðasta ári samkvæmt frétt á vefsíðu Vélavers www.velaver.is.

Vélarnar hafa farið til margra landa innan Evrópu meðal annars til Póllands, Skotlands og víðar en í Asíu hafa vélarnar aðallega farið til Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Vélarnar hafa allar fengið góðar umsagnir frá kaupendum í báðum heimsálfum fyrir að vera í góðu ástandi en Vélaver leggur áherslu á að notaðar vélar sem fyrirtækið selur séu yfirfarnar og í góðu standi áður en nýr eigandi fær þær í hendurnar hvort heldur þær eru seldar innanlands eða til erlendra ríkja.

Vefsíðu Vélavers er að nokkru þakkaður þessi góði árangur í útflutningi notaðra vinnuvéla á síðasta ári þar sem viðskiptavinir í mörgum löndum nýta sér þjónustu síðunnar.

www.velaver.is





# Réttu vélarnar í verkið!










## NEW HOLLAND

Eigum til afgreiðslu með skömmum fyrirvara úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum
Veldu vél sem hentar þínu verki!

CRAMARO



Höfum hafið sölu á Cramaro yfirbreiðslum fyrir malarflutningabíla.

- Sterkar yfirbreiðslur
- Aukið öryggi
- Hentar á allar gerðir vagna
- Gott verð

Rhino

**brotfleygar**



STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími 4 123 000
**www.sturlaugur.is**







Í sínu eðlilega umhverfi. Traktora má þó fyrst og fremst sjá á túnum og ökrum bænda. Hér má sjá einn slíkan á blómstrandi lofnarblómsakri í Frakklandi.

# Traktorar við ýmis tækifæri

**Dráttarvélar koma ekki einungis að notum á túnum og ökrum bænda. Þær má einnig nota við ýmis önnur störf enda fáar vélar sem standast þeim snúninginn við erfið ökuskilyrði.**



Í flóðunum sem urðu í Bretlandi komu dráttarvélar að góðum notum. Til dæmis hér þar sem tveir traktorar draga drekkhlaðinn flutningabíl í gegnum vatnselginn.



Á risastórum íþróttaleikvangi er John Deere-traktor notaður til að hreinsa merkingar vallarins.



Gömul dráttarvél bjargar fólki undan flóði í Malasíu.







# Hágæða vörur á góðu verði

## auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka

NÝTT NÝTT

**VARÚÐARLJÓS • LJÓSKASTARAR • DÍÓÐULJÓS • KELSA LJÓSAGRINDUR Á FLESTA VÖRUBÍLA**





aldrei að skafa

## Webasto olíumiðstöðvar

Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!

Webasto Feel the drive

**Parlok vörubílabretti úr polyethylen**




**SV vörubílademparar**
**viðhaldsfríir - mjög sterkir**



**Ryðfríir kassar**



**margar gerðir**
**frábært verð**

NÝTT **Holland dráttarstólar 25 og 36 tonna • Undirvagnsvarnir með ljósum** NÝTT

**Webasto olíumiðstöðvar Parlok vörubílabretti**
**Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós Be-Ge vörubíla**
**og vinnuvélastólar BAWER ryðfríir kassar fyrir vörubíla**

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330


## NÁMSKEIÐ

### ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

**11.500 KR.**

Fyrir útlendinga sem vilja læra íslensku.
ÍSA102: Fyrir byrjendur.
ÍSA202: Fyrir þá sem hafa einhverja þekkingu á íslensku.

60 kennslust. Hefst 12. feb. og kennt verður 2–3svar í viku (sjá www.ir.is).
Námskeiðið gefur 2 einingar á framhaldsskólastigi.

Ekkert sérstakt umsóknareyðublað er nauðsynlegt. Umsókn skal senda á fa@ir.is með nafni, kennitölu, símanúmeri og ósk um ÍSA102 eða ÍSA202.

### *ICELANDIC FOR FOREIGN STUDENTS*

***11.500 ISK***

*Icelandic courses for foreign students.*
*ÍSA102: For beginners.*
*ÍSA202: For those with a little knowledge in Icelandic.*

*Total number of lessons given in each course is 60. The courses start Feb 12. Teaching will take place 2 or 3 times/week (see plan at www.ir.is).*
*The course carries 2 credits on the modular credit system.*

*No special application form is required. Please send application to fa@ir.is and include name, ID-number (kennitala), telephone number and specify ÍSA102 or ÍSA202.*

### VILTU SMÍÐA RAFMAGNSGÍTAR?

**75.000 KR.**

Rafmagnsgítar er smíðaður frá grunni. Nemendur geta valið að smíða Telecaster eða Stratocaster.

90 kennslust. Fim. frá kl. 17:00–22:00.
7. feb.–8. maí.

### SILFURSMÍÐI FYRIR BYRJENDUR

**33.000 KR.**

Einföld skartgripasmíði; hringar, hálsmen, eyrnalokkar og eða nælur.
30 kennslust. Þri. 18:00–21:40. 5. feb.–11. mars.

### STAFRÆN LJÓSMYNDUN OG MYNDVINNSLA

**19.000 KR.**

MYNDATAKA: Grunnatriði myndatöku og myndavéla, samspil ljósops, hraða, ISO og áhrif þess á myndir. Áhrif linsa á rýmið.
MYNDVINNSLA: Eftirvinnsla og leiðréttingar í myndvinnsluforritum.
MYNDAGEYMSLA: Aðferðir við flokkun, skráningu og geymslu.

Æfingar gerðar í kennslustundum og heimaverkefni. Nemendur þurfa að eiga/hafa aðgang að stafrænni myndavél sem hefur manual fókus.

18 kennslust.
13., 20. og 27. feb., kl. 18:00–21:00.

### NOTKUN TRÉSMÍÐAVÉLA

**22.000 KR.**

Kennd rétt vinnubrögð við vélar og handverkfæri fyrir trésmíði. Smíðaðir verða litlir hlutir.

20 kennslust. Lau. kl. 9:00–13:00.
23. feb., 1. mars og 8. mars.

### STEINASLÍPUN

**23.000 KR.**

Sögun á steini, tromluslípun og pólering. Pönnuslípun og pólering steina. Mótun steina til notkunar í skartgripi o.fl.

18 kennslust. Mið. kl. 18:00–20:00.
6. feb.–12. mars.

### ANDLIT OG HÁR

**17.000 KR.**

Teiknikennsla auk fyrirlestra um andlit með gullinsniði. Kynntar aðferðir til að ná fram tónum og skyggingu í andlits- og hárteikningu. Fyrirlestur um mismunandi andlit.

15 (3x5) kennslust. Mið. kl.18.00. 13.–27. feb.

SKRÁNING Á WWW.IR.IS/NÁMSKEIÐ
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 522 6500.

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

# Gæði á góðu verði

## Doosan - Daewoo lyftarar





Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

# HANN ER GRIMMUR!

## MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

### SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is




Pálmi Einarsson stendur við traustan pall. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Verktakar vilja trausta vöru

**Vinnupalla af ýmsum stærðum og gerðum má kaupa og leigja hjá fyrirtækinu Kvörnum í Reykjavík.**

„Við bæði leigjum og seljum vinnupalla. Það eru helst verktakar sem gera það en auðvitað eru líka einstaklingar sem vilja eiga góða palla til að dytta að heimilum sínum og sumarhúsum eða annað í þeim dúr,“ segir Pálmi Einarsson, innkaupastjóri hjá Kvörnum ehf.

„Við erum með heimsendingarþjónustu og bjóðum upp á uppsetningu á vinnupöllunum ef á þarf að halda. Sú þjónusta er í mörgum tilfellum vel þegin því það auðveldar fólki verkin til muna. Við bjóðum allt frá mjög litlum pöllum upp í palla sem eru notaðir við viðhald á stórum blokkum.“

Kvarnir eru með framleiðsludeild hér á landi en hún starfar undir nafninu Brimrás. „Þar erum við meðal annars að framleiða stiga og tröppur. Við tókum við þessari framleiðslu fyrir þremur árum en þetta er framleitt að þýskri forskrift. Þetta er mjög sterk og endingargóð vara sem uppfyllir ströngustu öryggisstaðla.“

Pálmi segir góða sölu á vörum Brimrásar til verktaka. „Þeir kaupa mikið frá okkur, enda vilja þeir hafa traustar vörur í vinnu sinni. Brimrás hefur starfað hér á landi frá árinu 1981 en við tókum við framleiðslunni fyrir þremur árum. Það er því mikil þekking og reynsla í þessari framleiðslu.“

Kvarnir bjóða auk þess upp á nánast allt sem þarf til steypuvinnu nema steypuna sjálfa. „Við erum með steypumótin, steypusíló, víbratora og allt til járnabindingar svo eitthvað sé nefnt. Þá flytjum við inn töluvert af íhlutum fyrir einingaverksmiðjur.“

*- öhö*



## ● NEW HOLLAND SÖLUHÆSTA DRÁTTARVÉLIN 2007

New Holland var söluhæsta dráttarvélin á Íslandi árið 2007 samkvæmt frétt á heimasíðu Vélavers, www.velaver.is. Þetta er þó ekkert einsdæmi en í sjö af síðustu átta árum hafa New Holland vélarnar verið vinsælastar meðal íslenskra bænda.

Á síðasta ári bar desember mánuður af hvað varðar markaðshluteild New Holland dráttarvéla en þá var markaðshlutdeildin 30,6 prósent. Árangurinn á síðasta ári er aðallega rakinn til T6000 línunar sem kom á markaðinn á síðasta ári og TS 135 6 sílindra vélinni en báðar þær vélar flokkast til lúxus dráttarvéla og eru hlaðnar tækninýjungum ásamt miklum þægindum fyrir ökumann.

www.velaver.is


Hérna sést Liebherr R944B beltavélin.

# Langatöng notuð til niðurrifs

Suðurverk hefur tekið í notkun Liebherr R944B 46 tonna beltavél, sem það keypti af fyrirtækinu Mest ehf.

Vélin er sérútbúin til niðurrifs með stillanlegu húsi um 30 gráður sem gerir stjórnandanum kleift að sjá vel upp þegar unnið er með klippurnar í mikilli hæð.

Tvær bómur fylgja með vélinni sem hægt er að skipta um á skömmum tíma. Með lengri bómunni nær vélin að teygja sig í rúmlega 20 metra hæð en hún er ætluð til niðurrifs og styttri bóman er hefðbundin mokstursbóma.

Með í kaupunum fylgdu einnig steypu- og járnklippur frá INDECO.

Liebherr-vélin, sem er í daglegu tali kölluð Langatöng af starfsmönnum Suðurverks, er sú fyrsta sinnar tegundar í stórum flota fyrirtækisins.

Þess má jafnframt geta að Liebherr-vélar virðast njóta vaxandi vinsælda hérlendis. Sem dæmi um það keypti Ellert Skúlason hf., eitt elsta jarðvinnufyrirtæki á landinu, hvor meira né minna en þrjár Liebherr-vélar á síðasta ári, síðast Liebherr L507 hjólaskóflu frá Mest. Liebherr-vélar í eigu Ellerts Skúlasonar eru því orðnar tíu talsins. *- rve*


Liebherr-floti Ellerts Skúlasonar.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**




ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKKIN



BETRAGRIP
Meira veggrip • Ónelgd og hljóðlát • Umhverfisvæn
Minna slit á malbiki • Hægt að nota allt árið!

Betra Grip ehf • Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 533 3999 • www.betragrip.is

BFGoodrich® Tires
JEPPADEKK



VERÐDÆMI ALL TERRAIN

| | | |
|---|---|---|
| **15" Felgur** | | |
| 31x10,50R15 | | 17.990.- |
| 32x11,50R15 | | 18.990.- |
| 33x12,50R15 | | 18.990.- |
| 35x12,50R15 | | 20.990.- |
| **16" Felgur** | | |
| 265/75R16 | 31,6" | 18.990.- |
| 285/75R16 | 32,8" | 20.990.- |
| **17" Felgur** | | |
| 265/70R17 | 31,6" | 17.990.- |
| 285/70R17 | 32,7" | 26.990.- |
| 37x12,50R17 | | 36.990.- |
| **18" Felgur** | | |
| 285/65R18 | 32,6" | 30.990.- |
| 305/65R18 | 33,6" | 35.990.- |
| 37x12,50R18 | | 44.990.- |
| **20" Felgur** | | |
| 285/55R20 | 32,3" | 42.990.- |
| 285/65R20 | 34,6" | 40.990.- |
| 325/60R20 | 35,4" | 52.990.- |

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

BFGoodrich® Tires

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is






Lyftarinn hjá Líflandi er lipur og þægilegur í notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lipur lyftari

**Lífland er þjónustufyrirtæki með vörur tengdar landbúnaði og hestaíþróttum, dýrahaldi og útivist.**

Fyrirtækið Lífland hefur verið að stækka gríðarlega og er nú ein stærsta heildsala með hestavörur á landinu, með fleiri þúsund vörunúmer. Fyrir svo stóran lager þarf tæki og á lagernum hjá Líflandi er forláta rafmagnslyftari af gerðinni LINDE með lyftigetu fyrir 1.100 kg. Lyftarinn getur lyft upp í 4,3 metra og tínsluhæð nær þá rétt um sex metrum.

„Þetta er náttúrlega mjög þægilegt tæki og lipurt, kemst inn á milli og hátt upp og hægt að athafna sig nánast hvar sem er,“ segir Rósmundur Sævarsson, afgreiðslustjóri hjá Líflandi.

Eftir að sett var upp rekkakerfi á lagernum hjá fyrirtækinu varð mögulegt að raða vörum alveg upp í loft eða allt upp í sex metra hæð. Rósmundur segir mikið hagræði af lyftaranum miðað við tækin sem notuð voru áður og komust einungis upp í tveggja metra hæð. „Með þessum fer maðurinn alveg upp með lyftaranum og getur tínt vörurnar beint út úr hillunum á brettið og það er mjög þægilegt.“ Próf þarf á svona tæki og segir Rósmundur tvo starfsmenn vinna á lyftaranum að öllu jöfnu.



# Gúmmíbelti undir allar vélar

LINSER INDUSTRIE SERVISE



**impex** EHF

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is

## NOTUÐ TÆKI



**Zeppelin ZM80 hjólagrafa**
árg. 1997 - v.st. 3517
2 skóflur og tiltskófla



**Hyundai LCD-7 beltagrafa**
árg. 2006 - v.st. 1850



**JCB 8080 beltagrafa**
árg. 2007 - 60 hö. - v.st. 212
2 skóflur, tiltlögn, fleiglögn.



**Terex HR18 minigrafa**
árg. 2005 - 50 hö. - v.st. 1000
2 skóflur, tiltskófla, tönn



**Terex Glatiator 3007 skotbómulyftari**
árg. 2006 - v.st. 465
Skófla og gafflar



**JCB 8018 minigrafa**
árg. 2006 - 18 hö. - v.st. 466
3 skóflur, hraðtengi og tönn



**Volvo EW140 hjólagrafa**
árg. 2002 - 100 hö. - v.st. 4500
Hraðtengi, tvískipt bóma, tiltskófla
og 2 moksturskóflur

**Nánari upplýsingar hjá sölumanni í síma 893 1722**

VÉLAVER HF

**Sími 588 2600 www.velaver.is**

# Framtíðarstörf hjá Fjarðaáli

## Verkefnastjóri í viðhaldsstýringu

Ábyrgðarsvið:

- Bæta áreiðanleika og gæði framleiðslunnar með því að áætla og skipuleggja fyrirbyggjandi viðhald og reglulegar ástandsskoðanir véla og tækja.
- Sjá um skráningu og greiningu á tæknigögnum sem gefa skýra mynd af stöðu viðhaldsmála og árangri.
- Sjá um samskipti og samhæfingu viðhaldsteymis og framleiðsluteyma.
- Hafa náið samstarf við notendur búnaðar, viðhaldsteymi, innkaupateymi og birgðahald.

Hæfniskröfur:

- Iðnfræði eða iðnmenntun, t.a.m. vélfræði eða rafmagnsfræði. Önnur iðnmenntun kemur einnig til greina. Tæknifræðimenntun kostur en ekki skilyrði.
- Góð reynsla af viðhaldi véla og tækja.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

## Raf- og véliðnaðarmenn

Við leitum að raf- og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar Alcoa Fjarðaáls.

Takmark Fjarðaáls er að verða í fremstu röð á heimsvísu í meðferð og viðhaldi tækja. Allir starfsmenn fyrirtækisins taka þátt í að tryggja áreiðanleika tækjanna og viðhaldi er stýrt í samræmi við raunverulegt ástand þeirra.

Unnið er í teymum og verkefnin eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á frumkvæði og stöðugar endurbætur. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óvíða fleiri.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar.**



ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 40746 101/08

Kynntu þér Austurland tækifæranna á austurat.is

AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

**www.alcoa.is**

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA



SKF
... ekki bara legur !!
DRIFKEÐJUR
VERKFÆRI
REIMAR
ÁSTENGI
TANNHJÓL
REIMSKÍFUR
KLEMM-
FÓÐRINGAR
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Uppþvottavél til sölu, tegund Ariston. Uppl. í síma 861 4915.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Til sölu flottir Chihuahua hvolpar heilsufarssk., örmerktir og með ættbók. Tilbúnir til afh. S. 897 8848.

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



Til sölu: Veghús 31, íb 903. 92m2. Gott ÍLS lán. Laus strax. 21,9 mkr. Opið hús fimmtud kl 16-16,30. Uppl í 8963867

**Þarftu að leigja?**
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu er falleg, 80 fm, 3 herbergja íbúð á besta stað í bænum við Bergstaðastræti. Íbúðin er laus strax. Leiga 140 þúsund krónur. Áhersla er lögð á trausta leigjendur. Vinsamlegast sendið tölvupóst á snaevarr@unric.org , sendið sms eða hringið í 0032497458088. Get hringt til baka.

Glæsileg 3ja herb íbúð í Hafnarfirði Til leigu glæsileg 3ja herb 98 fm íbúð á góðum stað í Hfj. Nýlega standsett. Búnaður og húsgögn innifalin ef vill. Langtímaleiga. Laus mjög fljótleg. Sjá nánar á Kassi.is

Glæsileg nýleg 3 herbergja íbúð með sérinngangi til leigu við Skólabraut í Innri Njarðvík. Laus frá 1 febrúar n.k. Uppl. í síma 694 4384.

Til leigu 2-3 herb. íbúð á Völlunum í Hfn. í 6-8 mánuði. Laus. Uppl. í s. 892 1125, e. kl. 16.

**Íbúð í Keflavík**
65 fermetra, 2ja herb. íbúð til leigu. Nánari upplýsingar í s. 692 5815.

**Einbýli og bílskúr**
Til leigu einbýlishús á einni hæð í Grafarvogi. Bílskúr leigist sér. Aðeins ábyrgir aðilar. Uppl. í s. 822 4850.

Til leigu 2 herb. íbúð í vesturbæ Kópavogs. Leiga 85 þús m/rafm + hita. 2 mán trygg. Uppl. í s. 847 6391.

3 herb. íbúð við golfvöll við Torrevieja til leigu eða sölu. S. 820 7701.

Snyrtileg einstaklingsíbúð, stutt frá verslunarmiðstöð, með tengi fyrir þvottavél. Uppl. í s. 864 7222.

## Húsnæði óskast

**Systkini óska eftir íbúð sem fyrst helst miðsvæðis**
**Eru reglusöm og með trausta innkomu. Æskilegt væri ef íbúðin skiptist í tvö mjög stór herbergi, eldhús og bað. Langtímaleig.**
**Uppl. hjá Oddi í síma 847 3860.**

**Stúdíó íbúð óskast sem fyrst.**
**Óska eftir að taka á leigu stúdíóíbúð helst með húsgögnum, en ekki skilyrði. Er reglusöm og róleg. Skilvísum greiðslum heitið. Er í traustri vinnu. Greiðslugeta 40-60 þús.**
**Upplýsingar í síma 697 3386**

Einbýlishús / Tvíbýli Óskast til leigu í rvk kóp og nágrenni. Verður helst að vera með 5. herbergjum. Og íbúð á neðri hæð. Leigan sanngjörn + að getað fengið húsaleigubætur . Afhending Lok mars eða samkomulag + langtímaleiga Allar nánari upplýsingar veitar thunder@cool.is Og í síma 6928974/ María

Par í námi við Háskóla Íslands og í vinnu óskar eftir íbúð nálægt miðbænum / HÍ. Erum róleg, skilvís og reglusöm. Langtímaleiga ef mögulegt. Uppl. sendist á netfang: cobura@gmail.com eða síma: 869-6628

Hjón með 3 börn óska eftir 4 herb. íbúð í Hfj. Reglusamir og traustir leigendur. Uppl. í s. 694 3525.

Traust fyrirtæki óskar eftir 3 herb. íbúð í Hfj eða nágrenni. Uppl. í s. 692 4597.

## Geymsluhúsnæði

**Þú geymir í gám við geymum gáminn**



HAFNARBAKKI

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Bílskúr

Óskum eftir ca 30-40 fm bílskúr fyrir lager og léttar viðgerðir. S 6673177 Leifur

# ATVINNA

## Atvinna í boði

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**Húsasmiðjan Grafarholti**
**óskar eftir starfsmanni í málningardeild.**
**Upplýsingar í síma 660 3193.**

**Móttökustarf á snyrtistofu**
**Starfskraftur óskast strax í móttöku á snyrtistofu í hlutastarf. Þarf að vera samviskusöm og einnig með góða söluhæfileika. Yngri en 25 ára kemur ekki til greina.**
**Uppl. í síma 899 8686 frá kl: 11-17 í dag.**

**Þjónustufulltrúi í dreifingardeild**
Dreifingardeild Pósthússins leitar að þjónustufulltrúa. Í starfinu felst meðal annars símsvörun og móttaka ábendinga á dreifingarefni, samskipti við blaðbera og önnur tilfallandi verkefni. Vinnutími er virka daga frá 9-17.
**Nánari upplýsingar gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330 eða í tölvupósti á dagnyr@posthusid.is**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsmönnum á kassa í verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti.**
**Upplýsingar í síma 664 3624.**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir helgarstarfsmönnum í hreinlætistækjadeild í verslun Húsasmiðjunnar Grafarholti.**
**Upplýsingar í síma 664 3622.**

**Hefur þú áhuga á stærðfræði?**
**Leikskólinn Garðaborg, Bústaðarvegi 81 er að leita að starfsmanni í 100% stöðu. Um er að ræða starf á yngri deild með 1-3 ára gömlum börnum. Í leikskólanum vinna börn og starfsmenn mikið með stærðfræði.**
**Upplýsingar gefur Kristín Einarsdóttir leikskólastjóri í síma 553 9680.**

**Leikskólinn Ösp**
**Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Fellahverfinu.**
**Við leggjum áherslu á fjölmenningu og jákvætt viðhorf.**
**Okkur vantar frábæra kennara til liðs við okkur.**
**Deildarstjóra ,**
**Leikskólakennara/leiðbeinendur,**
**-Þroskaþjálfa/sérkennara,**
**-Aðstoð í eldhús 50% staða.**
**Upplýsingar gefa Svanhildur og Kristín í síma 557 6989 & 693 9819**

KORNIÐ

**Kornið Hrísateig**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vinnutími 07-13. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

KORNIÐ

**Kornið auglýsir**
Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

KORNIÐ

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 5:30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir glaðlegu og broshýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Aukavinna í boði ef vill.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

AMERICAN STYLE

**American style Bíldshöfða**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu í vinnu á flottum stað og sæktu um á americanstyle.is

**Cafe Bleu.**
**Óskum eftir þjónum fullt starf. Góð laun í boði. Ekki yngri en 18. Cafe Bleu, Kringlunni.**
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum, Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

# TIL SÖLU

**Sófalist - útsölulok á föstudag !**

**Glæsilegar spænskar gardínur, - sófa og stóla áklæði - rúmteppi og úrval af vönduðum vörum.**



**Garðatorgi, Garðabæ s. 553 0444, www.sofalist.is**

# TIL LEIGU



**GLÆSILEG ÍBÚÐ Í SJÁLANDI, GBÆ - NORÐURBRÚ 2 m. bílag - TIL LEIGU**

Björt, opin og glæsileg 3ja til 4ra herbergja íbúð (117 fm íbúð) á 1. hæð við Norðurbrú í Garðabæ í hinu vinsæla Sjálandshverfi. Bílastæði í lokaðri bílageymslu fylgir eigninni. Lyfta er í húsinu. Útgengt er út á stóran hellulagðan pall frá stofu og hægt að nota svalir, sem annan inngang. Stofa er mjög stór og opin. Gluggar ná alveg að gólfi. Stofan er opin við eldhús. Eignin er vel innréttuð með hvítri og stílhreinni eldhúsinnréttingu frá HTH með innbyggðri uppþvottavél og eyju. Gott skúffupláss í eyjunni og eldhústæki frá AEG. Inngangur er með svörtum náttúrusteini og eikarparket á gólfum. Lýsing er frá Lumex. Sólargluggjatjöld fyrir gluggum fylgja eigninni. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með góðri hvítri baðinnréttingu með halógenlýsingu. Upphengt salerni, baðkar og handklæðaofn. Þvottahús er inn í íbúðinni.

Um er að ræða nýtt hús og því er sameign mjög snyrtileg. Góð geymsla fylgir eigninni. Þetta er vönduð eign á þessum vinsæla stað í Garðabæ. Stutt í alla þjónustu og verslanir. Laus strax

Upplýsingar gefur Barbara í gsm: 664 6020

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Sölumaður /Ábyrgðarmál**
Nítró óskar eftir að ráða öflugan og áreiðanlegan starfsmann í verslun félagsins að Bíldshöfða. Starfið felur í sér að sjá um ábyrgðarmál Nítró auk sölu á mótorhjólum og öðrum tækjum. Einnig almenn sala á fatnaði og aukahlutum. Æskilegt er að viðkomandi hafi tækniþekkingu á vélum og tækjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Vefsíða Nítró**
Nítró óskar eftir hugmyndaríkum og áræðnum starfsmanni til að sjá um vefsíðu Nítró auk vinnu við vörulista og auglýsingar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamir geta sótt um starfið á www.n1.is

**Útibú Nítró**
Nítró óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni með töluverða þekkingu á mótorhjólum, varahlutum og öðrum vörum þeim tengdum til þess að aðstoða og þjónusta útibú Nítró um allt land. Í því felst m.a. að samræma vöruúrval útibúanna, útstillingar, varahlutaleit og fleira. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamnir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu. Fullt starf. Vinutími 10-17.30 Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur leikvöllur fyrir fullorðna.

Vantar þig aukavinnu? Borgargrill getur bætt við sig fólki á kvöld og helgarvaktir. Góð laun í boði fyrir áræðanlega aðila. Allar nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 820-5851

Starfskraft vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

Vantar starfsmann í afgreiðslu og pökkun. Íslenska skilyrði. Efnalaugin Björg í Mjódd, s. 557 2400.

**Ertu hættur að vinna?**
Er próflaus, vantar bílstjóra hluta úr degi. Létt vinna sem skerðir ekki tekjur þínar. Vinsamlegast sendið uppl. á fréttablaðið merkt „Bílstjóri".

Óskum eftir meiraprófsbílstjórum. Upplýsingar í síma 4149700.

## Atvinna óskast

Pólskt par, 25 og 21 árs, óskar eftir 100% vinnu, enskumælandi. S. 699 8321 / przem50@hotmail.com

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Þarftu að auglýsa fyrirtækið þitt?
Hafðu samband við sölumann í s. **512 5407** og fáðu tilboð í smáauglýsingar

## Einkamál

SPEGILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
**TANTRA**
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

## NÁMSKEIÐ

**Viltu hafa áhrif á launin þín og lífið?**

# Samningatækni fyrir konur

***Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands*** býður upp á námskeið fyrir konur sem vilja efla samningatækni sína á vinnustað, á heimilinu og í lífinu almennt.

***Námskeiðið er tvískipt***, þrjár stundir í senn:

Í fyrri hluta meta þátttakendur hvar hæfileikar þeirra liggja, en síðari hlutinn er byggður verklegri þjálfun þar sem þátttakendur spreyta sig á samningatækninni.

Á námskeiðinu verða verklegar æfingar þar sem aðferðum samningatækninnar er beitt.

- Helstu hugtök í samningatækni kynnt með áherslu á stöðu kvenna og reynslu þeirra af samningum.
- Leitað svara við því hvað konur hafa fram að færa við samningaborðið.

Lágmarksþátttaka er 12 þátttakendur.

Námskeiðið er haldið inni í fyrirtækjum, stofnunum, saumaklúbbum og annars staðar þar sem konur koma saman.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá ***Nýsköpunarmiðstöð Íslands*** í síma ***522 9000***, á vefsíðu Impru ***www.impra.is*** og á netfanginu ***brynjasig@nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

## ATVINNA

Snyrti og nuddstofan
PARADÍS
Laugarnesvegi 82
S: 553 1330

# Snyrtifræðingar

Störf í boði fyrir góðan snyrtifræðing og fótaaðgerðafræðing.
Umsóknir berist á: paradis@islandia.is eða í síma: 898-6371 Sigrún.

**Starfsmaður á aldrinum 25-35 ára óskast í hálft starf eftir hádegi á fasteignasölu**

Áhugasamir sendi uppl. á hannes@remax.is

**GG flutningar**
**óska eftir meiraprófsbílstjórum til:**

Gámaaksturs og þungaflutninga

Upplýsingar í síma 414 9713.
Einnig er hægt að senda umsóknir eða fyrirspurnir á gudfinnur@ggflutningar.is

GG FLUTNINGAR

**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"

## TIL SÖLU

**Frystiklefi til sölu.**
**40 fm, 9m. x 4,5m.**
**Fæst á góðu verði, fæst einnig keyptur á viðskiptanetinu.**
**Áhugasamir hafi samband í s. 822 8844 & 822 8832**

## TILKYNNINGAR

***Símanúmer Ríkislögreglustjórans breytast 1. febrúar 2008***

**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN**
Skúlagötu 21
Sími 444 2500 • Fax 444 2501

**Almannavarnadeild**
Sími 444 2500 • Fax 562 2665
almannavarnir@rls.is
www.almannavarnir.is

**Alþjóðaskrifstofa**
Sími 444 2540 • Fax 444 2541

**Bílamiðstöð**
Sími 444 2596 • Fax 444 2597

www.rls.is rls@rls.is

## FASTEIGNIR

◆ Ársalir- fasteignamiðlun ◆ Ársalir- fasteignamiðlun ◆

**VALLARGERÐI - KÓPAVOGUR**




Frum

Vallargerði í Kópavogi, íbúðin skiptist í forstofu með flísum á gólfi, stofu með parketi og góðri verönd útfrá stofu. Baðherbergi með kari og upphengt WC. Óvenju stórt og gott eldhús með borðkrók og geymslu innaf. Á efri hæð er annað baðherbergi með tenglum fyrir þvottavél og þurrkara. 4 svefnherbergi, þar sem eru upptekin loft, og með ljósu parketi á gólfum. **Verð kr. 38,9 millj.**

ÁRSALIR FASTEIGNAMIÐLUN
Engjateigi 5, 105 Rvík
533 4200

**Ársalir ehf - fasteignamiðlun**
**Símar 533 4200 og 892 0667**

***Björgvin Björgvinsson, löggiltur fasteignasali.***

**EIGNAMIÐLUN**
sala fasteigna í 50 ár
**Sími: 588 9090**
Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**EFSTALAND 18, 2. HÆÐ - LAUS STRAX**
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-18**

Frum





Mjög glæsileg, björt og vel skipulögð 3ja herb. íbúð á 2. hæð með miklu útsýni, í góðu fjölbýli. Íbúðin er öll nýstandsett á vandaðan hátt. Nýtt eldhús, gólfefni, hurðar og skápar. **Glæsileg eign. Verð 25,9 millj.**

*ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS*
*Í DAG FIMMUDAG FRÁ KL. 17.00-18.00.*
*SÖLUMAÐUR Á STAÐNUM.*

**STÓRHÚS**
FASTEIGNASALA
Þóroddsstöðum

Sigurberg Guðjónsson hdl.
lögg.fasteignasali
Þóroddstaðir,
Skógarhlíð 22,
105 Reykjavík.
**Sími: 534 2000**



*Hrafnhildur Bridde*
*löggiltur fast.sali*
**GSM 821 4400**

****OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI KL. 17 - 17:30** LAUS!**
**FURUGRUND 68, KÓP. BJALLA MERKT 3-C.**
**4RA HERB. Á 3.HÆÐ + BÍLSKÝLI. LYFTA. ÚTSÝNI!**



Frum

Skemmtileg **83,2 fm íbúð á 3. hæð** auk **23,8 fm bílskýlis** á grónum stað í Kópavogi. Þrjú svefnherb. Suður svalir. Ný gólfefni.Endurnýjað baðherbergi og eldhús. Þvottahús á hæð. Lyfta. **Verð 23,9 millj.**

**LOKASTÍGUR, ÞINGHOLT.**
**FALLEG HÆÐ + HERB. / GEYMSLA Í KJALLARA**
**Í FJÓRBÝLISHÚSI.**



Falleg 88 fm, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð + herb. í kjallara. Eignin skiptist í gang, stofu, borðstofu, tvö herbergi, eldhús og baðherbergi. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sér geymsla/herbergi. Listar í lofti, rósettur í borðstofu.
**Verð 31,9 millj.**




# Aldrei minni munur!

261.912 notendur á visir.is á meðan 303.560 notendur völdu mbl.is í 4. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

**visir.is**

**...ég sá það á visir.is**



*Samræmd vefmæling á modernus.is í viku 4

# Fyrsti ævintýrapakkinn

Vigdís Jakobsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Þjóðleikhússins, og Jóhann G. Jóhannsson, tónlistarstjóri leikhússins, afhentu fyrir skömmu Bryndísi Baldvinsdóttur, formanni Tónmenntakennarafélags Íslands, fyrsta ævintýrapakkann sem kenndur er við Skilaboðaskjóðuna.

Ævintýrasöngleikurinn Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson með tónlist eftir Jóhann G. Jóhannsson hefur verið sýndur fyrir fullu húsi á stóra sviðinu síðan í haust.

Verkið var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1993 og sló eftirminnilega í gegn. Nýrri kynslóð ungra áhorfenda býðst nú að hverfa inn í ævintýraheim Skilaboðaskjóðunnar eins og jafnaldrar þeirra gerðu fyrir fjórtán árum.

Sagan fjallar um nátttröllið sem rænir Putta litla til að breyta honum í tröllastrák en þá taka allir íbúar Ævintýraskógarins höndum saman til að bjarga honum áður en sólin hverfur bak við Sólarlagsfjall.

Hljómdiskur með tónlistinni úr Skilaboðaskjóðunni er löngu uppseldur, en í tilefni af sýningunni nú hefur diskurinn verið endurútgefinn að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Þjóðleikhúsinu. Diskurinn og bókin eru fáanleg í Þjóðleikhúsinu.

Fræðsludeild Þjóðleikhússins gefur út ókeypis fræðslupakka fyrir valdar sýningar leikhússins.

Markmiðið með útgáfunni er að þjónusta kennara sem vilja nota leiklist í skólastofunni og/eða nýta sér uppfærslur leikhússins sem stökkpall í kennslu hinna ýmsu greina. Í þeim er að finna kennsluhugmyndir og ýmiss konar ítarefni tengt sýningum. Auk þess stendur deildin fyrir reglulegum námskeiðum fyrir kennara og veitir ýmsa aðra þjónustu. Nánari upplýsingar má finna á vefsvæði deildarinnar: http://fd.leikhusid.is Allar nánari upplýsingar um sýninguna er að finna á www.leikhusid.is



**LEIKHÚSFRÆÐSLA GRUNNSKÓLABARNA**
Vigdís Jakobsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson afhentu Bryndísi Baldvinsdóttur fyrsta pakkann.



Háskólabíó er vettvangur framadaga.

## Framadagar 2008

Framadagar 2008 verða haldnir í Háskólabíó næstkomandi föstudag, 1. febrúar, á milli 11.00 og 17.00. Þar munu 34 fyrirtæki kynna starfsemi sína fyrir háskólanemum hvaðanæva af landinu og öllum þeim sem hafa áhuga á að kynna sér það sem er að gerast á vinnumarkaðnum.

Markmið framadaga er að tengja atvinnulífið við háskólana í landinu. Þar geta nemendur kynnst því hvaða tækifæri atvinnulífið býður upp á að námi loknu. Þeir geta fundið sér framtíðarstarf eða sumarstarf og komist í samband við fyrirtæki sem vilja láta vinna lokaverkefni fyrir sig. Þar má einnig skoða kosti um áframhaldandi nám.

Meðal fyrirtækjanna sem taka þátt eru Síminn, Landsbankinn, Línuhönnun, Háskólinn í Reykjavík, Skýrr og RÚV en lista og umfjöllun um fyrirtækin sem taka þátt í ár má finna á vefsíðunni framadagar.is auk frekari upplýsinga um viðburðinn sjálfan.

## AFMÆLI



**Elín Pálmadóttir** blaðamaður er áttatíu og eins árs í dag.



**Harpa Njálsdóttir** félagsfræðingur er sextíu og tveggja ára í dag.



**Jakob F. Ásgeirsson** rithöfundur er fjörutíu og sjö ára.



**Marín Manda Magnúsdóttir** fatahönnuður er tuttugu og níu ára.






## STUÐ MILLI STRÍÐA Nakinn með Brad Pitt, Angelinu Jolie … og Ron Jeremy

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** ER AÐ HUGSA UM AÐ BÓKA FAR MEÐ NEKTARFLUGI



Nektarflug eru nýjasta nýtt í dag. Nýlega var boðið upp á slíkt flug frá Miami á Flórída til Cancun í Mexíkó, þar sem farþegum bauðst að losa um meira en sætisólar eftir að vélin var komin í ákveðna lofthæð. Ekki er ósennilegt að þetta sé vísir að því sem koma skal enda góð hugmynd, ekki satt?

Það fyrsta sem kemur upp í hugann er flugvél full af flottum kroppum, þrýstnum börmum og stinnum rössum. Hver myndi ekki vilja sitja í slíku flugi og njóta útsýnisins? Eða þar til viðkomandi kæmi auga á farþega með exem og æðahnúta innan um kræsingarnar. Ekki bætti úr skák þegar hann fyndi skyndilega hvernig löng og þykk hár á öxlum sessunautsins strykjust við hann. Það er nefnilega fremur hæpið að svona flug yrðu einskorðuð við eintómar fyrirsætur og ef svo væri, væru litlar líkur á að maður kæmist sjálfur með.

Þá eru óupptaldar allar skrítnu uppákomurnar sem gætu átt sér stað. Tökum mat sem dæmi. Fyrir utan það að flestir misstu líklegast matarlystina með lafði Lokkaprúð við hliðina á sér, yrðu þeir allar aldir að klára matinn sinn yrði hann borinn fram heitur. Enda fáir sem vilja taka sjensinn á að missa hann niður á sig og þurfa síðan að biðja um eitthvað kælandi. Og hvað skal segja við konuna í næsta sæti sem missir desert niður á sig en tekur ekki eftir því: „Fyrirgefið, frú mín góð. Svo virðist sem þér hafið misst eitthvað niður á milli brjóstanna.“

Hvernig ætli sé svo best að beygja sig eftir einhverju sem maður missti niður á gangveginn án þess að valda uppþoti? Eða lauma út einum nettum án þess að undir taki í allri vélinni? Og hvernig á eiginlega að halda andliti ef vél full af strípalingum lendir í ókyrrð?

Nei, er þá ekki bara betra að vera áfram í fötunum og njóta frelsisins, matarins og útsýnisins upp á gamla mátann?




## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# VIÐ SEGJUM JÁ

## FRAMUNDAN ER TÍMI
## AÐALFUNDA OG STJÓRNARKJÖRS

**Í dag** skipa konur innan við 10% stjórnarsæta í stærstu fyrirtækjum landsins. Við teljum að hvorki fyrirtækin né samfélagið hafi efni á því að hafa stöðuna óbreytta. Oft heyrist að erfitt sé að finna konur til að taka sæti í stjórnum. Við kynnum hér öflugan hóp kvenna með víðtæka reynslu og þekkingu. Við erum **yfir 100 konur** sem lýsum okkur reiðubúnar að setjast **í stjórnir fyrirtækja.** Listinn er þó langt frá því að vera tæmandi. Við erum miklu, miklu fleiri.

**Nánari upplýsingar:**
www.leidtogaaudur.is
www.fka.is
fka@fka.is

Aðalheiður Héðinsdóttir
Forstjóri
Kaffitár ehf

Aðalheiður Karlsdóttir
Framkvæmdastjóri
Eignaumboðið ehf

Aldís Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri
Empora auglýsingavörur ehf

Anna G. Sverrisdóttir
Framkvæmdastjóri
Bláa Lónið hf

Anna María Pétursdóttir
Starfsmannastjóri
Vífilfell hf

Arna Harðardóttir
Framkvæmdastjóri
Auður Capital hf

Arndís Ármann Steinþórsdóttir
Skrifstofustjóri
Sjávarútv.-& landb.ráðun.

Auður Daníelsdóttir
Framkvæmdastjóri
Sjóvá

Auður Finnbogadóttir
Framkvæmdastjóri
A Verðbréf hf

Ása Richardsdóttir
Framkvæmdastjóri
Íslenski dansflokkurinn

Ástrún B. Ágústsdóttir
Framkvæmdastjóri
Glitnir

Bjargey Aðalsteinsdóttir
Framkvæmdastjóri
Þokkabót ehf

Bjarnveig Eiríksdóttir
Héraðsdómslögmaður
Evrópulög ehf

Bryndís Blöndal
Framkvæmdastjóri
Gling-gló ehf

Bryndís Torfadóttir
Framkvæmdastjóri
SAS Íslandi

Brynja Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri
Gagnavarslan ehf

Bylgja Birgisdóttir
Rekstrarhagfræðingur
MBA

Dagný Halldórsdóttir
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Neyðarlínan hf

Dísa Anderiman
Fjármálastjóri
Marimo ehf

Dögg Pálsdóttir
Hæstaréttarlögmaður
DP Lögmenn

Edda Sólveig Gísladóttir
Markaðsstjóri
Bláa Lónið hf

Elfur Logadóttir
Lögfræðingur
Auðkenni hf

Elín Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri
Arev verðbréf hf

Erna Bryndís Halldórsdóttir
Löggiltur endurskoðandi
Hyrna ehf

Fanney Gísladóttir
Framkvæmdast. fjármálasviðs
Núll-Níu ehf

Gerður Ríkharðsdóttir
Framkvæmdast. sérvörufyrirt.
Hagar hf.

Geirlaug Jóhannsdóttir
MBA
Háskólinn á Bifröst

Guðfinna S. Bjarnadóttir
Alþingismaður
Alþingi

Guðrún Elsa Gunnarsdóttir
Rekstrarfræðingur
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf

Guðrún G. Bergmann
Hótelstjóri
Hótel Hellnar

Guðrún Hálfdánardóttir
Varafréttastjóri mbl.is
Morgunblaðið

Guðrún Hrefna Guðmundsd.
Framkvæmdastjóri
Talnatök ehf

Guðrún Högnadóttir
Þróunarstjóri og aðjúnkt
HR - Stjórnendaskólinn

Guðrún Pétursdóttir
Framkvæmdastjóri
St. Sæmundar fróða, HÍ

Guðrún Ragnarsdóttir
Stjórnarformaður
Registur ehf

Guðrún Símonardóttir
Framkvæmdastjóri
Ábendi ehf

Guðrún Þórarinsdóttir
Framkvæmdast./Viðurk.bókari
Rúnir Bókhaldsþjónusta ehf

Hafdís Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri
Laugar Spa

Hafdís Karlsdóttir
Tölvu- og viðskiptafræðingur
Fv. Framkvæmdast. Icebank

Halla Unnur Helgadóttir
Framkvæmdastjóri
Akkurat fasteignasala ehf

Halldóra Matthíasdóttir
Markaðsfræðingur
M.sc. í stj. og stefnumótun

Halldóra Traustadóttir
Forstöðumaður
Glitnir

Heiðrún Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri
Hf. Eimskipafélag Íslands

Helga Benediktsdóttir
Arkitekt/Framkvæmdastjóri
Arkitektur.is

Hildur Elín Vignir
Framkvæmdastjóri
IÐAN - fræðslusetur ehf

Hildur Petersen
Stjórnarformaður
ÁTVR, Spron, Kaffitár, Pfaff

Hjördís Ásberg
Framkvæmdastjóri
Maður lifandi ehf

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir
Fjárfestingarstjóri
Arev verðbréf hf.

Hrund Rudolfsdóttir
Framkvæmdastjóri
Milestone hf

Hrönn Greipsdóttir
Framkvæmdastjóri
SPRON Factoring

Hulda Dóra Styrmisdóttir
Stjórnendaráðgjafi
Salmanía ehf

Ingibjörg Ringsted
Fjármála- og starfsmannastjóri
Lostæti ehf

Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir
Stjórnendaráðgjafi
Attentus

Ingunn Svala Leifsdóttir
Fjármálastjóri
Kaupþing banki hf

Ingunn E. Sveinsdóttir
Framkvæmdastjóri
N1

Jóhanna Waagfjörð
Framkvæmdastjóri
Hagar hf

Katrín Olga Jóhannesdóttir
Framkvæmdastjóri
Síminn

Katrín Pálsdóttir
Kennari
Háskóli Íslands

Kristín Hulda Sverrisdóttir
Forstöðumaður þjónustusviðs
Háskólinn í Reykjavík

Lára Björnsdóttir
MA í félagsráðgjöf
Fv. Félagsmálastjóri

Lára Jóhannsdóttir
Ráðgjafi
Sjálfstætt starfandi

Lára V. Júlíusdóttir
Hæstaréttarlögmaður
Borgarlögmenn

Lilja Ólafsdóttir
Fv. Forstjóri
Sjálfstætt starfandi

Linda Björk Gunnlaugsdóttir
Forstjóri
A.Karlsson

Magnea Guðmundsdóttir
Kynningarstjóri
Bláa lónið hf

Margrét Jónsdóttir
Fjármálastjóri
Eyrir Invest ehf

Margrét Kristmannsdóttir
Framkvæmdastjóri
Pfaff hf

Margrét Pála Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri
Hjallastefnan ehf

Margrét Pétursdóttir
Löggiltur endurskoðandi
Ernst & Young

Margrét Reynisdóttir
Framkvæmdastjóri
Kaxma ráðgjöf ehf

Margrét Sigurðardóttir
Eigandi
MiniMax ehf

Martha Eiríksdóttir
Yfirmaður markaðsmála
Landsnet hf

Ólöf Árnadóttir
Framkvæmdastjóri
Auglýsingastofa P&Ó ehf

Ragnheiður Halldórsdóttir
Dir. of Strategy Implementation
Marel Food Systems hf.

Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri
Mentis hf

Ragnhildur Ásmundsdóttir
Framkvæmdastjóri
Petersen ehf

Sigríður Margrét Guðmundsd.
Framkvæmdastjóri
Landnámssetrið ehf

Sigríður Ólafsdóttir
Þróunarstjóri
Actavis Group Ptc

Sigríður Snæbjörnsdóttir
Forstjóri
Heilbrigðisst. Suðurnesja

Sigrún Böðvarsdóttir
Sölu- og markaðsstjóri
Salkaforlag ehf

Sigrún Edda Jónsdóttir
Stjórnarformaður
Egilsson hf

Sigrún Guðjónsdóttir
Fv. framkv.st. Innn og Tæknivals
MBA London Business School

Sigrún Traustadóttir
Framkvæmdast. fjármálasviðs
Flugstoðir ohf

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir
Athafnakona
Táknmál ehf

Sigþrúður Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri
Landsvirkjun

Sjöfn Sigurgísladóttir
Forstjóri
Matís ohf

Soffía Gísladóttir
Framkvæmdastjóri
Símenntunarm. Eyjarfjarðar

Sofía Johnson
Framkvæmdastjóri
FKA

Sólrún Halldórsdóttir
MBA
Thunderbird, USA

Steinunn Þórðardóttir
Framkvæmdastjóri
Glitnir

Svanhvít Aðalsteinsdóttir
Stjórnarformaður
NAVIA ehf

Svava Johansen
Forstjóri
NTC hf.

Tanya Zharov
Framkvæmdastjóri
Auður Capital hf

Unnur V. Hilmarsdóttir
Framkvæmdastjóri
Dale Carnegie

Vilborg Lofts
Ráðgjafi og MPM nemi
Sjálfstætt starfandi

Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir
Deildarstjóri / Eignast. einstakl.
Glitnir

Þóra Ásgeirsdóttir
Félagsfræðingur / MBA
Kná ehf

Þóra Þorvarðardóttir
Viðskiptafræðingur
Talnaberg ehf

Þóranna Jónsdóttir
Markaðsmál og viðskiptaþróun
Auður Capital hf

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
MBA/sérleyfishafi
Pizza Hut Ísland & Finnland

Þórey Vilhjálmsdóttir
Framkvæmdastjóri
Ólöf ríka ehf

Þórunn Reynisdóttir
Forstjóri
Destination Europe

AUÐUR
FKA
Félag kvenna í atvinnurekstri
365
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS












# *Tvö hæfileikum hlaðin*

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld eru markverðir fyrir þær sakir að þar leiða saman hesta sína tveir hæfileikaríkir tónlistarmenn sem að auki skarta ættartölu sem þykir öfundsverð í tónlistarheiminum. Brasilíski hljómsveitarstjórinn John Neschling státar af skyldleika við tónskáldið og formbyltingarmanninn Arnold Schönberg. Rússneski fiðluleikarinn Natasha Korsakova er afkomandi rússneska tónskáldsins Nikolaj Rimskíj-Korsakov.

Á efnisskránni er sívinsæll fiðlukonsert eftir Brahms, en í honum lætur Natasha ljós sitt skína. Að auki leikur hljómsveitin sinfóníu nr. 2 eftir Rakmaninoff og konsertforleik eftir Carmargo Guarnieri.


**NATASHA KORSAKOVA** Feikilega hæfileikaríkur fiðluleikari.

Natasha Korsakova vakti snemma athygli fyrir tónlistarhæfileika sína og lærði meðal annars hjá föður sínum sem var rómaður fiðlukennari. Irína, ekkja Dmítrís Sjostakovitsj, bauð henni að leika á minningartónleikum um mann sinn árið 2000 og síðan hefur hún leikið með fjölda þekktra tónlistarmanna, meðal annars Gidon Kremer og Mstislav Rostropovitsj.

John Neschling fæddist í Rio de Janeiro en hefur lengi búið og starfað í Evrópu. Hann var einn af aðalstjórnendum Ríkisóperunnar í Vínarborg um árabil og var ráðinn listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo árið 1997. Hann hefur auk þess samið tónlist við fjölda brasilískra kvikmynda og var sæmdur riddarakrossi brasilísku ríkisstjórnarinnar árið 1997.

Vert er að benda á að fyrir tónleikana fer fram svokallaður Súpufundur Vinafélags Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þar mun Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur og tónlistarstjóri SÍ, segja frá verkunum sem flutt verða á tónleikunum. Fundurinn fer fram á Hótel Sögu og hefst kl. 18. Aðgangseyrir er 1.200 kr., en innifalið í því verði er bæði fyrirlestur og súpa. **- vþ**

# Bilið brúað í Breiðholti

Athyglisverð ljósmyndasýning opnar næstkomandi laugardag kl. 15 í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin nefnist Hið breiða holt og getur á henni að líta ljósmyndir sem eru afrakstur samstarfs myndlistarmanns, unglinga og eldri borgara í Breiðholti. Sýningarstjóri er myndlistarmaðurinn Berglind Jóna Hlynsdóttir, en hún vinnur mikið með ljósmyndun í list sinni.

Síðastliðið haust var auglýst eftir þátttakendum í verkefnið og voru valin tíu pör, unglingur og amma eða afi, úr hópi umsækjenda. Markmiðið var að leiða saman tvær kynslóðir, unglinga og eldri borgara, í samstarfi þar sem kynslóðirnar fá að nálgast ljósmyndina sem bæði gerendur og viðfang.

Verkefnið fór þannig fram að pörin tóku þátt í námskeiði þar sem velt var upp ýmsum spurningum um ljósmyndun. Því næst fengu þau lánaðar myndavélar og tóku myndir hvort af öðru. Sýningarstjóri tók einnig myndir af þeim saman.

Nafn sýningarinnar er skemmtilegt, enda í því fólginn orðaleikur. Nafnið vísar annars vegar til


**TVÆR KYNSLÓÐIR** Sýningin Hið breiða holt er afrakstur samstarfs listamanns, unglinga og eldri borgara.

fjölbreytileika mannlífsins í Breiðholtshverfinu, en jafnframt vísar það til þess breiða bils eða holts sem stundum er á milli kynslóðanna. **- vþ**

# Flóin ekki í skýli

Ekki verður af samstarfi Leikfélags Akureyrar og Flugsafns Íslands á Akureyrarflugvelli um að sýna þar í skemmu verkið Fló á skinni sem Leikfélagið frumsýnir 8. febrúar. Forsala miða á Flóna hefur gengið afar vel og kom þá upp sú hugmynd í röðum Leikfélagsmanna að rigga upp sýningaraðstöðu í skemmu Flugsafnsins sem gæti tekið tvisvar sinnum fleiri í sæti en rúmast í gamla Samkomuhúsinu. Flutningur á Flónni í skemmunni hefði haft í för með sér nokkrar breytingar á húsnæðinu, gólflagnir með hita og endurbætur á salernisaðstöðu sem nýst hefðu safninu til framtíðar. „Þetta var skemmtileg hugmynd og hefði verið gaman að koma henni í framkvæmd en við fellum á tíma,“ sagði Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri LA. Of stutt var til frumsýningar og framkvæmdin reyndist of flókin til að ráðið yrði við hana í tíma. Innan raða Leikfélagsmanna var litið á þessi vistaskipti sem hagkvæma lausn á rekstri sýningar sem sýnilega mun njóta góðrar aðsóknar, en stutt er síðan Leikfélagið varð að hætta sýningum í bili á Óvitum fyrir fullu húsi. Þá var talið hollt fyrir alla aðila að sjá hvernig rekstur leiksýninga gengi þar nyrðra með fimm hundruð sæta sal, en eftir rúmt ár verður Hof, menningarhúsið á Akureyri, tekið


**LEIKLIST** Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri: Flóin verður í Samkomuhúsinu.

í gagnið sem mun bylta allri aðstöðu í Eyjafirði og nærsveitum til samkomuhalds, bæði tónleika og leiksýninga, en það tekur fimm hundruð gesti í sæti.

Flugsafn Íslands er hýst á Akureyrarflugvelli og er eitt margra safna í Eyjafirði sem verðskulda heimsóknir gesta um flugvöllinn. **- pbb**

Salurinn

**LAUG 2. FEB. KL. 13**
FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR
PÉTUR OG ÚLFURINN OG MYNDIR Á SÝNINGU.

**MYRKIR MÚSÍKDAGAR**
VIKUNA 3.-10.FEB´08

**SUN 3. FEB. KL.14 OG KL.17**
NOSFERATU (1922)
MÁLÞING OG KVIKMYNDATÓNLEIKAR.
GEIR DRAUGSVOLL, HARMONIKA OG MATTIAS RODRICK, SELLÓ.

**MÁN 4. FEB KL. 20**
TRIO LURRA
NÝ SAMTÍMATÓNLIST.

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# *Kannast einhver við myndina?*

Ljósmyndasýning sem ber heitið „Þekkir þú...fjölbreytileika mannlífsins?“ verður opnuð í Minjasafni Akureyrar á laugardag kl. 14. Sýningargestum gefst tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til sýningarinnar með því að bera kennsl á andlit, hús, mannvirki og þorp sem koma fyrir á ljósmyndunum. Á sýningunni eru 70 myndir úr eigu safnsins.


**DULARFULLAR LJÓSMYNDIR** Ein af myndunum á sýningu Minjasafnsins á Akureyri.

Myndirnar eiga það sameiginlegt að uppruni þeirra og viðföng eru óþekkt. Þær eru teknar víða um landið á árunum 1920-1960 og eru flestar úr safni ljósmyndastofu Jóns og Vigfúsar á Akureyri. Það ljósmyndasafn er eitt af mörgum sem er í eigu Minjasafnsins, en ljósmyndadeild þess státar af safnkosti upp á tvær og hálfa milljón mynda. Það er því í hópi stærstu safna sinnar tegundar á landinu. Því miður eru margar myndanna óþekktar og því hefur verið brugðið á það ráð að setja upp sýningar með myndunum óþekktu. Þannig vekur safnið athygli og áhuga glöggra einstaklinga á því að koma og vita hvort þeir kannist við það sem fyrir augu ber á ljósmyndunum.

Sýningin er opin alla laugardaga eftir opnun til 26. apríl. **- vþ**



**TERRY GUNNELL** Tekur þátt í umræðum um hlutverk huldufólks í íslenskri menningu í Hafnarhúsinu í dag.

# Huldufólk við höfnina

Stórskemmtileg er sú nýjung hjá Listasafni Reykjavíkur að hafa opið í safni sínu í Hafnarhúsinu til kl. 22 á fimmtudagskvöldum. Ekki er síðri sá siður að bjóða upp á skemmtilega dagskrá á þessum kvöldopnunum.

Seinnipartinn í dag og í kvöld fara fram afskaplega áhugaverðir viðburðir í safninu. Viðburðirnir tveir eru að miklu leyti ólíkir, en eiga það þó sameiginlegt að huldufólk kemur við sögu í þeim báðum.

Heimildarmynd eftir kvikmyndagerðarmanninn Nisha Inalsingh verður á dagskrá kl. 17.30. Myndin ber titilinn Huldufólk 102 og fæst við huldufólkstrú okkar Íslendinga út frá margvíslegum sjónarhornum. Kristinn Schram þjóðfræðingur fylgir myndinni úr hlaði með nokkrum vel völdum orðum og eftir sýninguna mun Kristinn, ásamt þeim Terry Gunnell og Unni Þóru Jökulsdóttur, ræða um myndina og hlutverk huldufólks í menningarlífi og ímynd Íslands.

Seinni viðburðurinn er ekki síður spennandi. Það hefur vart farið fram hjá myndlistaráhugafólki að framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins í fyrra, sýningin Lóan er komin eftir Steingrím Eyfjörð, er nú til sýnis í Hafnarhúsinu, en í henni koma fyrir nokkrar vangaveltur um huldufólk. Efnt verður til umræðna um Tvíæringinn og gildi þátttöku Íslands í honum í kvöld kl. 20 í fjölnotasal Hafnarhússins. Hanna Styrmisdóttir sýningarstjóri og Steingrímur Eyfjörð verða þátttakendur í umræðunum, en umsjón með þeim hefur Ólöf K. Sigurðardóttir. Gestir úr sal eru eindregið hvattir til að leggja sitt til málanna, enda auðgar þátttaka sem flestra allar góðar umræður.

Það er því nóg um að vera í Hafnarhúsinu í kvöld og er vert að benda á að aðgangur að viðburðunum er ókeypis og öllum opinn. -vþ


Tónlistarskóli



**Kontrabassanám**
*Fyrir stráka og stelpur á öllum aldri.*
**Kennari: Páll Hannesson**
Páll hefur mikla reynslu af tónlistarkennslu, ásamt því að hafa leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1982.

**Fiðlunám**
*Fyrir byrjendur og lengra komna.*
**Kennari: Vera Steinsen**
Vera á að baki mjög víðtækt nám og reynslu á sviði tónlistar.

**Sellónám**
*Fyrir alla aldurshópa, byrjendur og lengra komna.*
**Kennari: Victoria Tarevskaia**
Victoria hefur lengi kennt tónlist ásamt því að hafa spilað í 7 ár með Sinfóníuhljómsveit Moldóvu og núna með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

**Hljóðfærahúsið í samstarfi við Tóney**
**Skráning fer fram hjá Tóney, Síðumúla 8, í síma 551 3888 eða á heimasíðunni www.toney.is**

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
SÍÐUMÚLA 20 - Sími 591 5350 - www.hljodfaerahusid.is



## > MÆLT MEÐ ANITU

Kvikmyndatímaritið Empire mælir með því fyrir lesendur sína að þeir fylgist grannt með kvikmyndinni Journey-3D en þar leikur Anita Briem á móti Brendan Fraser. Tímaritið birti úttekt á kvikmyndaárinu 2008 og þar kemur fátt á óvart; Bond og Indiana Jones eiga eftir að berjast um hylli áhorfenda.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Nolan minnist Ledgers í Newsweek

Ófáar stjörnur hafa tjáð hug sinn vegna ótímabærs andláts ástralska leikarans Heaths Ledger. Meðal þeirra sem hafa lýst yfir hryggð sinni og samúð eru John Travolta og Mel Gibson en hins vegar hefur lítið heyrst frá samstarfsfólki Ledgers við síðustu mynd hans, Batman-myndinni Dark Knight. En þar leikur Ledger sjálfan Jókerinn.

Á því varð hins vegar breyting í síðustu viku þegar leikstjóri myndarinnar, Chris Nolan, skrifaði minningarorð um Ledger sem birtist í Newsweek. Þar skrifar Nolan að Ledger hafi verið ótrúlega skapandi og að hann hafi hreinlega tekið sér frí á milli mynda til að finna fyrir sköpunarþörfinni. „Þeir eru ekki margir leikarar sem fá mann til að skammast sín yfir því að vera að kvarta og kveina í besta starfi heims. En Heath var einn af þeim,“ skrifar Nolan. Hann bætir einnig við að hans verði sárt saknað úr klippiherberginu þar sem hann var virkur þátttakandi. „Ég á eftir að sakna hans,“ skrifar Nolan.

Dánarorsök Ledgers hefur enn ekki verið staðfest af yfirvöldum í New York en að öllum líkindum lést hann af slysförum. Vefmiðlar hafa þó verið duglegir við að skrifa samsæriskenningar um andlátið og eru einhverjir sem telja að Ledger gæti hafa verið myrtur. Það verður hins vegar að teljast heldur ósennilegt en fjölskylda Ledgers skoðaði í gær dánarstað sonar síns í New York. Ekki liggur heldur fyrir hver verða örlög Terry Gilliam-myndarinnar The Imaginarium of Doctor Parnassus sem Ledger var byrjaður að leika í en annaðhvort mun Johnny Depp taka upp þráðinn þar sem Ledger skildi við hann eða jafnvel að tölvutækni muni leysa hann af hólmi.



**SÁRT SAKNAÐ** Leikstjórinn Chris Nolan skrifar minningargrein um leikarann í Newsweek og segir að hans verði sárt saknað.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**Walk Hard**

John C. Reilly fer með aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd Judd Aptow sem er maðurinn á bak við Knocked Up og Superbad. Að þessu sinni velur Aptow hins vegar að fara þá leið að gera grín að rokkkmyndum síðustu ára og Walk Hard fjallar um Dewey Cox sem á heldur litskrúðuga ævi; sefur meðal annars hjá 411 konum, giftist þrisvar og eignast 22 börn.

*Leikstjóri: Jake Kasdan*

*Aðalhlutverk: John C. Reilly og Tim Meadows*

*Dómur IMDB: 7,0/10*



**Sweeney Todd: The Demon Barber of Fleet**

Tvíeykið Johnny Depp og Tim Burton hafa galdrað fram margar af bestu kvikmyndum samtímans. Og nú hafa þeir félagar sameinast á ný með myndina um morðóða rakarann. Dómarinn Turpin verður ástfanginn af eiginkonu Benjamins Barker og sendir hann í útlegð fyrir engar sakir. Þegar Barker nær áttum snýr hann aftur og hefur síður en svo gleymt meðferðinni á sér.

*Leikstjóri: Tim Burton*

*Aðalhlutverk: Johnny Depp, Helen Bonham Carter og Alan Rickman*

*Dómur IMDB: 8,2*



**Untraceable**

Lögreglukonan Jennifer Marsh er á höttunum eftir stórhættulegum fjöldamorðingja sem heldur úti vefsíðu en þar geta netverjar fylgst með drápunum hans. Marsh hættir bæði lífi og limum til að reyna að fanga kauða en áður en um langt líður er hún sjálf komin efst á lista.

*Leikstjóri: Gregory Hoblit*

*Aðalhlutverk: Diane Lane og Colin Hanks*

*Dómur IMDB: 6,1*








# Og Óskarinn hlýtur ...

**Óskarsverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn 24. febrúar, ef verkfall handritshöfunda leysist. Þær fimm kvikmyndir sem berjast um styttuna eftirsóttu eru hver annarri ólíkari. Freyr Gígja Gunnarsson skoðaði hvenær fjórar þeirra verða frumsýndar hér á landi.**

Aðeins ein kvikmynd nær ekki til landsins í tæka tíð fyrir Óskarinn en það er gamanmyndin Juno eftir Jason Reitman. Hinar þrjár, Atonement, No Country for Old Men og There Will be Blood, verða allar frumsýndar í þessum mánuði en Michael Clayton rataði í kvikmyndahús borgarinnar seint á síðasta ári. Óskarinn þykir óvenju spennandi þetta árið, tilnefningarnar dreifðust óvenju jafnt og leikaraverðlaunin eru nánast ófyrirsjáanleg. Þannig er enginn aðalleikari úr Atonement tilnefndur og athygli vekur að þrátt fyrir að There Will Be Blood og No Country for Old Men séu fyrirfram taldar líklegastar til að hreppa hnossið þá hljóta þær aðeins eina leikaratilnefningu hvor. Michael Clayton fær hins vegar tvær. George Clooney og Tilda Swinton eru bæði tilnefnd fyrir leik sinn í myndinni.



**ÓGNVEKJANDI** Javier Bardem er hinn dularfulli leigumorðingi sem kastar upp peningi til að velja hvort fólk haldi lífi eða ekki.



**LÖGFRÆÐINGADRAMA** George Clooney er einn áhrifamesti maðurinn í Hollywood og því skyldi það ekki koma neinum á óvart þótt hann færi heim með Óskar frænda.



**BRESKUR RÓMANS** Keira Knightley sýnir lipur tilþrif í Atonement þótt eflaust séu einhverjir sem forðist það eins og heitan eldinn að sjá hana á hvíta tjaldinu eftir skelfinguna á sjóræningjaskipinu.

**Atonement**

Myndin er byggð á metsölubók Ians McEwan og segir frá hinni þrettán ára gömlu Briony Tallis og fjölskyldu hennar sem lifir við allsnægtir skömmu áður en seinni heimsstyrjöldin brýst út. Táningsstúlkan er bálskotin í Robbie, syni ráðsmannsins, en þegar hún kemst að því að eldri systir hennar, Cecile, og Robbie hafa fellt hug saman þá sakar hún ástina sína um hryllilegan glæp sem hann framdi ekki með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

- **Leikstjóri:** Joe Wright
- **Aðalhlutverk:** Keira Knightley, James McAvoy og Sairse Ronan
- **Frumsýnd hér á landi:** 1. febrúar
- **Tilnefningarfjöldi:** Sjö

**No Country for Old Men**

Coen-bræðurnir þykja sýna gamalkunna meistaratakta með þessari kvikmyndaútfærslu sinni af bók Cormac McCarthy. No Country fylgir eftir Llewelyn Moss sem finnur jeppa fullan af líkum, skjalatösku útroðna af peningum og slatta af heróíni í eyðimörk. Þegar Moss ákveður að taka peningana hefst atburðarás sem enginn virðist fá ráðið neitt við. Jafnvel Moss tekst ekki að hrekja á burt þá sem elta hann en í þeim hópi er dularfullur atvinnumorðingi sem lætur kastar upp peningi því hvort fólk haldi lífi eða ekki.

- **Leikstjóri:** Ethal og Joel Coen
- **Aðalhlutverk:** Josh Brolin, Tommy Lee Jones og Javier Bardem
- **Frumsýnd hér á landi:** 8. febrúar
- **Tilnefningarfjöldi:** Átta



**There Will Be Blood**

Paul Thomas Anderson hefur á undanförnum árum skipað sér í hópi virtustu og bestu leikstjóranna í Hollywood. Nýjasta myndin hans fjallar þó hvorki um klámiðnaðinn né leit fólks að hamingjunni heldur um olíujöfurinn Daniel Plainview. Plainview og sonur hans halda vestur í leit að svarta gullinu og finna það í litlum bæ þar sem olían drýpur af hverju strái. En þegar hinir fljótandi peningar hafa fært þeim auðinn og valdið þá gleyma þeir um leið tilfinningum á borð við trú, von og ást.

- **Leikstjóri:** Paul Thomas Anderson
- **Aðalhlutverk:** Paul Dano og Daniel Day-Lewis
- **Frumsýnd hér á landi:** 22. febrúar
- **Tilnefningarfjöldi:** Átta



**GAMANMYNDIR VINNA EKKI** Þótt Juno sé tilnefnd sem besta myndin er ekki mikil hefð fyrir því að gefa góðu gríni styttuna eftirsóttu.

**Juno**

Juno er táningsstúlka sem þykir reyndar óvenjugreind en þjáist samt af öllum þeim kvillum sem fylgja þessu aldursskeiði. Þegar hún verður ólétt eftir vin sinn tekur tilveran óvenjulega ubeygju. Juno ákveður strax að ættleiða barnið með stuðningi frá foreldrum sínum og finnur úthverfaparið Mark og Vanessu. Lífið er hins vegar ekki einfalt og á því fær Juno að kenna.

- **Leikstjóri:** Jason Reitman
- **Aðalhlutverk:** Ellen Page, Jason Bateman og Jennifer Garner
- **Frumsýnd hér á landi:** 29. febrúar
- **Tilnefningarfjöldi:** Fjórar

**STÓRLEIKUR** Daniel Day-Lewis er að venju í fantaformi í kvikmyndinni There Will Be Blood en Óskarsakademían elskar þennan breska stórleikara.

CITROËN

## Citroën C3 SX

**Tækniafsláttur**
**127.000 krónur**
**Tæknilegt verð**
**kr. 1.598.000***

1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 145 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,1 l/100km
Listaverð kr. 1.725.000




# Sjáðu tækni Citroën í dag

# Tæknisýningar á hjólum

Hver Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig. Þú fylgist með nýjungum. Þú vilt nútímatækni, gott verð og gæði. Þú kemur á tæknisýningar í Brimborg í dag, Bíldshöfða 8. Nýttu þér sýningarverðið. Sjáðu tæknisýningaafslætti dagsins.
*Komdu í Brimborg í dag.*

**Komdu á tæknisýningu. Allt að 261.000 kr. tækniafsláttur.**




## Citroën C5 Exclusive II

**Tækniafsláttur**
**261.000 krónur**
**Tæknilegt verð**
**kr. 2.598.000***

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur
5 dyra C02 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,6 l/100 km
Listaverð kr 2.859.000

## Citroën C4 Saloon SX

**Tækniafsláttur**
**150.000 krónur**
**Tæknilegt verð**
**kr. 1.949.000***

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 169 g/km
Eyðsla í bl. akstri 7,1 l/100 km
Listaverð kr 2.099.000




GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

*Komdu í Brimborg.*
*Þú sérð að hver og einn Citroën*
*er stór tæknisýning út af fyrir sig.*
*Vertu á tæknisýningu.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Ath. allt að 100% fjármögnun er í boði fyrir Citroën C3, C4 og C5. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og af C4 og C5 álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**Léttu þér lundina...**

*...í snjó og vetrarmyrkri með eitt stykki mímósu. Kampavín og appelsínusafi getur gert ótrúlegustu hluti fyrir þungt vetrarskap, enda mikill sumarkeimur af þeim ágæta kokkteil.*

**matur&vín**

maturogvin@

## MATGÆÐINGURINN HERA ÓLAFSDÓTTIR, LEIKSTJÓRI OG FRAMLEIÐANDI

# *Besta pestó í heimi er leynivopnið*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það er sushi. Ég borða mikið af því, þegar ég fæ tækifæri til.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það er held ég síðasta jólamáltíð, sem ég borðaði í Valencia á Spáni. Hún var heimalöguð og það var allt svakalega gott. Það sem mér fannst best var skoskur krónhjörtur og alveg geðveik sósa. Ég veit ekki hvort þetta var svona gott af því að við vorum svona langt í burtu, en þetta var alveg meiri háttar máltíð.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já. Súrmatur.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Það er pestóið sem ég geri, besta pestó í heimi. Ef ég vil ná einhverju fram gef ég fólki pestóið mitt og það fær matarást á mér um leið. Ég nota ýmislegt í það sem er ekki í hefðbundnum uppskriftum, en ég mun sko ekki segja frá því. Það verður leyndarmál áfram.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég fæ mér ávaxtasmoothie, drekk sojamjólk og borða meira prótín og minna kolvetni. Maður veit að manni líður betur af því, þó maður fari ekki alltaf eftir því.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Það er alltaf til mjólk, ostur og pepperóní, en það er reyndar bara fyrir son minn. Fyrir mig er hins vegar alltaf til sojamjólk og djús.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Þar kæmist maður væntanlega í hráan fisk, svo ég gæti borðað sushi alla daga. Svo væri flott að hafa með sér nautakjöt til að geta fengið sér eina góða blóðuga steik inn á milli.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég er svo opin fyrir nýjungum að ég man hreinlega ekki eftir neinu. Það er ekkert sem hefur verið það skrítið að það sitji í mér.



# Breytingar á Gló

Ýmsar breytingar hafa átt sér stað á veitingastaðnum Gló. Staðurinn, sem leggur mikið upp úr lífrænu og hollu fæði, hefur stækkað við sig með sal sem tekur um 35 manns í sæti. „Núna höfum við huggulega aðstöðu til að taka að okkur mannfagnaði. Um leið og við opnuðum vorum við farin að fá beiðnir um að taka að okkur afmælisveislur, stúdentsveislur og fleira, sem var eitthvað sem við sáum ekki fyrir,“ segir Guðlaug Pétursdóttir, sem á staðinn ásamt manni sínum, Guðna Gunnarssyni.

Á prjónunum er einnig lengdur afgreiðslutími, sem mun breytast upp úr 1. mars, að sögn Guðlaugar. „Þá ætlum við að hafa opið til hálf átta, svo að fólk geti auðveldlega komið við og tekið með sér mat heim. Núna er opið til klukkan sex, en við höfum tekið á móti stærri hópum á kvöldin. Þá kemur fólk og borðar góðan mat, og biður jafnvel um fyrirlestur frá Guðna,“ útskýrir Guðlaug. Gló hefur nú einnig opið frá 10 til 15 á laugardögum, og segir Guðlaug mikið um að fólk leggi leið sína á veitingastaðinn til að borða góðan mat í góðum félagsskap. Nýfengið vínveitingaleyfi býður svo einnig upp á að gestir geti dreypt á eins og einu hvítvínsglasi með matnum.

Gló er til húsa í Listhúsinu að Engjateigi. Nánari upplýsingar er að finna á glo.is. - sun



**GLÓ Á LAUGARDÖGUM** Breytingar hafa átt sér stað á veitingastaðnum Gló. Hann er nú einnig opinn á laugardögum fyrir þá sem vilja hefja helgina á lífrænum og hollum mat. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fjölbreyttur rótarbjór

Þrátt fyrir nafnið er rótarbjór ekki áfengur, heldur algjörlega óáfengur gosdrykkur. Mörgum finnst rótarbjór vondur – „eins og að drekka tannkrem“ er algeng niðurstaða Íslendinga.

Mest er drukkið af rótarbjór í Bandaríkjunum. Rótarbjórinn á þó ekki roð í aðra gosdrykki þar og er bara 3 prósent af gosdrykkjamarkaðinum. Einnig eru fáanleg afbrigði af rótarbjór í Kanada, Ástralíu og víða í Asíu, en Evrópubúar hafa ekki kveikt á perunni enn. Eins og nafnið bendir til er helsta bragðefni rótarbjórs rætur, nánar tiltekið rætur trjátegundanna sassafras og sarsaparilla, en ýmsum bragðefnum eins og vanillu, lakkrís, anís og múskat er bætt við. Rótarbjór er fáanlegur í „létt“ útgáfum og með og án koffíns.

Rótarbjór er ekki seldur á Íslandi nema á amerískum dögum í Hagkaupum einu sinni á ári. Síðast kláruðust birgðirnar upp á hvílíkum methraða, einum degi, að það er spurning hvort Hagkaup ætti ekki að bjóða upp á þessa vöru allt árið um kring.




# Indverskt í eldhúsi Karls

**Karl Eiríksson þekkir grænmetisfæði inn og út. Hann og kona hans, Valentína Björnsdóttir, eiga og reka Móður náttúru og slá ekki heldur slöku við í eldhúsinu heima við.**

„Við höfum bæði alveg svakalega mikinn áhuga á mat og mér finnst alltaf jafn gaman að elda,“ segir Karl, sem lætur lesendum Fréttablaðsins í té uppskriftir sem eiga rætur sínar að rekja til indverskrar matarhefðar. „Þetta er gott, hollt og þar að auki ódýrt hráefni. Það þarf nefnilega alls ekki að verða mjög dýrt að elda svona veislumat,“ segir Karl. „Ég valdi líka linsurétt af því að þær eru hvað einfaldastar af baununum. Þær þurfa ekki að liggja í bleyti og þær rauðu eru fljótar að sjóða. Þetta er svona hjól með hjálpardekkjum fyrir þá sem eru að byrja,“ segir hann og hlær við.

Karl og Valentína bjóða upp á námskeið fyrir áhugafólk um matreiðslu grænmetisrétta. „Við stofnuðum fyrirtækið fyrir fjórum árum og höfum varla haft tíma í námskeiðin síðan. Nú höfum við meira svigrúm,“ segir Karl.

„Við höfum orðið vör við mikinn áhuga á þessu, en líka að margir eru svolítið hræddir við að byrja,“ bætir hann við. Fjögur námskeið eru fram undan í febrúar, og er frekari upplýsingar að finna á síðunni modirnattura.is.

Tveir nýir réttir úr smiðju Karls og Valentínu munu svo rata í búðir undir merkjum Móður náttúru í vikunni, en þessir réttir eru unnir í samvinnu við næringarfræðing.

Hér er um að ræða einstaklingsrétti með hýðishrísgrjónum, annan með tikka masala og hinn með thai-karríi handa þeim sem vilja hollan skyndibita.



**HOLLT, GOTT OG ÓDÝRT** Karl Eiríksson segir það mikinn misskilning að veislumáltíðir kalli endilega á rándýrt hráefni. Hann býður upp á hollan og góðan indverskan veislumat. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**DAL**
- 2 ½ rauðar linsur
- 1 tsk salt
- ½ tsk turmerik
- ½ tsk chiliduft
- 7 ½ dl vatn
- 4 msk. matarolía
- 1 stór laukur fínt skorinn
- 1 hvítlauksrif
- 1 tsk. rifin engiferrót
- 1 tómatur skorinn í bita
- 2 msk. sítrónusafi
- 1 tsk. garam masala
- 2 msk. ferskur kóríander

**KARTÖFLUKLATTAR**
- Olía til steikingar
- 500 gr soðnar kartöflur flysjaðar
- 1 tsk. chilli
- 1 tsk. kóríanderduft
- ½ tsk. kardimommuduft
- 1 msk. tómatpúré
- ½ bolli frosnar grænar baunir
- 2 msk. ferskur kóríander saxaður
- 2 tsk. salt
- 1 egg hrært

**Dal:** Sjóðið linsur með salti, turmeriki og chili-dufti í 25 mín. Steikið lauk í olíu ásamt hvítlauk og engiferi. Bætið tómati og sítrónusafa út í og blandið vel saman. Soðnum linsum hrært saman við og fersku kóríander stráð yfir.

**Kartöfluklattar:** Stappið kartöflur. Hrærið öllu hráefni nema eggi saman við með sleif. Mótið litla klatta og veltið upp úr eggi. Steikið á heitri pönnu í um 2 mínútur á hvorri hlið.




# Granatepli og fíkjur í salatið

Þeir eru eflaust margir sem hafa strengt þess heit að borða meira af grænmeti og ávöxtum á nýju ári. Salöt með mat eru vel til þess fallin að fá hollustu í mataræðið, en heilinn þreytist fljótt á tómötum og gúrkum. Marentza Poulsen er hafsjór fróðleiks um hvernig má gera salötin meira spennandi fyrir bæði augu og maga.

„Allt grænt salat er gott með góðri dressingu, en svo er einnig gott að blanda ávöxtum saman við það,“ bendir hún á. Marentza notar oft og tíðum granatepli, sem sjá salatinu bæði fyrir ferskleika og eru þar að auki mikið augnayndi. „Afhýtt mangó, skorið í strimla eða teninga, og ferskar gráfíkjur í bátum er líka tilvalið í salatið, og bæði gott og fallegt,“ segir hún. Radísur í þunnum sneiðum, og fínt skorið rauðkál fer líka vel í grænt salat.

„Appelsínur í teningum eru mjög góðar, og líka ferskar ferskjur í bátum. Flott salat sem ég er oft með er blanda af grænu salati, ferskjum, mozzarellaosti í teningum, hráskinku og basilíku,“ útskýrir Marentza. Hægt er að lífga enn frekar upp á salötin með því að strá ristuðum hnetum yfir það, eða brauðteningum sem hefur verið velt upp úr bragðbættri olíublöndu. „Mér þykir líka bæði fallegt og gott að blanda kryddjurtum, eins og kóríander og myntu, saman við salat,“ bendir Marentza á.

Landsmenn ættu því að geta leyft gúrkunni að hvíla sig aðeins og róa á ný mið í salatgerðinni. - sun



**SPENNANDI SALÖT** Marentza Poulsen lumar á ýmsum ábendingum til að gera salöt áhugaverðari fyrir bæði augu og munn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Hefðbundið teboð

Þeir eru margir sem hafa notið síðdegistedrykkju á ferðalögum um Bretlandseyjar, enda er hefðin fyrir slíkum samsætum gríðarlega sterk þar í landi. Það er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða skammdegisþungum Íslendingum á slíka samkomu þegar tækifæri gefst til, og þá er nánast ómissandi að láta hefðbundið meðlæti fylgja, nefnilega bollurnar sem Bretarnir kalla scones.

Uppskriftir að skonsunum bresku er að finna í miklu magni á netinu, enda eru þær til í ýmsum útgáfum. Þessi uppskrift, sem finna má á síðunni allrecipes.com, státar af því að vera nokkuð einföld útfærsla, en rúsínunum má skipta út fyrir annað. Erlendu skonsurnar eru oftar en ekki bornar fram með sultu og „clotted cream“, sem gæti verið erfitt að komast yfir hér á landi. Þeir sem ekki treysta sér í eigin framleiðslu á honum gætu notað stífþeyttan rjóma, eða haldið sig við smjör og sultu.

**SCONES**
8 stykki
1¾ bolli hveiti
4 msk. lyftiduft
¼ bolli sykur
1/8 tsk. salt
5 msk. ósaltað smjör
½ bolli rúsínur
½ bolli mjólk
¼ bolli sýrður rjómi
1 egg
1 msk. mjólk

Hitið ofninn í 200°C. Sigtið hveiti, lyftiduft, sykur og salt saman í skál. Klípið smjörið ofan í, þar til það er í bitum á stærð við baunir. Hrærið rúsínum saman við. Blandið mjólk og sýrðum rjóma í bolla, hellið yfir þurrefnin og hrærið varlega þangað til deigið hefur blandast vel. Varist að eiga of mikið við deigið.

Mótið bollur úr deiginu. Miðað er við að uppskriftin dugi í átta bollur. Setjið á bökunarpappír, og fletjið bollurnar örlítið. Þeytið saman egg og 1 msk. mjólk, penslið skonsurnar og bíðið í um 10 mín. Bakið í 10-15 mín., eða þar til efri hlutinn er gullinbrúnn. Skerið eða brjótið hverja skonsu í tvennt.



**BRESKAR SKONSUR** Bollurnar sem á ensku heita scones eru ómissandi fylgifiskur teboða þar í landi. NORDICPHOTOS/GETTY


# Nýtt blað með Fréttablaðinu á föstudögum

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**




Hanna Stína
innanhúsarkítekt hannar heimili ríka fólksins.

Frosti Gnarr
og fataskápurinn.

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson
á svala skrifstofu.






# Veislan heldur áfram

Á bóndadaginn kynnti Rauðará girnilegan matseðil: steikarveislu, villibráðarveislu og humarveislu. Skemmst er frá því að segja að undirtektir voru frábærar og því heldur veislan áfram.



## Steikarveisla 5.900.- með víni 8.400.-

**Forréttur:** Koníaksbætt rjómahumarsúpa

**Aðalréttur:** Eldsteikt lambafille með bakaðri kartöflu og rauðvínssósu eða nautapiparsteik með piparsósu

**Desert:** Ítölsk ostaterta í bolla með ferskum jarðarberjum



## Villibráðarveisla 6.900.- með víni 9.400.-

**Forréttur:** Grafin gæsabringa með bláberjabalsamic ásamt andalifrarmús og rauðvínssoðnum lauk

**Aðalréttur:** Hreindýramedalíur með gamaldags rjómasósu

**Desert:** Heilög þrenning, eplapæ, eplamúffin og tartar tartín



## Humarveisla 6.900.- með víni 9.400.-

**Forréttur:** Grillaður humar í skel með villisveppa rísotto

**Aðalréttur:** Nautasteik New Orleans með crembrulle lauk

**Desert:** Heit súkkulaðiterta með vanilluís og jarðarberjasósu

– ástríðufullur veitingastaður með fersku yfirbragði



Guðmundur Viðarsson, yfirkokkur

RAUÐARÁ
RESTAURANT

RAUÐARÁRSTÍG 37
SÍMI 562 6766
WWW.RAUDARA.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/RAU 40912 01/08

**> EKKI KYNÞOKKAFULL**
Scarlett Johansson segir það víðs fjarri sannleikanum að hún sé kyntákn. „Mér finnst ég ekki vera kyntákn! Hárgreiðslu- og förðunarfólkið mitt þarf að eyða fleiri, fleiri klukkutímum í að klína málningu framan í mig til þess að gera mig eitthvað kynþokkafyllri,“ segir leikkonan.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Gleði til góðverka í MR í dag

Nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík taka í dag þátt í samstarfsverkefni málfundafélagsins Framtíðarinnar og Unicef. Það gengur undir nafninu Gleði til góðgerða. Nemendur bregða þá á leik og safna áheitum til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

Framtakið á rætur sínar að rekja til janúar 2005, þegar nemendur vildu leggja sitt af mörkum til að hjálpa fórnarlömbum flóðbylgnanna í Asíu og ári síðar rann fjárstyrkurinn til fórnarlamba jarðskjálftans í Pakistan. „Í fyrra og í ár höfum við verið blessunarlega laus við stórslys, svo við leituðum til Unicef,“ útskýrir Magnús Þorlákur Lúðvíksson, forseti Framtíðarinnar.

Meginþorri fjárframlaga kemur frá nemendum sjálfum, enda eru það aðallega þeir sem njóta góðs af glensinu. Um 200 til 300 þúsund krónur hafa safnast á ári hverju, og vonast Magnús til að samanlögð framlög nái í ár einni milljón króna.

Halldór Kristján Þorsteinsson er einn þeirra sem bregður á leik í dag, en hann einsetti sér að birtast í fimm fjölmiðlum á sama degi.

Uppátæki Halldórs er bara eitt dæmi um hugmyndaauðgi nemenda. „Ég veit til þess að gjaldkeri skólafélagsins ætlar að vera í náttfötum í skólanum allan daginn. Annar ætlar að vera ber að ofan, og svo er einn nemandi með samvaxnar augabrúnir sem ætlar að láta skipta þeim í þrennt. Það verður fróðlegt,“ segir Halldór og hlær við. „Svo er alltaf klassískt að reyna við kennarana, tala í rímum eða syngja allan daginn,“ útskýrir hann. - sun



**FIMMFALDUR HALLDÓR** Birtist Halldór Kristján Þorsteinsson í fimm fjölmiðlum í dag munu 30 þúsund krónur renna til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Skype í gegnum PSP

Sony-fyrirtækið hefur gefið út nýja hugbúnaðaruppfærslu fyrir PSP-leikjatölvuna sem felur í sér að hún getur nú tekið á móti símtölum og hringt á netinu í gegnum Skype-þjónustuna.

Skype gerir það mögulegt að hringja í aðra Skype-notendur frítt yfir netið auk þess sem hægt er að hringja í aðra síma gegn vægri greiðslu. Einnig er hægt að senda og taka á móti talskilaboðum frá yfir 200 milljónum Skype-notenda víðs vegar um heiminn.

Þeir sem vilja nota Skype í gegnum PSP þurfa að uppfæra hugbúnaðinn í útgáfu 3.90, skrá sig og spjalla síðan með því að nota heyrnartól og fjarstýringu.



**PSP** Nú er hægt að nota Skype í gegnum PSP-leikjatölvuna.

# Svart fyrir lygar og valdníðslu

**Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var málað með svörtu yfir almenningslistaverk á vegum listakonunnar Sólveigar Dagmarar Þórisdóttur í Þjóðarbókhlöðunni. Þau sem máluðu yfir verkin hafa nú gefið sig fram og segjast með þessu hafa verið að tjá sína túlkun á dvöl og brotthvarfi hersins hér á landi.**

Þau Snorri Páll Jónsson og Steinunn Gunnlaugsdóttir, sem stóðu fyrir gjörningnum, segjast ekki hafa verið að fremja skemmdarverk á myndunum heldur einfaldlega að tjá sínar hugsanir. Í bréfi sem þau sendu Sólveigu eftir gjörning sinn segir meðal annars: „Við hlustum ekki og beitum valdamisnotkun til að sýna afleiðingar hennar. Við málum allt svart, svart fyrir lygar, valdníðslu, græðgi og þvinganir. Ástandið er viðbjóðslegt. Tungan er svört af lygum, þeirra sem þegja með stríði, hvetja og styðja. Við málum því allt svart,“ skrifa þau og bæta við spurningunni hver sé eiginlega listamaðurinn í þessu verki en yfirlýsingin er birt í heild sinni á vefsíðu þeirra aftaka.org.

Sýningin ber yfirskriftina För hersins, gjörninga- og ljósmyndasýning og gafst gestum Þjóðarbókhlöðunnar kostur á að tjá sig um dvöl og brotthvarf hersins á fjóra hvíta striga. Að sögn Þorsteins Hallgrímssonar, aðstoðarbókavarðar í Þjóðarbókhlöðunni, hafði töluverður fjöldi tjáð hugsanir sínar um herinn og voru allir fjórir strigarnir þaktir fjölbreyttum myndum af öllum stærðum og gerðum.

Snorri Páll sagði í samtali við Fréttablaðið að þau Steinunn hefðu aldrei verið í neinum feluleik með þetta. Þau hefðu meira að segja tekið myndir af sínum gjörningi. Og hann undrar sig á því af hverju ekki hafi verið haft samband við þau. Þátttaka þeirra hafi falist í því að taka ekki við fyrirframgefnum valmöguleikum, það er að nota þá málningu og pensla sem boðið er upp á. „Með því vildum við sýna hvernig stríð, yfirvald og valdamisnotkun virkar, það valtar yfir manneskjurnar,“ segir Snorri. Aðspurður hvort ekki hefði nægt að þekja einn af fjórum strigum með þessari svörtu málningu segir Snorri að þeim hafi einfaldlega þótt þetta miklu táknrænna.

freyrgigja@frettabladid.is



**MÁLAÐ YFIR** Þau Snorri og Steinunn notuðu rúllur til að mála yfir þær myndir sem fyrir voru á Þjóðarbókhlöðunni



**SPRENGJUHÖLLIN** Hljómsveitin Sprengjuhöllin spilar á árlegu Svitaballi Röskvu á Organ.

# Sprengjuhöll á Svitaballi

Hið árlega Svitaball Röskvu verður haldið á skemmtistaðnum Organ á föstudagskvöld þar sem hljómsveitin Sprengjuhöllin leikur fyrir dansi. „Það mæta allir með svitabönd og í pínulítið hallærislegum klæðnaði,“ segir Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs. „Krumpugallar eru alltaf mjög vinsælir en annars er þetta allt með frjálsri aðferð og þetta er alltaf ógeðslega skemmtilegt.“

Veitt verða verðlaun fyrir bestu búningana og segist Dagný Ósk vitaskuld ætla að mæta í sínu fínasta pússi. „Ég er komin með nokkra hluti en þeir eru leyndarmál. Þetta verður samt örugglega þröngt og litríkt.“ - fb


# Frostavetur framundan

**Verð áður 27.600 kr.**

**Verð nú 13.800 kr.**



**Þessi úlpa er með 90% dún og 10% fiður og er hún tilvalin flík fyrir frostavetra.**

**Tindur dúnúlpa fæst í svörtu og olive/svörtu**

**ÚTSÖLUMARKAÐUR**

66° NORÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík • Glerárgötu 32, Akureyri. www.66north.is


# Nornasveimur á öskudaginn

Gleðiþrennan bollu-, sprengi- og öskudagur kemur snemma í ár. Herlegheitin hellast yfir okkur í næstu viku. Bakarar og kjötiðnaðarmenn hafa brett upp ermarnar og búningasölufólk stendur í ströngu. Hvaða búningar skyldu vera vinsælastir í ár?

Einari Arnarssyni, verslunarstjóra Hókus Pókus á Laugavegi, sýnist hauskúputískan úr þungarokkinu hafa smitast inn í búningatísku barnanna. „Drungalegir draugabúningar eru vinsælastir í ár, bæði hjá strákum og stelpum,“ segir hann. „Þetta hefur kannski eitthvað með bandarísku hrekkjavökutískuna að gera líka. Krakkarnir eru mikið í svörtu, eru nornir, vampírur og böðlar.“

Karítas Rós Einarsdóttir, verslunarstjóri Just 4 Kids, tekur í sama streng: „Nornabúningurinn er langvinsælastur hjá stelpunum. Ég kann í sjálfu sér enga skýringu á því að ungar stelpur vilja vera nornir á öskudaginn nema þá kannski að þessir búningar eru mjög flottir. Þeir eru svartir og með flottum litum í bland, fjólublátt og silfrað. Hjá strákunum er svo vinsælast að vera kúreki og sjóræningi, en samúræja-búningurinn er líka vinsæll.“



**NORNIR OG DRAUGAR BIRTAST EFTIR VIKU** Öskupokar heyra hins vegar sögunni til.

Víðir Heiðdal hjá Toys „R“ Us kannast ekki við vinsældir nornatískunnar. „Jú, við seljum svo sem eitthvað af nornabúningum en hjá okkur eru tveir aðrir búningar miklu vinsælli hjá stelpunum; annars vegar klappstýrubúningurinn úr High School Musical-þáttunum og svo öskubuskubúningur. Sá er mjög sniðugur, hann getur bæði verið eins og öskubuska í eldhúsinu og svo er honum snúið við og þá er hann eins og öskubuska í veislunni. Hjá strákunum eru Star Wars og Turtles-búningarnir vinsælastir.“ - glh

# Landsins stærsta

# Skósprengja

## Hefst í dag

kl:10.00

Lágmark

**50%** afsláttur

Allt að **90%** afsláttur

## Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

### Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE MIST | kl. 5.30 - 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 7 |
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 5.20 ótextuð | 12 |
| THE MIST | kl. 8 - 10.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| PERSEPOLIS | kl. 8 - 10 Enskur texti | 14 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10* | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 10 | 16 |

*KRAFTSÝNING

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50D -8D -10:20D | 12 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 - 8 -10:20 | VIP |
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 - 8 -10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 8 | 14 |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 | L |
| AMERICAN GANGSTER | Síðustu sýningar kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8D - 10:20D | 12 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:40 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 8 | L |
| THE NANNY DIARIES | kl. 10:10 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 - 10 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 - 10 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| NANNY DIARIES | kl. 8 | L |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 8 og 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5 | 10 |


# Ég þroskast



**HLJÓMSVEITIN ÉG** Róbert Örn þenur sig á Organ í kvöld.

Hljómsveitin Ég spilar á Organ í kvöld upp úr klukkan níu. Á undan ætlar Steindór Ingi Snorrason að leika eigin lög. Róbert Örn Hjálmtýsson er aðalsprautan í Mér. „Við spilum bland af báðum plötunum okkar og líka mikið af nýju plötunni. Hún er tilbúin og heitir Lúxus upplifun. Stjörnuspáin mín sagði mér að ég mætti ekki segja nákvæmlega hvenær hún kemur út en það verður bráðlega.“

Lúxus upplifun verður þriðja plata Mín. „Ég myndi tvímælalaust segja að þetta væri besta platan okkar,“ segir Róbert. „Hún er líkari fyrstu plötunni músíklega en með attitjúd seinni plötunnar. Samt með meiri þroska en báðar til samans. Sama grúvið og gleðin og leitin að gæsahúðinni er þó alltaf á sínum stað.“

Róbert segir textana snerta sálina. „Á Lúxus upplifun er fjallað um sjálfselsku, eigingirni, flótta, fjölmiðla, fordóma og tilgang lífsins. Já og líka um væmni, yndisleika og ást. Lagið Helgi er farið í spilun og það er um algengan hugsunarhátt og vandræði hjá Íslendingum.“

Knattspyrnukempan Eiður Smári borgaði útgáfuna á síðustu plötu Mín en Róbert segir æskuvin sinn ekki ætla að punga út fyrir Lúxus upplifun. „Nei, það er ákveðið fyrirtæki sem borgar brúsann núna. Hljómsveitin hefur líka þroskast á því sviði.“ **- glh**

# Tvö þúsund manns mótmæltu niðurrifi í miðbænum

**Forsvarsmenn tónlistarhátíðarinnar Látíð í bæ, sem var haldin á Sirkus um síðustu helgi til að mótmæla niðurrifi húsa í miðbænum, afhentu Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra undirskriftalista með um tvö þúsund nöfnum í Ráðhúsinu í gær.**



**UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR** Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fékk undirskriftirnar afhentar í gær. Svavar Pétur Eysteinsson stendur næst borgarstjóra á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þessi fjöldi er miklu meiri en við bjuggumst við og þetta sýnir að fleiri en okkur stendur á sama,“ segir Svavar Pétur Eysteinsson, meðlimur Skakkamanage og einn af skipuleggjendum Látíðar í bæ. Borgarstjóri tók á móti undirskriftarlista með tvö þúsund nöfnum í gær. Undirskriftalistinn var búinn til af starfsfólki og kúnnum á Sirkus sem vildu mótmæla niðurrifi húsa í miðbænum. Eftir að hafa gengið á milli fólks á hátíðinni fór listinn á netið þar sem fjöldi fólks sýndi stuðning sinn í verki.

Svavar Pétur segir að hingað til hafi stjórnmálamenn lítið skipt sér af hátíðinni en fundurinn með Ólafi hafi verið skref í rétta átt. „Við vonum bara að ráðamenn séu að hlusta á okkur og almenning og taki mark á þessum undirskriftum, hugsi sinn gang og hætti við þessa hugsjón að þurfa að jafna hluti við jörðu til að byggja annað upp. Það á frekar að viðhalda því sem er til staðar og gera það enn fallegra,“ segir Svavar, sem er alsæll yfir þeirri athygli sem hátíðin fékk. Bæði sé það almenningi að þakka og þeim listamönnum sem tóku þátt.

Hr. Örlygur, sem stendur fyrir tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem stjórnvöld voru hvött til að hætta við niðurrif Sirkuss. „Við vonumst til að Húsafriðunarnefnd, Ferðamálastofa og hagsmunaðilar innan ferðaþjónustunnar láti í sér heyra til verndunar þessa kennileitis og aðdráttarafls fyrir erlenda ferðamenn. Sem og að aðrir sem starfa að tónlistar- og menningarlífi í landinu leggi sín lóð á vogarskálarnar til að forða því menningarslysi sem nú er í uppsiglingu,“ sagði í yfirlýsingunni. **freyr@frettabladid.is**

# Tónleikar til heiðurs Eagles

Tónlistarmennirnir Eyjólfur Kristjánsson og Davíð Smári Harðarson ætla að efna til tvennra tónleika í Borgarleikhúsinu 19. mars til heiðurs bandarísku hljómsveitinni The Eagles.



**TILBÚNIR FYRIR THE EAGLES** Félagarnir Eyjólfur Kristjánsson og Davíð Smári Harðarson efna til tvennra Eagles-tónleika í Borgarleikhúsinu 19. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við duttum inn á þetta ég og Davíð Smári. Okkur fannst vera alveg kominn tími á þetta. Þetta hefur aldrei verið gert hérna heima,“ segir Eyjólfur. Auk Eyjólfs og Davíðs Smára tekur stórskotalið söngvara og hljóðfæraleikara þátt í tónleikunum, þar á meðal Björgin Halldórsson, Stefán Hilmarsson, Björn Jörundur, Sigurjón Brink, Jón Ólafsson og Jóhann Hjörleifsson. Einnig þótti viðeigandi að fréttamaðurinn Sigmundur Ernir, eða „Eagle“, Rúnarsson yrði kynnir tónleikanna.

„Við ætlum að vera með „greatest hits“. Við tökum örugglega eitt lag af nýju plötunni og svo er þetta bara Hotel California, Take it to the Limit, Tequila Sunrise, Desperado og fleiri lög,“ segir Eyjólfur. „Þegar ég byrja að spila á kassagítar ellefu, tólf ára gamall þá eru Eagles að byrja. Þetta er draumur kassagítarleikarans að hlusta á þessi lög og það má segja að mín fyrstu skref í tónlistinni hafi verið í gegnum þessa amerísku suðurríkja-kántrítónlist.“ Davíð Smári segist einnig hafa hlustað á Eagles síðan hann var lítill. „Maður hefur tekið eitt og eitt Eagles-lag á tónleikum og alltaf þetta klassíska, Hotel California,“ segir hann. „Ég hef tekið það bæði í reggíútgáfu og þungarokksútgáfu.“

Að sögn Eyjólfs voru allir sem hann talaði við tilbúnir að taka þátt í verkefninu. „Menn eru strax farnir að hlakka til að æfa og spila þessi lög en það þarf að vinna í sándinu því þetta er ofsalega mikil gítartónlist.“

Fyrri tónleikarnir í Borgarleikhúsinu verða haldnir klukkan 20 og þeir síðari klukkan 22.30. **- fb**





Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

# SENSAI

## CELLULAR PERFORMANCE

**Upplífgandi upplyfting**

SENSAI CELLULAR PERFORMANCE LIFTING MASK (PEEL-OFF)
er kærkomin viðbót við SENSAI CELLULAR PERFORMANCE Lifting línuna.
Maskinn vinnur gegn þreyttri og slappri húð.
Einstakt innihaldsefni Natural Musculifter vinnur að því
að veita orku til vöðva andlitsins til þess að þeir styrkist.
Veittu húðinni og sálinni upplífgandi upplyftingu.

**Fáðu húð þína til þess að ljóma sem aldrei fyrr með SENSAI.**

## SENSAI DAGAR Í HAGKAUPUM

Sérfræðingar munu bjóða upp á húðgreiningartölvu í Kringlu og faglega ráðgjöf í Smáralind, fimmtudag, föstudag og laugardag. Vertu velkomin að koma og kynnast því nýjasta frá landi sólarupprásarinnar. Kynningartilboð í öllum verslunum.



www.sensai-cosmetics.com

Kanebo
INTERNATIONAL

Gildir 2. febrúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Forföll í landsliðinu

Sex leikmenn íslenska landsliðsins hafa boðað forföll í æfingamótinu sem hefst um helgina. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari valdi 30 leikmenn í landsliðshópinn en nú standa aðeins 24 eftir. Veigar Páll Gunnarsson, Kristján Örn Sigurðsson, Matthías Guðmundsson og Jóhannes Karl Guðjónsson eru allir meiddir en þeir Grétar Rafn Steinsson og Ólafur Ingi Skúlason fengu báðir frí frá þessu verkefni. Fyrsti leikur liðsins verður á laugardaginn klukkan 14.00 þegar leikið verður við Hvít-Rússa. Á mánudaginn verður leikið við heimamenn á Möltu og Armenar verða mótherjarnir miðvikudaginn 6. febrúar.



sport

sport@frettabladid.is

HEIÐAR HELGUSON, BOLTON: KOMINN Á FULLT EFTIR AÐ HAFA VERIÐ LENGI FRÁ VEGNA MEIÐSLA

# *Verð að grípa tækifærið er það gefst*

Harðjaxlinn Heiðar Helguson er kominn á fullt hjá Bolton í ensku úrvalsdeildinni eftir að hafa jafnað sig á erfiðum ökklameiðslum sem hafa haldið honum frá keppni síðan í lok ágúst á síðasta ári. Heiðar var í leikmannahópi Bolton gegn fyrrum félagi sínu Fulham í fyrrakvöld og spilaði síðustu sjö mínútur leiksins.

„Það er bara mjög jákvætt að vera kominn aftur á fullt skrið enda heldur betur kominn tími til," sagði Heiðar sem var aðeins búinn að leika þrjá leiki og skora eitt mark fyrir Bolton þegar meiðslasagan byrjaði.

„Þetta var nú ekki alveg sú byrjun sem ég var að vonast eftir hjá Bolton, en svona er þetta stundum í fótboltanum. Þú veist aldrei hvað gerist næst. Aðgerðin átti í sjálfu sér ekki að vera neitt flókin og læknarnir áttu ekki von á því að ég yrði lengur frá en í rúman mánuð. Þannig að sá tími umfram það var óneitanlega mjög pirrandi en það var bara ekkert að gera í stöðunni en að halda áfram og gera allt sitt til þess að koma sterkur til baka."

Heiðar vonast eftir því að fá tækifæri með liðinu á næstunni. „Það er eitt að meiðast fljótlega eftir að maður fer að leika með nýju félagi en annað ef það sé skipt um knattspyrnustjóra einnig. Ég hef náttúrulega þannig séð ekki mikla reynslu af Gary Megson sem knattspyrnustjóra enn sem komið er, en er búinn að vera að æfa 100% með liðinu í janúar og það er vissulega jákvætt að hafa verið valinn í leikmannahópinn gegn Fulham og fá að spila nokkrar mínútur," sagði Heiðar en breskir fjölmiðlar hafa reyndar sagt Bolton ætla að kaupa nýjan framherja eftir að Nicolas Anelka yfirgaf félagið. „Það gæti vissulega haft einhver áhrif á stöðu mína hjá Bolton ef nýr framherji kæmi til félagsins á næstu dögum. Því ef Megson kaupir framherja sem kostar mikinn pening í janúarglugganum, þá liggur það í augum uppi að hann mun spila honum til þess að réttláta kaupin. Hvað sem verður, þá veit ég það alla vega að það er undir mér komið að grípa tækifærið þegar það gefst," sagði Heiðar að lokum.





**KEYRT AÐ KÖRFU** Ólöf Helga Pálsdóttir sækir hér að körfu Haukastúlkna í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Iceland Express-deild kvenna:

## Öruggir sigrar

**KÖRFUBOLTI** Keflavík og Grindavík unnu bæði örugga sigra í leikjum sínum í Iceland Express-deild kvenna í gær og sitja þar með hlið við hlið á toppi deildarinnar þegar þau mætast í undanúrslitum Lýsingarbikars kvenna á sunnudagskvöldið.

Grindavík vann 14 stiga sigur á Haukum, 80-66, þar sem Grindavíkurstúlkur lögðu grunninn að sigrinum með góðum endakafla í fyrri hálfleik (enduðu hann 12-3) og frábærri byrjun á fjórða leikhluta þar sem Grindavík breytti stöðunni úr 55-50 í 74-54 á þremur og hálfri mínútu. Bestar hjá Grindavíkur voru: Tiffany Roberson sem fór hamförum í fyrri hálfleik þar sem hún var með 17 stig og 15 fráköst (af 25 stigum og 20 fráköstum).

Ingibjörg Jakobsdóttir sem skoraði 11 stig í öðrum leikhluta en spilaði aðeins í tvær mínútur utan hans og Petrúnella Skúladóttir sem skoraði 8 stig á kaflanum í upphafi lokaleikhlutans. Haukaliðið virkaði bensínlaust, Kiera Hardy byrjaði vel og skoraði 14 stig í 1. leikhluta en hitti síðan aðeins 4 af síðustu 18 skotum sínum þar sem hún hékk á boltanum og stoppaði allt flæði í Haukasókninni sem komst lítið áfram gegn Grindavík í seinni hálfleik.

Keflavík vann tíu stiga sigur, 97-87, á KR en Keflavíkurliðið var með frumkvæðið eftir góðan sprett í lok fyrsta leikhluta þar sem liðið skoraði 17 stig gegn 8 og komst 27-21 yfir. Keflavík var 53-42 yfir í hálfleik og var komið 22 stigum yfir um miðjan fjórða leikhluta, 93-71, en KR-liðið lagaði stöðuna í lokin. Monique Martin sem setti stigamet þegar hún skoraði 65 stig í síðasta leik liðanna skoraði „aðeins" 46 að þessu sinni. - óój

N1 N1 DEILD KVENNA
Fimmtudagur 31. janúar
Mýrin kl. 20:00
Stjarnan - Grótta
Framhús kl. 20:00
Fram - FH

# Andersson á lista HSÍ

**Svíinn Magnus Andersson er á meðal þeirra þjálfara sem HSÍ er með á lista í leit sinni að arftaka Alfreðs Gíslasonar. Andersson er margreyndur sænskur landsliðsmaður sem þjálfar Arnór Atlason og félaga í FCK um þessar mundir.**

**HANDBOLTI** Leit HSÍ að arftaka Alfreðs Gíslasonar er í fullum gangi þessa dagana. HSÍ er að skoða sína valmöguleika um þessar mundir og athuga áhuga þjálfara á starfinu. Eins og fram hefur komið útilokar HSÍ ekki að ráða erlendan þjálfara og er þegar byrjað að þreifa fyrir sér á þeim vettvangi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einn af þeim mönnum sem HSÍ er að athuga um þessar mundir Svíinn Magnus Andersson. Hann er hluti af gullaldarliði Svía, gríðarlega öflugur og útsjónarsamur miðjumaður. Hann þjálfar danska félagið FCK um þessar mundir en með því leikur landsliðsmaðurinn Arnór Atlason.

Fréttablaðið hafði samband við Andersson í gær vegna málsins og hann þvertók með öllu að ræða málið. Vildi hvorki játa því né neita að hafa rætt við HSÍ.

Fréttablaðið talaði í gær við fjölda erlendra þjálfara, sem það taldi koma til greina hjá HSÍ, um íslenska landsliðið og hvort HSÍ hefði haft samband við þá.

Meðal þeirra sem hringt var í eru fyrrum félagar Andersson úr landsliðinu - þeir Mats Olsson og Per Carlén - en þeir höfðu ekki heyrt í HSÍ og vildu lítið tjá sig um hvort þeir hefðu áhuga á íslenska landsliðinu ef til þeirra væri leitað. Olsson er að þjálfa portúgalska landsliðið en Carlén þjálfar Malmö í Svíþjóð.

„Magnus er stórgóður þjálfari. Hann er meiri sérfræðingur í sóknarleik en varnarleik líkt og hann var sem leikmaður. Hann var frábær leikmaður og er enn góður. Það er hálfvandræðalegt þegar hann er með á æfingum. Hann er með miklar og góðar pælingar," sagði Arnór Atlason, lærisveinn Anderssons hjá FCK, um þjálfarann sinn.

„Hann er ekki mjög harður þjálfari. Hann er mikill félagi og ef ég ætti að segja eitthvað neikvætt um hann þá er það að hann sé helst til of linur. Hann er ekki mikill harðstjóri en ég hef samt ekkert nema gott um hann að segja."

Hinn 41 árs gamli Andersson á ákaflega glæstan feril sem leikmaður. Hann spilaði 307 landsleiki fyrir Svíþjóð og skoraði í þeim 922 mörk. Hann varð tvisvar heimsmeistari með Svíum, þrisvar Evrópumeistari og fékk þrjú silfur á Ólympíuleikunum.

Hans fyrsta þjálfarastarf var hjá sænska liðinu Drott árið 2001 en hann gerði Drott að meisturum á fyrsta ári sínu með liðið. Hann var þar til ársins 2005 er hann fór til FCK í Danmörku og hver veit nema hann fari næst til Íslands?

henry@frettabladid.is



**Á FERÐINNI MEÐ LANDSLIÐINU** Andersson, sem er einn besti miðjumaður síðustu ára, sést hér í landsleik með Svíum gegn Frökkum árið 2000. Hann glímir þarna við annan af betri miðjumönnum síðustu áratuga, Jackson Richardson. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express-deild kvk:*

**Keflavík-KR 97-87**

**Stig Keflavíkur:** Kesha Watson 28, Susanne Biemer 18, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 14 (7 frák.), Birna Valgarðsdóttir 9, Pálína Gunnlaugsdóttir 9, Margrét Kara Sturludóttir 5 (9 frák. 5 stoðs.), Ástrós Skúladóttir 2, Rannveig Randversdóttir 2.

**Stig KR:** Monique Martin 46 (12 frák.), Sigrún Ámundadóttir 18 (12 frák.), Guðrún Ámundadóttir 5, Hildur Sigurðardóttir 4 (6 stoðs.), Helga Einarsdóttir 4, Rakel Viggósdóttir 1.

**Grindavík-Haukar 80-66**

**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 25 (20 frák.), Petrúnella Skúladóttir 14, Ingibjörg Skúladóttir 11 (öll í 2. leikhluta), Jovana Lilja Stefánsdóttir 9 (5 stoðs.), Joanna Skiba 7 (11 stoðs.), Íris Sverrisdóttir 6, Helga Rut Hallgrímsdóttir 4, Ólöf Helga Pálsdóttir 4 (7 stoðs.).

**Stig Hauka:** Kiera Hardy 22 (10 frák.), Kristrún Sigurjónsdóttir 12, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 11 (13 frák.), Unnur Tara Jónsdóttir 11, Kristín Fjóla Reynisdóttir 4, Sara Pálmadóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 2, Ösp Jóhannsdóttir 2.

*Enska úrvalsdeildin:*

**Chelsea-Reading 1-0**
1-0 Michael Ballack (32.).

**Derby-Man. City 1-1**
1-0 Sun Jihai, sjm (46.), 1-1 Daniel Sturridge (63.).

**Everton-Tottenham 0-0**

**Man. Utd.-Portsmouth 2-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (10.), 2-0 Cristiano Ronaldo (13.).

**West Ham-Liverpool 1-0**
1-0 Mark Noble, víti (90+3).

KSÍ flautar á konurnar:

## Komið að dæma

**FÓTBOLTI** KSÍ hefur mikinn áhuga á að fjölga konum í dómgæslu og hefur af því tilefni ákveðið að halda dómaranámskeið eingöngu fyrir konur. Það er stefna hjá FIFA að konur dæmi alla kvennaleiki á vegum þess.

Námskeiðið verður sunnudaginn 24. febrúar. Á heimasíðu KSÍ kemur fram áskorun þar sem allar konur sem hafa áhuga á þessum málaflokki eru hvattar til að mæta. Þær sem hafa áhuga á að taka þátt í námskeiðinu geta sent póst á magnus@ksi.is. - óój

Fimm leikir í ensku úrvalsdeildinni - Man. Utd og Chelsea gefa ekkert eftir:

# Ronaldo sá um Portsmouth

**FÓTBOLTI** Fimm leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Gott gengi Man. Utd og Chelsea hélt áfram en Liverpool missteig sig enn og aftur gegn West Ham.

Það tók Man. Utd ekki langan tíma að afgreiða Portsmouth. Portúgalska undrabarnið Cristiano Ronaldo kom United yfir eftir aðeins tíu mínútna leik er hann slapp í gegnum vörn Portsmouth og lagði boltann laglega á nærstöngina, framhjá David James, markverði Portsmouth. Aðeins þrem mínútum síðar skoraði Ronaldo eitt af mörkum ársins er hann klíndi boltann í samskeytin beint úr aukaspyrnu. James gat ekkert annað en fylgst með og dáðst að skoti Portúgalans.

Hermann Hreiðarsson byrjaði á bekknum hjá Portsmouth en kom inn í hálfleik fyrir Sylvain Distin. Ívar Ingimarsson var í liði Reading sem tapaði fyrir Chelsea en Brynjar Björn gat ekki spilað vegna meiðsla.

Vonbrigðatímabil Liverpool hélt síðan áfram en liðið tapaði fyrir West Ham á Upton Park. Mark Noble skoraði sigurmarkið úr vítaspyrnu í uppbótartíma eftir að Jamie Carragher hafði brotið klaufalega á Freddie Ljungberg - hbg



**ÓTRÚLEGUR** Cristiano Ronaldo afgreiddi Portsmouth í gær með tveim laglegum mörkum á þriggja mínútna kafla. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**MARK** Michael Ballack skorar hér fyrir Chelsea. Ívar Ingimarsson á enga möguleika á að stöðva Þjóðverjann. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

# Kuldi er afstæður!



**Vandaðar úlpur:**

**2.990.-**

**Verð áður:**

**4.990.-**



**Levi's gallabuxur frá 1.990.-**

**Dockers vinnubuxur á herra frá 990.-**

**Úrval af skóm frá 990.-**

**Outlet 10**

## Faxafeni 10

**Opið alla virka daga og á laugardögum frá 11 til 18**

**Sendum í póstkröfu út á land!**

## > Liam Neeson



Liam Neeson leikur á móti Laura Linney í kvikmyndinni Kinsey sem er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þau tvö leika hjón í kvikmynd. Liam Neeson hefur haft eftir sér að þeim tveimur líði eins og gömlum hjónum í hvert sinn sem þau hittast.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TEKUR DEXTER FAGNANDI

## *Hagur sjónvarpssófans fer að vænkast*



Nú fer hagur sjónvarpssófans míns að vænkast. Ég sé það nefnilega á honum að hann hefur saknað mín töluvert síðustu vikur. Mér sýnist hins vegar á öllu að ég gæti þurft að miskunna mig yfir hann hvað úr hverju, þar sem sjónvarpsdagskráin virðist vera að taka kipp.

Fyrst og fremst er góðvinur minn, Dexter Morgan, snúinn aftur úr útlegð á Skjá einum. Ég hef saknað hans sárt, enda eru þættirnir um dagsfarsprúða morðingjann afbragðsgóðir. Fyrstu þættirnir í nýrri seríu lofa góðu. Mér hefur þegar verið boðið upp á að engjast um af samkennd með aðalhetjunni vegna þeirra sálrænu erfiðleika sem hamla honum við uppáhaldsiðju sína, að fremja borð. Þá er ekki síður skemmtilegt að fylgjast með systurinni Deb takast á við það áfall sem fylgdi því að komast að því að ástmaður hennar væri í raun fjöldamorðingi. Hvort þetta ber vitni um kolsvartan lit á eigin sál mun ég láta liggja á milli hluta.

Til að jafna þetta út kemur þátturinn Pushing Daisies á Stöð 2 sterkur inn. Ég hef ekki gerst svo fræg að sjá hann ennþá, en hef þegar heyrt ýmislegt notalegt um þáttaröðina. Fyrir utan söguþráðinn, sem mér skilst að hafi fallið í kramið hjá gagnrýnendum ytra, á þátturinn víst að vera veisla fyrir augað, nokkuð sem mér þykir aldrei leiðinlegt. Ég bind miklar vonir við að þáttaröðin verði konfektkassi fyrir bæði augu og biksvarta sál. Ég veit ekki hvort brotthvarf þáttaraðarinnar Phenomenon geti flokkast sem fengur, en það er ekki langt frá því. Einhver dyntótt örlaganorn hefur hagað málum þannig að ég hef slysast til að sjá tvo þætti af þeirri vitleysu. Finnst engum nema mér yfirmáta hallærislegt að sýna sjónhverfingar í sjónvarpi? Svo ekki sé nú minnst á þá Uri Geller og Criss Angel sem ég fæ meiri kjánahroll af að fylgjast með en liðsmenn INXS hérna um árið. Þar að auki fellur sú hugmynd framleiðanda að fá fyrrverandi-frægt-fólk til að taka þátt í töfrabrögðunum ekki alveg í kramið hjá mér. Það er að minnsta kosti of pínlegt fyrir mína parta, og ég sé ekki á eftir Phenomenon.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00 House** SKJÁR EINN



▶ **20.50 American Dad 3** SIRKUS



▶ **21.05 Flight Of The Conchords** STÖÐ 2



▶ **21.30 Klovn 2** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 21 Grams** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** e.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Prinsinn af Bengal** (2:3) e.

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Svona var það** (19:22) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð.

**20.45 Bræður og systur** Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

▶**21.30 Trúður** (1:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.10 Gatan** (4:6) (The Street) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi. e.

**00.10 Kastljós**

**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Kinsey**

**08.00 The Perez Family** (e)

**10.00 Spy Kids 3-D. Game Over**

**12.00 Not Without My Daughter** (e)

**14.00 The Perez Family** (e)

**16.00 Spy Kids 3-D. Game Over**

**18.00 Not Without My Daughter** (e) (Aldrei án dóttur minnar)

**20.00 Kinsey**

▶**22.00 21 Grams** verðlaunakvikmynd með Óskarsverðlaunaleikkurunum Sean Penn og Benicio Del Toro

**00.00 Nine Lives**

**02.00 Bodywork**

**04.00 21 Grams**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Tommi og Jenni**

**07.50 Kalli kanína og félagar**

**08.00 Kalli kanína og félagar**

**08.05 Kalli kanína og félagar**

**08.10 Wife Swap**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 The Bold and the Beautiful**

**09.25 Wings of Love** (114:120)

**10.10 Sisters** (5:22) (e)

**10.55 The New Adventures of Old Chr** (13:13)

**11.25 Örlagadagurinn** (13:30)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Wings of Love** (33:120)

**13.55 Wings of Love** (34:120)

**14.40 Pirate Master** (14:14)

**16.05 Nornafélagið**

**16.28 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.53 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.03 Magic Schoolbus**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag og íþróttir**

**19.25 The Simpsons** (e)

**19.50 Friends 2**

**20.15 Back To You** (5:10) Spánnýr og sprenghlægilegur gamanþáttur

**20.40 Two and a Half Men** (24:24)

▶**21.05 Flight of the Conchords** (2:12) Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára

**21.30 Numbers** (16:24)

**22.15 All About George**

**23.05 Pressa** (5:6)

**23.55 Cold Case** (2:23)

**00.40 Les Miserables**

**02.50 Treed Murray**

**04.20 Flight of the Conchords** (e)

**04.50 Two and a Half Men** (e)

**05.10 The Simpsons** (e)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Atl. Madrid - Valencia Spænska bikarkeppnin**

**16.30 Atl. Madrid - Valencia Spænska bikarkeppnin**

**18.10 PGA Tour 2008 -** Hápunktar

**19.05 Inside the PGA**

**19.30 Inside Sport** (Graham Poll) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

**20.00 World's Strongest Man 2007**

**20.30 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

**21.10 Barcelona - villarreal Spænska bikarkeppnin** Útsending frá leik Barcelona og Villarreal í spænsku bikarkeppninni.

**22.50 Road to the Superbowl 2008** Liðin sem leika til úrslita um Ofurskálina skoðuð í bak og fyrir og leið þeirra í úrslitaleikin rakin. Frábær þáttur sem áhugamenn um NFL mega ekki láta framhjá sér fara.

**23.45 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of Poker 2007)

**00.40 Ultimate Blackjack Tour 1**

## SÝN 2

**07.00 West Ham - Liverpool** Útsending frá leik West Ham og Liverpool sem fór fram í gær.

**15.00 Everton - Tottenham** Útsending frá leik Everton og Tottenham sem fór fram í gær.

**16.40 Man. Utd. - Portsmouth** Útsending frá leik Man. Utd og Portsmouth sem fór fram í gær.

**18.20 Chelsea - Reading** Útsending frá leik Chelsea og Reading sem fór fram í gær.

**20.00 English Premier League**

**21.00 Premier League World**

**21.30 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)

**22.00 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)

**22.30 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna)

**23.30 English Premier League**

**00.30 West Ham - Liverpool** Útsending frá leik West Ham og Liverpool sem fór fram miðvikudaginn 30. janúar

## SKJÁREINN

**07.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**15.45 Vörutorg**

**16.45 Skólahreysti** (e)

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 The Drew Carey Show** (e)

**19.00 Dýravinir** (e)

**19.30 Game tíví** (3:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 The Office** (7:25) Fréttir berast af því að það eigi að loka skrifstofunni í Scanton. Á meðan Michael reynir að hughreysta starfsfólkið fara allir að ímynda sér hvernig líf þeirra væri ef þau væru ekki að vinna á skrifstofuni.

**20.30 30 Rock** (20:21)

▶**21.00 House** (22:24) Unglingsstúlka hóstar upp blóði og ástand hennar versnar snögglega. House telur sig vita hvað er af henni þótt ekkert bendi til þess að hann hafi á réttu að standa. Hann stendur fast á sínu jafnvel þótt þrjóska hans gæti dregið stúlkuna til dauða.

**22.00 C.S.I. Miami** (14:24) Lögreglumaður er myrtur þegar hann er að flytja vopn sem lögreglan heftur gert upptæk. Þetta er fyrri hluti af spennandi sögu þar sem óvíst er hvort allir í rannsóknardeildinni lifa af.

**22.50 The Drew Carey Show**

**23.15 Canada's Next Top Model** (e)

**00.15 Dexter** (e)

**01.15 NÁTTHRAFNAR**

**01.15 C.S.I. Miami**

**02.00 Ripley's Believe it or not!**

**02.45 The World's Wildest Police Videos**

**03.30 Vörutorg**

**04.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Þreytist þú eftir langan vinnudag?







Lausnin gæti einfaldlega verið að skipta reglulega um stellingar. Núna bjóðum við úrval af hæðarstillanlegum rafmagnsskrifborðum.

## Verð frá kr. 49.900



BROS 0137/2007

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

www.skrifstofa.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15
### Back to you




Kelsey Grammer úr Fraiser og Patrica Heaton úr Everybody Loves Raymond fara á kostum í hreint mögnuðum gamanþáttum. Grammer leikur vinsælan og óþolandi sjálfumglaðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina, þar sem enn þá starfar sem fréttalesari gamla kærastan og barnsmóðir hans, sem leikin er af Heaton. Þættirnir koma úr smiðju höfunda Frasier og Friends.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Desperate Housewives
### Sjónvarpið kl.22.25

Nýjasta syrpan í hinni geysivinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Svörtu sönggyðjurnar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Í sviðsvængnum: George Tabori
**23.10** Krossgötur
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (113:260)
**16.30 Hollyoaks** (114:260)
**17.00 Talk Show With Spike Feresten** (5:22)
**17.25 The War at Home** (15:22) (e)
**17.50 American Dad 3** (16:19)
**18.15 Wildfire** (7:13) (Wildfire 2) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
**19.00 Hollyoaks** (113:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (114:260)
**20.00 Talk Show With Spike Feresten** (5:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
**20.25 The War at Home** (15:22) (e)
▶**20.50 American Dad 3** (16:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum.
**21.15 Wildfire** (7:13)
**22.00 Gossip Girl** (4:22)
**22.45 Nip/Tuck** (3:14)
**23.35 The Closer** (9:15)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Randver**
**21.30 Hvernig er heilsan** Guðjón Bergmann leitar svara hjá sérfræðingum og öðrum snillingum.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** D¢dens Detektiver **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Arbejdsliv - find et job **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Barda **16.30** Fandango med Christian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Ærlig talt **20.50** SportNyt **20.55** Spice Girls er tilbage! **21.55** Biker Boyz **23.35** Boogie Update

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** NM på ski 2008: 15 km fri menn **13.30** Migrapolis **14.00** Fabrikken **14.30** Heilt vilt **15.05** Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.01** Den lille blå dragen **17.09** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Krafttaket **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Nattsøsteren **21.30** Uti vår hage 2 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Livets porto **23.40** P3tv live **00.40** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.00** Mellan raderna **10.05** Katten, musen, tiotusen - turkiska **10.15** Animated Bible Stories **10.25** Wiz Quiz **10.40** Barn i södra Libanon **10.50** Nöjesnytt **11.00** Rapport **11.05** Landet som Stalin tog **14.30** Dubbat **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Radiohjälpen: Kronprinsessan Victorias fond **16.05** Venedig, den sjunkande staden **17.00** BoliBompa **17.20** Lycka är... **17.25** Krumelurdjur **17.30** Mamma Spindels alla små kryp **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Brottet **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Mördarnas jungfru **01.00** Out of Practice **01.25** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Það er bara skyrboost. Ég hræri saman skyri, banana, smá fjörmjólk og klaka og kannski fleiri ávöxtum. Það er mjög mikil orka í þessu og þetta endist mér vel.“*

Magnús Ver Magnússon kraftakarl.

# Vertar mega leyfa reykingar

„Ef vertar leyfa getur þú gert þér glaðan dag og kveikt í sígarettu innanhúss. Ef þú vilt taka á því sénsinn að ramba ekki akkúrat á fulltrúa heilbrigðisyfirvalda sem kemur á staðinn kannski einu sinni á ári. Hann getur kært þig en ábyrgðin er þín,“ segir Baldvin Samúelsson, annar eigenda Barsins á Laugavegi.

Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að umhverfissvið borgarinnar myndi þann dag mæta til að innsigla reykingaaðstöðu innandyra á Barnum. Örn Sigurðsson sviðsstjóri tjáði blaðinu að ef ekki bærust andmæli frá eigendum yrði gengið í verkið. Að morgni mánudags barst hins vegar andsvar frá lögmanni Baldvins. Og borgin hefur ekki innsiglað enn. Samkvæmt frétt 24 stunda í gær, þar sem vitnað er í Örn, stendur borgin nánast ráðþrota gagnvart laganna staf – úrræðalaus. Hinar óheimilu reykingar eru sem sagt, samkvæmt lögmanni, ekki á ábyrgð verta heldur gestanna sjálfra.

Í andmælum Hilmars Birgissonar, lögmanns Barsins, er meðal annars bent á að reykingar í til þess gerðum rýmum á veitingastöðum standist ekki stjórnarskrá né meginreglu eins og hún birtist í jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar. Þá vekur athygli að í bréfi borgarinnar er ekki vísað til ákvæða laga um tóbaksvarnir vegna meintra brota. Ástæðuna segir Hilmar í bréfi sínu væntanlega ákvæði 20. gr. laga 6/2002 um tóbaksvarnir um viðurlög sem „mælir eingöngu fyrir um heimild til að sekta þann sem reykir, en mælir ekki fyrir um viðlög umráðamanns eða eiganda húsakynna“. Og þar stendur hnífurinn í kúnni.

„Þeir mega ekki einu sinni sekta okkur né segja neitt við því kveiki gestir sér í sígarettum. Þessi lög eru bara skrípaleikur. Vaðið í þetta af algeru fyrirhyggjuleysi,“ segir Ragnar Ólafur Magnússon, hinn eigandi staðarins, en þeir félagar íhuga jafnvel að setja öskubakka á borð staðarins. Málið verður svo rætt betur á væntanlegum fundi Félags kráareigenda. - jbg



**RAGNAR OG BALDVIN** Segja fyrirliggjandi að ekki sé hægt að sekta eigendur veitingastaða vegna reykinga innandyra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** fyrirhöfn **6.** rykkorn **8.** geislahjúpur **9.** gljúfur **11.** frá **12.** súla **14.** transistor **16.** ætíð **17.** nagdýr **18.** tunnu **20.** 999 **21.** veikja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hluta sólahrings **3.** þurrka út **4.** mergð **5.** kóf **7.** fjarrita **10.** hjör **13.** lærdómur **15.** stefna **16.** andi **19.** kringum.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** ómak, **6.** ar, **8.** ára, **9.** gil, **11.** af, **12.** stöng, **14.** smári, **16.** sí, **17.** mús, **18.** ámu, **20.** im, **21.** lama.

**LÓÐRÉTT:** **1.** dags, **3.** má, **4.** aragrúi, **5.** kaf, **7.** ritsíma, **10.** löm, **13.** nám, **15.** ismi, **16.** sál, **19.** um.






ÍSLENSK ÚTRÁS: MYNDLISTARSÝNING Á MELROSE PLACE

# Hulda Hákon til Hollywood

„Já, ég er að fara að sýna úti í Hollywood. Gaman að því. Í mars. Á Melrose Place af öllum stöðum,“ segir Hulda Hákon myndlistarkona.

Hulda er einn af þekktari og virtari myndlistarmönnum þjóðarinnar. Og vegur hennar fer vaxandi. Hún kemur við sögu í janúarhefti Elle Magazine, amerísku útgáfunnar en þar er Victoria Beckham á forsíðu. Þar er viðtal við Tia Cibani sem er yfirhönnuður hjá tískufyrirtækinu Ports1961. Cibani segir Huldu uppáhaldsmyndlistarmann sinn og er mynd af hönnuðinum við eitt verka Huldu. Ports1961 er með útibú í helstu tískuborgum heims, London, París, Róm, Dubai og New York. Nú stendur til að opna útibú í Hollywood og því er efnt til þessarar sýningar.

Að sögn Huldu var Tia Cibani stödd hér á landi síðastliðið vor. Þá var verið að vinna greinar fyrir tímaritin Vogue og Harpers Basar. Cibani kom hingað gagngert til að sækja sér andagift og áhrif í fatalínur fyrirtækisins. En hún flækist um heim allan í leit eftir áhrifum. Hún sá þá verk eftir Huldu og varð svona líka ægilega hrifin. Keypti þrjú verk.

„Ég er muse fyrir haustlínuna 2007. Sem mér finnst fyndið. En Ísland er alltaf að komast betur og betur á kortið. Hingað kemur alls konar fólk. Alvöru safnarar eins og þessi kona.“

Hulda ætlar að sýna þrjú stór verk og einhver léttari á Melrose Place. Er nú að undirbúa sýninguna en lágmyndir hennar eru oft stór og mikil verk sem geta reynst erfið í flutningi.

Hulda, sem hefur farið um heim allan, Peking, Moskvu, New York og allt þar á milli bæði til að vinna og sýna, segir gaman að leiðin liggi nú til Hollywood. „Búin að meika það? Neineinei, alls ekki. Mér finnst ég bara einhvern veginn gjörþekkja staðinn. Það eru svo miklar upplýsingar þaðan.“

Mikið opnunarhóf verður í tilefni sýningarinnar og hinnar nýju verslunar. Myndlistarmaðurinn Jón Óskar er eiginmaður Huldu og hann fær að fara með. „Fær að fara“ er reyndar ekki rétt því Hulda hefur lagt hart að honum að fara með. „Ég er svo lítið inni í þessum Hollywood-myndum. Og er stressuð að hitta einhverja fræga leikara og vita ekki hverjir þeir eru. Gera mig að fífli. Ég verð að hafa Jón til að hvísla í eyrað á mér.“

jakob@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HULDA HÁKON** Vonar að hún geri sig ekki að fífli rekist hún á einhvern frægan leikara sem hún á að þekkja en gerir ekki.



**HULDA Í ELLE** Hönnuðurinn Tia Cibani segir Huldu uppáhaldsmyndlistarmann sinn en þarna er hún við eitt verka Huldu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Svanhildi Hólm** og félögum í Íslandi í dag berst góður liðsauki á næstunni þegar fjölmiðlakonan **Sigurlaug Margrét Jónasdóttir** hefur störf þar á bæ. Sigurlaug, sem er dóttir útvarpsmannsins **Jónasar Jónassonar**, er landskunn útvarpskona og starfaði síðast hjá Ríkisútvarpinu. Þar áður stjórnaði hún sjónvarpsþættinum Fyrstu skrefin.



Íslensku rokkararnir í Brain Police, með trommarann **Jón Björn Ríkharðsson** fremstan í flokki, hafa bókað sig á South By Southwest-tónlistarhátíðina sem haldin verður í Texas í mars. Hátíðin þykir góður stökkpallur fyrir bönd til að koma sér á framfæri og þar hafa þó nokkur íslensk bönd spilað síðustu ár. Óstaðfestar fregnir herma að hljómsveitirnar FM Belfast og Reykjavík! komi einnig fram á hátíðinni í ár.



Eftir fárviðri virðast vindar vera að snúast hvað **Sigga Sigurjóns** og félaga í Spaugstofunni varðar, og fólk farið að tjá sig um rétt þeirra til að gera grín. Inn á síðu þeirra á ruv.is rignir inn baráttukveðjum. Athyglisverðasta innleggið hlýtur að teljast framlag fatlaðs manns, Balla, sem telur óþolandi að ekki megi gera grín að fötlun sinni. Einmitt það haldi sér utanveltu í þjóðfélaginu. Hinir eiginlegu fordómar þrífist best meðal þeirra sem stöðugt móðgast fyrir hönd annarra.



-hdm/jbg






# Konur og karlar skoða byssur

Vélbyssur, skammbyssur, herrifflar og haglabyssur eru á meðal þess sem verður til sýnis á árlegri byssusýningu Veiðisafnsins á Stokkseyri um helgina.

Að sögn Páls Reynissonar, sem rekur safnið, verður sýningin sú viðamesta frá upphafi. „Þetta verður í tveimur sölum og mikið lagt í. Það verður fullt af nýjum byssum en líka notaðar og gamlar, bara öll flóran. Þetta hefur verið mjög vel sótt alveg frá byrjun og hingað kemur fólk á öllum aldri, konur jafnt sem karlar.“

Fjöldi uppstoppaðra dýra er einnig til sýnis á safninu og því getur fólk notið skotvopnanna í einstöku umhverfi. „Eftir að ég opnaði nýja salinn hef ég líka verið með lifandi hleðsluverkstæði. Uppi í Árbæjarsafni eru bakaðar lummur en á Veiðisafninu situr veiðimaðurinn á góðum degi og hleður skot.“

Á sýningunni verða einnig til sýnis byssur sem ekki tilheyra grunnsýningu safnsins, auk skotvopna úr einkasöfnum, meðal annars frá Sverri Scheving Thorsteinssyni, Guðjóni Valdimarssyni, Sigurfinni Jónssyni og Páli Reynissyni, að ógleymdum Drífu-haglabyssunum frá Jóni Björnssyni heitnum frá Dalvík.

Sýningin stendur yfir frá kl. 11 til 18 á laugardag og sunnudag í húsakynnum Veiðisafnsins að Eyrarbraut 49. Nánari upplýsingar um safnið má sjá á hunting.is. - fb



**BYSSUR OG DÝR** Nóg af byssum og uppstoppuðum dýrum verða til sýnis í Veiðisafninu.

**PÁLL REYNISSON** Páll heldur sína árlegu byssusýningu um helgina.

# KALDIR DAGAR



SILVER NANO er gott dæmi um hina byltingakenndu Nano-tækni. Silfrið í nano-stærð hefur þann eiginleika að eyða bakteríum. Ransóknir hafa staðfest að SILVER NANO dauðhreinsar hátt í 700 tegundir baktería. Þessi staðreynd er fyrst og fremst bylting í öryggi og heilsuvernd neytenda – en ekki síður gleðiefni, því líftími matvæla í SILVER NANO kæliskápum er margfalt lengri en í öðrum skápum. Nýting hráefnisins er mun betri og býður upp á umtalsverðan sparnað.
Síðast en ekki síst heyrir vond lykt úr kæliskápum sögunni til – þökk sé SILVER NANO.

*NÝ TÆKNI*

**SILVER NANO**

drepur bakteríur

SAMSUNG



AEG

# 15-20% AFSLÁTTUR

## AF KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM

31. JANÚAR – 9. FEBRÚAR

OPNAR DYR AÐ AEG GÆÐUM

**ORMSSON**

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| LÁGMÚLA 8 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-EGILSSTÖÐUM | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Ólafs Sindra Ólafssonar

## Rottumaðurinn

Sigmund Freud lýsti eitt sinn samskiptum sínum við sjúkling sem hann nefndi Rottumanninn. Þannig var, að þegar Rottumaðurinn var ungur, tók faðir hans sig eitt sinn til og misþyrmdi honum heiftarlega. Í stað þess að taka barsmíðunum þegjandi fylltist hinn verðandi Rottumaður heilagri bræði og jós svívirðingum yfir föður sinn á milli högga. En þar sem hann var ungur og óflekkaður kunni hann engin ljót orð. Hann greip því til þess sem var nærtækast og kallaði föður sinn nöfnum alls þess sem hendi var næst: „Lampinn þinn! Handklæðið þitt! Diskurinn þinn!“

**VIÐ** horfðum á Rottumanninn endurfæðast í beinni útsendingu frá Ráðhúsinu um daginn. Vildarvinirnir Villi og Óli höfðu í sameiningu áttað sig á því að hvorugur hafði nokkru að tapa og ákveðið að fara út með hvelli. Fórnarlömb leikfléttunnar sendu út fjöldapóst til unglinga og bentu á að réttast væri að mæta á staðinn í heiftúðugu skapi og láta heyra í sér. Einhverjir mættu.

**STEMNINGIN** varð fljótt eins og á kappleik. Það var baulað og púað og klappað og hlegið. Örfáum var verulega misboðið, langflestum þótti æðislega gaman. Nema hvað, þá kemur hápunkturinn. Kvislingurinn Óli kemur í pontu og nú skapast gott tækifæri til að þeyta á hann eins og einu pereati. Aldrei fyrr hefur nokkur maður legið jafn vel við höggi og allar aðstæður voru sem ákjósanlegastar til að skapa ódauðlega svívirðingu. Spennan magnaðist og ég sat bísperrtur á sætisbrúninni minni heima og hækkaði í sjónvarpinu.

**OG** þá gerðist það. Af öllum fulltrúum móðgaðra þurfti Rottumaðurinn að taka af skarið. Ekki Hörður Torfa sem hefði getað snarað saman ádeilukvæði á staðnum, ekki Dr. Gunni sem orti um Gamla góða Villa með hártoppinn sinn og geðsjúklinginn. Nei, það var Rottumaðurinn, ísmeygilegt langleitt gerpi, sem tróð sér fram og hrópaði: „Þú ert ekki fokking borgarstjóri!“ Fagurfræðilegt jafngildi þess að hrópa „Púltið þitt! Tjörnin þín! Jakkafötin þín!“ Þvílíkt andstyggðar antíklæmax.

**STJÓRNMÁLIN** verða æ grárri. Meira að segja á mestu umbrotatímum í sögu borgarstjórnar Reykjavíkur er eins og allir stjórnmálamennirnir sem koma við sögu séu í gruggugu geðlyfjamóki. Hvergi púls. Múlbundnir og tenntir varnöglum hliðra þeir sér við að taka slaginn. Kalla frekar á krakkana sína. Og í róstum reynslulausra hlýtur Rottumaðurinn að skjóta upp skottinu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 31. janúar, 31. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.13 | 13.41 | 17.10 |
| Akureyri | 10.11 | 13.26 | 16.41 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


